
**SKOÐUN** Guðmundur Ragnarsson skrifar um samfélag á leið í uppgjör. 15


**MENNING** Yfirlitssýning á þrjátíu ára ferli Ámunda Sigurðssonar. 20


**LÍFIÐ** Laufey Jónsdóttir gerir portrett eftir viðtöl við ókunnuga. 24


**SPORT** Sölvi Geir spilaði sinn fyrsta leik í kínversku úrvalsdeildinni. 26


Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU Í NÚLLINU!
365
365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
11. mars 2015
59. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


# Reglum ekki fylgt við vistunarmat aldraðra

Ítrekað hefur verið við hjúkrunarheimili á Austurlandi að fylgja reglum við úthlutun plássa á heimilunum. Talið er að fólk í minni þörf hafi farið fram fyrir röðina.

**VELFERÐARMÁL** „Hafi orðið misbrestur á þá er búið að ítreka og tryggja að það verði ekki aftur,“ segir Rúnar Sigurður Reynisson, læknir og formaður vistunarmatsnefndar á Austurlandi.

Grunur hefur verið um að ekki hafi alltaf verið farið eftir reglum um vistunarmat þegar valið er inn á hjúkrunarheimili á Austurlandi. Þegar pláss losnar, á lögum samkvæmt að láta vistunarmatsnefnd vita sem svo úthlutar plássi eftir því hvort viðkomandi er í mikilli eða lítilli þörf fyrir pláss.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur þetta meðal annars valdið því að aldraðir einstaklingar sem teljast útskriftarhæfir fá ekki pláss á því hjúkrunarheimili sem þeir hafa sótt um og þurft að vera á spítala í yfir ár, meðan aðrir í minni þörf fyrir pláss hafa komist inn á hjúkrunarheimilin.

Rúnar segir bréf hafa verið sent til forstöðumanna hjúkrunarheimilanna til þess að ítreka að þessum reglum sé fylgt.

„Það var einhver kvittur um að það hafi ekki alltaf verið farið fullkomlega eftir þessu,“ segir Rúnar. „Núna er það alveg skýrt að það er enginn tekinn inn á hjúkrunarheimili án þess að hafa samband við starfsmann nefndarinnar og fá nafn þess sem er næstur inn.“



**„Það var einhver kvittur um að það hafi ekki alltaf verið farið fullkomlega eftir þessu.**

*Rúnar Sigurður Reynisson, formaður vistunarmatsnefndar á Austurlandi.*

Landlæknir sendi hjúkrunarheimilum á Austurlandi bréf þar sem minnt var á að fylgja bæri fyrirkomulaginu. **- vh / sjá síðu 8**



**EINBEITT MEÐ SPAÐANN** Krakkarnir í Klettaskóla skemmtu sér vel á alþjóðlega tennisdeginum í gær en þar fengu þau kynningu á tennisíþróttinni í Tennishöllinni í Kópavogi. Efnilegasta tennisfólk landsins leiðbeindi nemendum og leiddi leiki með þeim ásamt starfsmönnum skólans en þessi heimsókn er orðin árlegur viðburður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Krafa um að flugvélaeldsneyti kosti það sama á Egilsstöðum og annars staðar:

# Bensínið of dýrt fyrir flugfélag

**AUSTURLAND** „Þetta gerir okkur náttúrlega erfitt fyrir. Það er erfitt að fá flugfélag til að lenda hérna þegar eldsneytið er svona dýrt,“ segir Þór Ragnarsson hjá Ferðaskrifstofu Austurlands.

Atvinnu- og menningarnefnd Fljótsdalshéraðs krefðist þess á fundi sínum í fyrradag að verð á flugvélaeldsneyti verði það sama um allt land. „Eins og staðan er nú er þar verulegur munur á og samkeppnishamlandi fyrir Egilsstaðaflugvöll,“ segir nefndin.

Þór og Hannibal Guðmundsson frá Ferðaskrifstofu Austurlands mættu á fund atvinnunefndarinnar og kynntu hugmyndir sínar um nýtingu Egilsstaðaflugvallar. „Það er allt að 35 til 40 prósent dýrara að fylla á vélina hérna. Þetta gerir það að verkum að við getum til dæmis ekki stofnað flugfélag,“ útskýrir Þór.

„Dýrasta flugvélaeldsneytið er á Egilsstöðum, þar sem verðið á eldsneytinu er ekki flutningsjafnað,“ segir Guðmundur Sveinsson Kröyer, formaður atvinnunefndarinnar. „Það er sama verð á eldsneyti fyrir bíla um allt land, en því er ekki að heilsa með flugvélaeldsneyti.“ **- ie**



**„Það er allt að 35 til 40 prósent dýrara að fylla á vélina hérna. Þetta gerir það að verkum að við getum til dæmis ekki stofnað flugfélag.**

*Þór Ragnarsson, Ferðaskrifstofu Austurlands*

## MARKAÐURINN



### Ferðaklasinn stofnaður

Á morgun verður Íslenski ferðaklasinn stofnaður formlega. Aðstandendur hans telja mikilvægt að efla nýsköpun í ferðaþjónustu og auka þannig verðmætasköpun. Mörg fyrirtæki í greininni skortir stuðningsnet til þess að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

## FRÉTTIR

**Riða á ný í Skagafirði** Riðuveiki hefur greinst á ný í Skagafirði stuttu eftir að riða kom upp á á nálægum bæ. Um er að ræða þriðja riðuveikitilfellið á aðeins einum mánuði. 6

**Ríkið stígi inn** Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor segir að takist ekki að lægja öldur á vinnumarkaði sé mikilvægt að ríkisstjórnin láti til sín taka. 6



14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | SV | 12 |
| Akureyri | -1° | SV | 8 |
| Egilsstaðir | 1° | VNV | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | V | 6 |
| Reykjavík | -1° | SV | 10 |

**Él sunnan og vestan til** og strekkingsvindur en hægari og léttir til austanlands síðdegis. Hiti víða í kringum frostmark. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk









Hret drepur ekki vaðfugla:

# Lóan kemur á næstu vikum

**NÁTTÚRA** Gera má ráð fyrir því að fyrstu lóurnar komi hingað til lands eftir hálfan mánuð. Samkvæmt upplýsingum frá Gunnari Þór Hallgrímssyni fuglafræðingi koma þær að meðaltali 23. mars. Hann segir að lóan sé stundvís fugl. „Hún er að koma á svipuðum tíma ár eftir ár,“ segir hann.

Þótt vonskuveður gangi yfir landið eftir að lóan er komin þá sé alls óvíst að það muni drepa fuglana. „Lóan er vaðfugl og er því betur í stakk búin til að takast á við svona veður en þeir fuglar sem eru algjörir landfuglar,“ segir Gunnar. **- jhh**



**PRÓFAÐI BELTIÐ** Margrét Gnarr, fitness-keppandi og fjarþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýjasta æðið í líkamsrækt:

# Nota belti til að mjókka mittið

**HEILSA** Mittisbelti sem minnir á korsilett er vinsælt meðal kvenna sem vilja fá mjórra mitti og fá svokallaðan stundaglasvöxt. Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian hefur meðal annars lofsamað beltið á samfélagsmiðlum og segir hún notkun þess að þakka að hún sé með svo mjótt mitti.

Margrét Gnarr er meðal þeirra íslensku kvenna sem hafa prófað beltið en hún gafst upp á því eftir þrjár vikur. „Það hentaði mér ekki því mér fannst það hafa vond áhrif á jafnvægið hjá mér,“ segir hún en beltið slakar á hliðarvöðvum á kviði. **- ai / sjá síðu 30**




## SPURNING DAGSINS



Aldís, eruð þið í standandi vandræðum?

**„Nei, við viljum að skynsemin ráði“**
Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis er á móti lagafrumvarpi sem myndi banna akstur með standandi farþega utan þéttbýlis frá 1. janúar 2019.

Drjúg vestanganga í Breiðafirði en veður og vont sjólag plagar sjómenn:

# Svartsýni um að kvótinn náist

**SJÁVARÚTVEGUR** Vestanganga loðnu hefur skilað miklu magni af loðnu og mokveiði er í utanverðum Breiðafirði, suðvestur af Látrabjargi, þegar friður er til veiða fyrir veðri og vondu sjólagi.

Fáist ekki nokkrir góðviðrisdagar til veiða er hætt við að flotinn nái ekki að veiða 390 þúsund tonna loðnukvótann. Skip HB Granda, Faxi RE, kom til hafnar á mánudagskvöld með fullfermi, um 1.500 tonn. Að sögn Hjalta Einarssonar, fyrsta stýrimanns, hefur tíðin verið með fádæmum slæm allt frá áramótum. Skipin stundi veiðar við ákaflega erfiðar aðstæður.

„Sjó hefur aldrei náð að slétta á milli bræla og það hefur orðið mikið veiðarfæratjón vegna hinnar miklu kviku sem er í sjónum. Á meðan það lóðar á nægilegt magn af loðnu út af Breiðafirði þá halda skipin sig þar. Það styttist hins vegar í hrygningu hjá loðnunni og það, sem við þurfum nauðsynlega á að halda, eru nokkrir góðviðrisdagar áður en vertíðinni lýkur,“ segir Hjalti. - shá



**FAXI RE** 262.000 tonn af 390.000 tonna kvóta voru komin á land í gær. MYND/HBGRANDI

Svíar hafa fengið nóg:

# Hætta að selja Sádum vopn

**SVÍÞJÓÐ** Sænsk stjórnvöld ætla ekki að framlengja vopnasölusamning við Sádi-Arabíu. Að nokkru ræðst þessi ákvörðun af djúpstæðum ágreiningi um mannréttindamál. Á mánudaginn komu Sádi-Arabar í veg fyrir að Margot Wallström, utanríkisráðherra Svíþjóðar, fengi að flytja ræðu á þingi Arababandalagsins í Kaíró.

Vopnasölusamningurinn var gerður árið 2005 og hefur einu sinni verið framlengdur, en rennur út síðar á þessu ári. - gb



**1. LEIKUR** Forseti FIDE, hinn umdeildi Kirsan Ilyumzhinov, lék fyrsta leikinn á mótinu fyrir stigahæsta skákmann mótsins, Shakhriyar Mamedyarov gegn Gregory Lux. S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands, og Friðrik Ólafsson fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrítugasta Reykjavíkurskákmótið hófst í gær:

# Metfjöldi þátttakenda

**SKÁK** Reykjavíkurskákmótið, það þrítugasta í röðinni, hófst í gær. Mótið er afmælismót Friðriks Ólafssonar, fyrsta stórmeistara Íslands, honum til heiðurs áttræðum.

Metfjöldi keppenda er mættur til leiks, en 273 skákmenn frá 38 löndum tefla á mótinu.

Mótið er óvenju sterkt og þrír af ofurstórmeisturum heims eru mættir til leiks; Aserinn Shakhriyar Mamedyarov, David Navarra frá Tékklandi og Úkraínumaðurinn Pavel Eljanov.

Sterkustu skákmenn landsins láta sig ekki vanta. Hannes Hlífar Stefánsson hefur fimm sinnum sigrað á mótinu. Hann er nýkominn frá Evrópumóti einstaklinga þar sem hann stóð sig afar vel. Í heimavarnarliðinu eru einnig stórmeistararnir Héðinn Steingrímsson, Hjörvar Steinn Grétarsson, Stefán Kristjánsson, Henrik Danielsen og Þröstur Þórhallsson ásamt Íslandsmeistaranum Guðmundi Kjartanssyni.

Úrslit voru eftir bókinni í fyrstu umferð, eins og oft á opnum mótum og aðeins fimm prósent skáka enduðu með jafntefli. - shá



**VEÐRAHAMUR** Víða um land var ófært í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ísland í skotlínu mikils lægðagangs

**Fjöldi björgunarsveitarmanna var að störfum við útköll í gær. Mikil röskun á skólastarfi og samgöngum. Nokkrar flugvélar fastar á Keflavíkurflugvelli. Fleiri lægðir á leiðinni næstu daga og ekki sér fyrir endann á lægðaganginum.**

**VEÐUR** Um 250 björgunarsveitarmenn voru að sinna útköllum víða um land í gær. Mikil skerðing varð á samgöngum þegar illviðri gekk yfir suður- og vesturhluta landsins.

Um hádegi í gær skall á mikill stormur sem entist langt fram á kvöld. Langflest útköll björgunarsveitarmanna voru vegna bíla sem höfðu fest sig eða ekið út af vegi.

Því er spáð að veðrið haldist að nokkru óbreytt fram yfir næstu helgi. „Það er ofboðslegur lægðagangur á næstunni, við erum eiginlega beint í skotlínunni,“ segir Elín Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. „Veðurlagsútlit er svipað og hefur verið undanfarna daga og það sér eiginlega ekki fyrir endann á því,“ segir Elín.

Á höfuðborgarsvæðinu varð verklag um röskun á skólastarfi gangsett og foreldrar og forráðamenn beðnir um að tryggja að börn þeirra yrðu sótt í skóla. Skólayfirvöld sáu til þess að börnin færu ekki úr skóla nema í fylgd forráðamanna.

Í Kaldárseli urðu 35 leikskólabörn strandaglópar og var björgunarsveit Hafnarfjarðar kölluð út þeim til aðstoðar. Þá seinkaði flestum ferðum Strætó og sumar ferðir féllu niður.

Á suðvesturhorni landsins var fjölda vega lokað og ófært var á flestum vegum á Suðurlandi. Talið er að á annað hundrað bíla hafi fest sig á leiðinni til og frá Gullfossi, Geysi og á Þingvöllum.

Tvær flugvélar frá Easy Jet sem áttu að lenda síðdegis á Keflavíkurflugvelli lentu í staðinn á Egilsstöðum. Vélarnar héldu þó áfram eftir um klukkustundar bið á Egilsstöðum. Nokkrar flugvélar sátu fastar á Keflavíkurflugvelli þar sem ekki gafst kostur á að taka á móti þeim við flugstöðina vegna veðurhamsins.

Fjöldahjálparstöð var opnuð á Suðurnesjum á vegum Rauða krossins. Hjálparstöðin tók á móti rúmlega tuttugu grunnskólanemum frá Manchester ásamt leiðbeinendum þeirra. Nemarnir voru í hjálparstöðinni í um tvær klukkustundir eða þangað til opnað var fyrir umferð um Reykjanesbraut.

stefanrafn@frettabladid.is

Bólusetja má börnin fyrr:

# Varar ekki við ferðalögum

**HEILBRIGÐISMÁL** Sóttvarnalæknir sér ekki ástæðu til að vara við ferðalögum á svæði þar sem mislingar hafa verið að greinast. Þetta er svar við þeirri spurningu hvort ástæða sé til að hefja bólusetningu gegn mislingum fyrr en mælt er með hér á landi, eða við 18 mánaða aldur.

Þó segir í tilkynningu að ef fólk ferðast til svæða þar sem mislingar hafa verið að greinast sé í góðu lagi að bólusetja börn fyrr en við 18 mánaða aldur. Sé barn hins vegar bólusett á fyrsta aldursári þurfi að endurbólusetja það við 18 mánaða aldur. - shá

Slitnaði upp úr viðræðum:

# Munu kjósa um verkfallsboðun

**KJARAMÁL** Ljóst er að félagsmenn Starfsgreinasambandsins verða kallaðir til atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls eftir að slitnaði upp úr samningaviðræðum Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins í gær.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir Samtök atvinnulífsins ekki hafa komið til móts við kröfur sambandsins. Samtök atvinnulífsins segja Starfsgreinasambandið hafna verðstöðugleika með kröfum um tugprósenta launahækkun og bera ábyrgð á viðræðuslitunum. - srs


Ástralía 12. til 29. október

Sydney, Brisbane, Fraser Island, þjóðgarðar o.fl.
er meðal þess sem boðið verður upp á í þessari ferð.




Verð á mann í tvíbýli kr 687.000

IceLine Travel

Upplýsingar í símum 845-1425 / 899-1295
eða á tölvupósti info@iceline.is


Tímamót í MR þar sem nemendur fagna fjölbreytileika mannlífsins:

# Hinseginvika menntaskólanema

**JAFNRÉTTI** „Upphaflega átti félagið aðallega að standa að því að búa til umræðuhóp og stofna undirfélag fyrir nemendafélögin. Síðan, eftir að hafa hist í fyrsta skipti, ákváðum við að halda Pride-viku,“ segir Adda Guðrún Gylfadóttir, stjórnarmeðlimur í Catamitus, hinseginfélagi Menntaskólans í Reykjavík.

Adda er einn skipuleggjenda hinseginviku sem haldin er í fyrsta skipti í MR um þessar mundir.

„Dagskráin er afar fjölbreytt og inniheldur fræðslu og fyrirlestra í bland við skemmtilega viðburði,“ segir Adda. Hún nefnir að í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands verði haldin sameiginleg fræðsla fyrir foreldra og starfsfólk skólanna í Bláa sal Verzlunarskólans á fimmtudagskvöld.

„Svo vonum við að aðrir skólar taki sér þetta til fyrirmyndar, stofni sín félög og haldi svipaðar vikur. Við erum öll mjög spennt að sjá hvernig þetta fer og erum viss um að þetta muni bara stækka á milli ára,“ segir Adda.

Þess má geta að femínistafélag MR hélt fyrstu kvenréttindaviku sína í síðustu viku þar sem Vigdís Finnbogadóttir ræddi við nemendur. - ie



**ADDA GUÐRÚN GYLFADÓTTIR** Segir að hinseginvikunni hafi verið gríðarvel tekið.

# ? BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



3,4 l/100 km

$CO_2$ 89 g/km










CRÉATIVE TECHNOLOGIE

## VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

## CITROËN **C4 CACTUS** FRUMSÝNDUR

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

Ný og glæsileg heimasíða

Skoðaðu citroen.is

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Uppgefinn eyðsla í blönduðum akstri miðast við 1,6 BlueHDi dísilvél. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SVONA ERUM VIÐ



**620** **voru í Félagi íslenskra hljómlistarmanna**

**árið 2013, en 392 voru í Félagi tónskálda og textahöfunda, 154 í Félagi íslenskra tónlistarmanna og 70 í Tónskáldafélagi Íslands.**

Samtals voru því 1.226 manns í þessum fjórum félögum þetta ár, og hafði fjölgað lítillega frá árinu 2010 þegar 1.116 manns voru félagar í þeim. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Héraðsdýralæknir vinnur að öflun upplýsinga til að meta umfang aðgerða í Skagafirði:

# Riðuveiki greinist á þriðja býlinu á mánuði

**LANDBÚNAÐUR** Riðuveiki hefur greinst á öðru búi í Skagafirði, en stutt er síðan riða greindist á nálægum bæ. Um er að ræða þriðja riðuveikitilfellið sem vitneskja fæst um á aðeins einum mánuði. Þá greindist riða á bæ á Vatnsnesi.

Bæirnir í Skagafirði eru á þekktu riðusvæði. Þetta nýjasta tilfelli kemur því Matvælastofnun ekki á óvart. Ekki eru talin tengsl milli riðunnar á Vatnsnesi og þeirra sem nú koma upp í Skagafirði.

Héraðsdýralæknir Matvælastofnunar vinnur nú að öflun faraldsfræðilegra upplýsinga og úttektar á búunum í Skagafirði til að meta umfang aðgerða við förgun fjár, þrif og sótthreinsun. Allt frá því að ákveðið var að hefja átak gegn riðuveiki, fyrir rúmlega 30 árum, með það að markmiði að útrýma veikinni hefur ráðherra ávallt fyrirskipað niðurskurð þegar riða hefur greinst og aðrar aðgerðir ekki komið til álita.

Á níunda áratug síðustu aldar var skorið niður á tugum búa á hverju ári en mjög hefur dregið úr tíðni veikinnar og á undanförnum árum hefur hún aðeins greinst á stöku búum. - shá



**RÉTTIR** Á fáum vikum hefur riðuveiki greinst á þremur búum, einu á Vatnsnesi og tveimur í Skagafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HLAUPIÐ Í SKÓLANN** Hópur barna fer í gegnum gat á múrvegg til þess að komast í skólann fyrsta skóladaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lífið í Kobane virðist vera að nálgast fyrra horf:

## Börnin komast í skólann aftur

**SÝRLAND Skólastarf er hafið á ný í Kúrdaborginni Kobane í Sýrlandi, rétt norður undir landamærum Tyrklands. Friður er kominn á eftir fjögurra mánaða linnulaus átök.**

**Í janúar síðastliðnum tókst hersveitum Kúrda frá Írak, með aðstoð frá sýrlenskum uppreisnarmönnum, að hrekja vígasveitir Íslamska ríkisins frá Kobane.**

**Eyðileggingin er gífurleg en nánast allir íbúar höfðu flúið bæinn. Margir hafa hins vegar snúið aftur ásamt börnum sínum.** - gb

Líkamsárás á Hverfisgötu:

## Enginn ákærður fyrir stunguna

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt niður mál vegna hnífstunguárásar á Hverfisgötu 23. nóvember síðastliðinn. Þá var Sebastian Andrzej Golab stunginn í hjartað.

Þrír menn sátu upphaflega í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Tveir þeirra voru látnir lausir nokkrum vikum eftir árásina en einn mannanna sat í gæsluvarðhaldi þar til um miðjan febrúar. Skömmu síðar var honum tilkynnt um að málið hefði verið fellt niður.

Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari segir að ekki hafi tekist að sýna fram á hver hafi veitt Sebastian stunguna. Því hafi málið verið fellt niður. - skh, vh

Lyfjastofnun um Orasal:

## Ekki lögleg markaðssetning

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun setti sérstaka tilkynningu á heimasíðu sína vegna umfjöllunar í Fréttablaðinu um sölu Orasal (salicinium) á Íslandi.

Í tilkynningunni kemur fram að varan Orasal, sem sögð er koma að gagni í meðferð sjúkdóma, er ekki löglega markaðssett vara hér á landi og Lyfjastofnun sé ekki kunnugt um að klínískar rannsóknir hafi verið gerðar á vörunni.

Af framangreindum ástæðum vekur Lyfjastofnun athygli sjúklinga á því að engar sannanir eru fyrir því að varan Orasal (salicinium) gagnist í lækningaskyni. - kbg

# Krabbamein karla sé ekki feimnismál

Ristilkrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið meðal karla á Íslandi. Konur koma frekar í ristilspeglun en karlar. Nauðsynlegt er að koma á skipulagðri skimun hér á landi, segir Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Karlar þurfa að vera meðvitaðir um sjúkdómskenni og leita til læknis komi eitthvað upp á. Krabbamein meðal karla á ekki að vera feimnismál. Konur koma frekar í ristilspeglun en karlar. Þær eru vanar skimunarrannsóknum, bæði vegna brjóstakrabbameins og leghálskrabbameins.“ Þetta segir Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir.

Hún getur þess að ristilkrabbamein sé þriðja algengasta krabbameinið hér á landi meðal karla á eftir blöðruhálskirtilskrabbameini og lungnakrabbameini. „Það greinast rúmlega 50 karlar á ári með ristilkrabbamein og 25 karlar deyja árlega af völdum þessa krabbameins.“

Aukning á nýgengi krabbameina, þar á meðal ristilkrabbameina, hefur verið stöðug undanfarna áratugi, að sögn Ásgerðar. „Þetta er talið tengjast umhverfisþáttum og lífsstíl að töluverðu leyti. Þá er meðal annars átt við mataræði, ofþyngd, hreyfingarleysi og áfengisneyslu.“

Einkenni ristilkrabbameins geta verið breyttar hægðavenjur, eins og til dæmis hægðatregða og niðurgangur til skiptis. „Það getur komið blóð með hægðum og fólk getur verið með blóðskort ef það er að tapa blóði frá meltingarveginum. Einkennin geta verið af almennum toga, eins og þreyta, þrekleysi eða þyngdartap,“ greinir Ásgerður frá.

Hún bendir á að ekki sé mælt með skimun fyrir blöðruhálskrabbameini. Að koma á skimun fyrir ristilkrabbameini fyrir þá sem eru eldri en fimmtugir sé hins vegar mikilvægt. „Ristilskimun er gerð í þeim tilgangi að finna frumubreytingar, eða sepa, áður en þær eru orðnar að krabbameini og komnar dýpra í vefinn. Með ristilskimun er jafnframt hægt að finna krabbamein sem ekki er komið langt á veg og þá verður auðveldara að lækna það.“

Skipulögð skimun hefur víða verið innleidd, að sögn Ásgerðar. „Skipulögð skimun hefur verið innleidd í Bretlandi á síðustu árum og á Norðurlöndum er verið að innleiða skimun en hún er þó ekki orðin alhliða. Almennt séð er fólk sammála um að skimun skili árangri. Það er frekar deilt um aðferðir skimunar.“

Það er mat Ásgerðar að nauðsynlegt sé að taka ákvörðun um skimun fyrir ristilkrabbameini hér á landi. „Það þarf að ákveða í hvaða formi hún á að vera þannig að hún uppfylli allar kröfur góðrar skimunar. Það ætti að vera hægt að innleiða skimun hér nokkrum mánuðum eftir að ákvörðun hefur verið tekin.“ **ibs@frettabladid.is**




**Á LANDSPÍTALANUM** Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir segir nauðsynlegt að koma á skipulagðri skimun fyrir ristilkrabbameini fyrir 50 ára og eldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hvernig fer ristilspeglun fram?

- Fyrir ristilspeglun þarf að hreinsa ristilinn með lyfjum eftir fyrirmælum læknis.
- Gefin eru lyf fyrir rannsóknina sem verka bæði róandi og verkjastillandi.
- Við rannsóknina er legið á vinstri hlið. Langt sveigjanlegt speglunartæki er sett upp í endaþarm og þrætt upp í ristilinn sem oft er langur og bugðóttur. Til að koma tækinu þessa erfiðu leið þarf að dæla inn lofti. Þetta veldur samdráttarverkjum og þrýstingi sem auðvelt er að ráða bót á sé lækni sagt frá því.
- Rannsóknin tekur 30 til 60 mínútur eða lengur ef slímhúðarsepar eru fjarlægðir.

*Heimild: Heilbrigðisstofnun Suðurlands*

BÍLGREINASAMBANDIÐ

**Aðalfundur BGS 2015**

**Icelandair Hótel Reykjavík Natura**

**fimmtudaginn 26. mars kl. 14:00**

Kl. 14:00 – 15:30 **Sérgreinafundir**
*Almenn verkstæði og varahlutir*
*Málningar- og réttingarverkstæði*
*Sölusviðin*
Kl. 15:30 – 15:45 **Kaffihlé**
Kl. 15:45 – 16:00 **Setning fundar:** Jón Trausti Ólafsson formaður BGS.
Kl. 16.00 – 16:40 **Erindi:** Eyþór Eðvarðsson hjá Þekkingamiðlun.
Kl. 16:40 – 17:30 **Venjuleg aðalfundarstörf**
*Dagskrá skv. 8. gr. laga BGS*
1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar skýrðir og bornir upp til samþykktar.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar.
5. Önnur mál.

***Stjórn BGS***

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Friedrichshafen | 10° | New York | 13° |
| Aþena | 13° | Gautaborg | 8° | Orlando | 28° |
| Basel | 16° | Kaupmannahöfn | 8° | Ósló | 6° |
| Berlín | 9° | Las Palmas | 21° | París | 13° |
| Billund | 9° | London | 11° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 9° | Mallorca | 19° | Stokkhólmur | 6° |




**Á MORGUN** Strekkingur suðaustanlands og vaxandi vindur þar um kvöldið.




**FÖSTUDAGUR** Stormur gengur norðaustur yfir landið.

**UMHLEYPINGAR** verða áfram á landinu. Það kólnar heldur í dag og má búast við éljum sunnan og vestan til. Á morgun verður dálítil snjókoma eða slydda víða um land og vaxandi vindur með slyddu eða rigningu á suðaustanverðu landinu síðdegis.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Landsbankinn greiðir konum og körlum sömu laun

| Jafnlaunaúttekt PwC | Kynjahlutfall | Fjöldi starfsmanna |
| --- | --- | --- |
| Jafnlaunaúttekt PwC | 39% Karlar · 61% Konur | 1.100 |
| Gullmerki PwC staðfestir að launamunur hjá Landsbankanum er innan við 3,5%. | Konur eru í ríflegum meirihluta meðal starfsmanna bankans eða 61%. | Starfsmenn Landsbankans telja yfir 1.100 í starfsstöðvum bankans um land allt. |



*Landsbankinn hefur sett sér skýra jafnréttisstefnu, m.a. varðandi kynjahlutföll í lykilstöðum og laun starfsmanna.*

*„Í Landsbankanum höfum við lagt mikla áherslu á jafnréttismál á undanförnum árum. Gullmerki PwC er mikilvæg staðfesting á stöðu jafnréttismála í bankanum og hvatning til að viðhalda þeirri stöðu til framtíðar. Við teljum að jafnrétti efli bankann og styrki stöðu hans í samkeppni um góða starfsmenn.“*

Steinþór Pálsson bankastjóri.

**Landsbankinn er fyrstur banka á Íslandi** til að hljóta gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC og er jafnframt stærsta fyrirtækið sem hefur undirgengist og staðist þá úttekt. Gullmerki jafnlaunavottunar veitist fyrirtækjum þar sem launamunur kynja er innan við 3,5% og staðfestir viðurkenningin því að launamunur kynja hjá Landsbankanum sé innan þeirra marka.

Í Jafnlaunaúttekt PwC er gerð grein fyrir mun á grunnlaunum, föstum launum og heildarlaunum eftir kyni, þar sem tekið er mið af aldri, starfsaldri, menntun, starfaflokki, stöðu í skipuriti og vinnustundum. Rúmlega 1.100 manns starfa hjá Landsbankanum, þar af eru 39% karlar og 61% konur.

Landsbankinn hefur á undanförnum árum lagt töluverða áherslu á jafnréttismál. Árið 2010 setti bankinn sér það markmið að hlutur hvors kyns um sig í forystusveit bankans skyldi ekki vera undir 40%. Í framkvæmdastjórn bankans eru fjórar konur og fjórir karlar að meðtöldum bankastjóra og bankinn uppfyllir einnig kröfur um jafnan hlut kvenna og karla í bankaráði. Í jafnréttisstefnu bankans kemur meðal annars fram að í Landsbankanum séu karlar og konur metin á eigin forsendum, hafi jafna möguleika og njóti sömu réttinda í starfi og til starfsframa.

Í stefnunni kemur einnig fram að Landsbankinn stefni að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna, að störf flokkist ekki sem karla- eða kvennastörf og að konum og körlum skuli greidd sömu laun fyrir jafn verðmæt störf.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað bíða margir eldri borgarar eftir því að komast á hjúkrunarheimili?
**2.** Hvað fær Hólaskóli háa upphæð á þessu ári úr ríkissjóði til endurbóta á útisvæði vegna reiðkennslu?
**3.** Á hvaða kvikmyndahátíð var Sunneva Björk Helgadóttir tilnefnd til verðlauna?

**SVÖR:**
**1.** 376. **2.** 40 milljónir. **3.** Winter Film Awards í New York.

Þess er krafist af Alþingi og ráðherra að Náttúruminjasafni Íslands sé sýnd tilhlýðileg virðing:

# Fimmtán samtök fylkja sér að baki NMSÍ

**MENNING** Fimmtán náttúruverndar- og útivistarsamtök hafa sent Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra, ályktun þar sem farið er fram á að Alþingi og ráðherra axli ábyrgð og tryggi starfsemi og rekstur Náttúrugripasafns Íslands, sem er eitt þriggja höfuðsafna landsins.

Í ályktuninni er skorað á Alþingi og ráðherra „að taka hið fyrsta af skarið varðandi málefni Náttúruminjasafnsins og búa þannig um hnútana að starfsemi þessa höfuðsafns þjóðarinnar í náttúrufræðum rísi undir nafni og sómi sé af við miðlun á fróðleik og þekkingu um náttúru landsins, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda, eins og lög kveða á um“.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um á síðustu vikum er staða Náttúruminjasafnsins dapurleg og til skammar að mati borgarstjóra og fleiri. Stofnunin er fjársvelt, ekkert sýningahald starfrækt og skrifstofuaðstaðan nýverið í lausu lofti eftir uppsögn á húsaleigusamningi.

Samtökin krefjast þess að stjórnvöld axli ábyrgð og tryggi Náttúruminjasafninu starfsumhverfi og fjármagn til reksturs sem hæfir höfuðsafni og gerir því kleift að sinna lögbundnum hlutverkum sínum.

- shá

### ➜ Krefja stjórnvöld um aðgerðir

**Nöfn samtakanna fimmtán:**

Náttúruverndarsamtök Íslands
Bandalag íslenskra skáta
Félag húsbílaeigenda ● Ferðaklúbburinn 4x4
Framtíðarlandið ● Fuglavernd
Hið íslenska náttúrufræðifélag
Kayakklúbburinn ● Landssamband hestamanna
Náttúruverndarsamtök Suðurlands
Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands
Skógræktarfélag Íslands
Ungir umhverfissinnar ● Útivist
Landvernd

Tæp 50% kaupa í matinn hjá Hagkaupi og Bónus:

# Með mikla forystu

**VERSLUN** Árið 2014 voru starfandi tæplega 180 dagvöruverslanir á Íslandi. Velta verslananna vegna sölu á dagvöru er áætluð um 130 milljarðar króna á árinu. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins um stöðu á dagvörumarkaði.

Hlutdeild Haga er um 48-49% en fyrirtækið rak árið 2014 alls 41 dagvöruverslun. Af verslanakeðjum var Bónus með hæstu hlutdeildina eða 38-39%. Hlutdeild Kaupáss var um 19-20% en þar af var hlutdeild Krónunnar 15-16%. Samkaup voru með 15-16% hlutdeild en þar af var hlutur Nettó 8-9% af heildarmarkaði. 10-11/Iceland var með 5-6%. Aðrar dagvöruverslanir sem hafa nokkra markaðshlutdeild eru Fjarðarkaup og Víðir en hlutdeild þeirra var á bilinu 1-3%.

Samkeppniseftirlitið segir að heldur hafi dregið úr markaðshlutdeild Haga frá árinu 2009. Hlutur minni verslana hafi á sama tíma aukist.

- jhh



**VERSLAÐ Í HOLTAGÖRÐUM** Bónus er með tæplega 40 prósenta markaðshlutdeild. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







# Ríkið bregðist við ef ekki er slegið á ólgu

Í tölum um þróun kaupmáttar einstakra hópa er ekki að finna augljósa ástæðu fyrir því að úti sé um frið á vinnumarkaði, segir Gylfi Zoëga hagfræðingur í nýrri grein. Takist ekki að lægja öldurnar sé mikilvægt að ríkisstjórnin láti til sín taka.

**EFNAHAGSMÁL** „Í þeim skýrslum og greiningum sem birst hafa síðustu mánuði er ekki að finna augljósa ástæðu fyrir því að úti sé um frið á vinnumarkaði,“ segir Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans, í nýrri grein í efnahagsritinu Vísbendingu sem út kom í gær. Hann segir mikilvægt að safna upplýsingum um þróun kaupmáttar hinna ýmsu stétta til þess að koma í veg fyrir að óánægja einstakra stéttarfélaga verði til fyrir misskilning.



GYLFI ZOËGA

„Ef ekki tekst að lægja öldurnar á vinnumarkaði á næstu vikum með bættri upplýsingagjöf er mikilvægt að ríkisstjórn stigi fram og móti tillögur í samvinnu við aðila vinnumarkaðar, bæði stéttarfélög launafólks og atvinnurekendur, tillögur sem miða að því að þorra launafólks finnist ekki á sig hallað,“ segir Gylfi í grein sinni. Ríkisvaldið geti til dæmis boðið breytingar á skattkerfi og ríkisútgjöldum eða kerfisbreytingar, í skiptum fyrir verðstöðugleika. „Kannski væri upplagt að ríkisstjórnin beitti sér fyrir átaki í húsnæðismálum sem miðaði að því að lækka verð á minni íbúðum,“ stingur hann upp á.

Gylfi bendir í greininni á að Seðlabankinn verði lögum samkvæmt að bregðast við verðbólguþrýstingi með vaxtahækkunum. „Ef verðbólga eykst til dæmis úr tveimur prósentum í sex þyrftu vextir að hækka um meira en fjórar prósentur svo raunvextir nái að hækka til þess að slá á eftirspurn, framleiðslu og atvinnu í því skyni að minnka verðbólguþrýstinginn.“ Kjarasamningar sem ýttu undir verðbólgu hefðu því einnig verulег áhrif á vaxtakostnað ríkissjóðs, fyrirtækja og einstaklinga, til viðbótar því að eftirspurn, atvinna og lífskjör yrðu verri en ella.

Ef hins vegar tækist að ná nýju jafnvægi segir Gylfi að sátt yrði meiri í samfélaginu, meiri atvinna, aukinn kaupmáttur, lægri vextir og vaxtakostnaður, og þar með lægri útgjöld ríkissjóðs. „Með lægri vaxtakostnaði ríkissjóðs er mögulegt að grynnka á skuldum hans og auka útgjöld til ýmissa þjóðþrifaverkefna, svo sem á sviði heilbrigðis- eða menntamála.“

olikr@frettabladid.is



**Á FRÍDEGI VERKALÝÐSINS** Gylfi bendir á að finnist félagsmönnum einstakra stéttarfélaga tekjuskipting óréttlát geta þeir freistast til þess að gera meiri kaupkröfur en ella óháð atvinnustigi og skeyti þá litlu um áhrif á verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Segir stöðugleikann skipta höfuðmáli

Gylfi Zoëga segir hagstjórnarvandann felast í að þótt hverju stéttarfélagi finnist réttlætanlegt að fara fram með miklar launakröfur sé það ekki skynsamlegt fyrir þjóðfélagið í heild og tekur dæmi úr umferðinni: „Það getur virst vera skynsamlegt hjá einum ökumanni að aka hraðar en allir aðrir svo fremi sem hinir aka áfram hægt. Hann kemst þá fyrr á áfangastað en aðrir. En ef allir hegða sér eins er voðinn vís.“ Hraðatakmarkanir á vinnumarkaði felist í að brugðist sé við með vaxtahækkunum, eða frestuðum vaxtalækkunum. „Til lengri tíma litið skiptir höfuðmáli að stöðugleiki sé í efnahagsmálum; verðlag sé stöðugt og gengi krónunnar sömuleiðis.“

Alls sóttu 45 verslunarmenn um þrjú laus pláss á Granda og Geirsgötu:

# Slegist um pláss á Grandanum

**VERSLUN** Mikil eftirspurn er eftir verslunarhúsnæði á Grandanum í Reykjavík og bárust 45 umsóknir um þrjú verslunarpláss þar, og á Geirsgötu í Gömlu höfninni.

Á vef Faxaflóahafna segir frá því að þar sem eftirspurn var verulega umfram framboð var gert samkomulag við leigjendur í tveimur rýmum til viðbótar við Grandagarð um að rýma þau fyrir miðjan apríl.

Teknar voru upp viðræður við fimm af umsækjendunum 45, en gangi saman mun á svæðinu bætast við sala á klassískum reiðhjólum, handverkskökuhús, sérverslun með nautakjöt, gullsmíðaverkstæði og sala á borðbúnaði og gjafavöru.

Verði ekki af gerð samnings við ofangreinda aðila þá verður nýr aðili kallaður til úr hópi umsækjenda.

- shá



**UPPBYGGING** Gömlu verbúðirnar og Grandinn er að verða eitt mest spennandi hverfið í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Tilboð 3.290.000 kr.**

**Volvo S40 Kinetic D3** EMX35
Skráður janúar 2012, 2,0Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 46.500 km.
Ásett verð: 3.490.000 kr.



**Verð: 3.290.000 kr.**

**Volkswagen Passat** UGD66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur
Ekinn 74.000 km.



**Verð: 2.550.000 kr.**

**Citroën C3 Seduction** VSX71
Skráður des. 2013, 1,6Di, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 36.000 km. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 990.000 kr.**

**Volkswagen Polo** Comfortline LKY41
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 111.000 km.
Ásett verð: 1.090.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 2.590.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend** IFU54
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 2.850.000 kr.




**Tilboð: 3.650.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S** DHA29
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 90.000 km.
Ásett verð: 3.880.000 kr.




**Tilboð: 1.090.000 kr.**

**Ford Galaxy Trend** BS385
Skráður janúar 2005, 2,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 144.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.

## FINNDU BÍLINN ÞINN

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

## NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

## TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 3.590.000 kr.**

**Mazda6 Vision** FHE21
Skráður maí 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 69.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr. *Í ábyrgð*

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 2.890.000 kr.**

**Volkswagen Tiguan Sport** NXG83
Skráður maí 2008, 2,0TDi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 134.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.




**Tilboð: 2.890.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** ATE60
Skráður mars 2014, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 13.500 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr.




**Tilboð: 2.150.000 kr.**

**Toyota Yaris Terra** PMX12
Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 22.500 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 3.140.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** LSG25
Skráður apríl 2014, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 37.500 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 2.590.000 kr.**

**Chevrolet Curze LT2** LGM75
Skráður október 2012, 1,8i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.




**Tilboð: 1.590.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4** RA251
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 151.000 km.
Ásett verð: 1.750.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



**Í SÝRLANDI** Flestir sem nota sænska passa til að komast inn á Schengen-svæðið eru Sýrlendingar. NORDICPHOTOS/AFP

Passar á svörtum markaði:

## Sænsk vegabréf vinsæl söluvara

**SVÍÞJÓÐ** Sífellt fleiri útlendingar kaupa sænsk vegabréf til þess að komast til Evrópu. Á hverju ári koma upp um 950 tilfelli um misnotkun sænskra vegabréfa.

Fyrir vegabréfið hefur upphaflegi eigandinn kannski fengið 10 þúsund sænskar krónur. Kaupandinn getur svo selt vegabréfið á allt að 100 þúsund sænskar krónur, samkvæmt frétt DN. Seljandi fær auðveldlega nýtt vegabréf segi hann það gamla glatað. - ibs

Vísbendingar um mansal:

## Hundruð barna sækja um hæli

**SVÍÞJÓÐ** Hundruð barna hafa komið ein til Svíþjóðar frá Marokkó á undanförnum árum og sótt um hæli. Yngstu börnin sem vitað er um eru sjö ára, að því er segir í frétt Sænska dagblaðsins.

Félagsmálayfirvöld og lögregluna grunar að börnin hafi verið seld mansali. Mörg barnanna hafa gerst sek um þjófnað eða fíkniefnasölu og gefa vísbendingar til kynna að einhverjir þéni á því að gera börnin út. Þau vilja sjaldan greina frá því sem þau vita. - ibs

# Reglum ekki ávallt fylgt við mat inn á hjúkrunarheimili

Bréf hafa verið send á forstöðumenn hjúkrunarheimila á Austurlandi til þess að ítreka að reglum um vistunarmat sé fylgt við úthlutun plássa á hjúkrunarheimili. Aldraðir hafa beðið í ár á spítala þótt þeir geti útskrifast.

**VELFERÐARMÁL** Grunur hefur verið uppi um að ekki sé alltaf farið eftir reglum þegar valið er inn á hjúkrunarheimili á Austurlandi. Þetta staðfestir formaður vistunarmatsnefndar á Austurlandi.

Þegar pláss losnar á hjúkrunarheimilum á lögum samkvæmt að láta vistunarmatsnefnd vita sem svo úthlutar plássi eftir því hvort viðkomandi er í mikilli eða lítilli þörf fyrir pláss. Í vistunarnefnd eru þrír aðilar sem skipaðir eru af Landlækni auk starfsmanns nefndarinnar. Á Austurlandi eru fimm hjúkrunarheimili fyrir aldraða, þrjú þeirra eru rekin af Heilbrigðisstofnun Austurlands en tvö af Fjarðabyggð en grunurinn snýr að þeim hjúkrunarheimilum sem Fjarðabyggð rekur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur þetta meðal annars valdið því að aldraðir einstaklingar sem teljast útskriftarhæfir fá ekki pláss á því hjúkrunarheimili sem þeir hafa sótt um og þurft að vera á spítala í yfir ár, meðan aðrir í minni þörf fyrir pláss hafa komist inn á hjúkrunarheimilin. Heimildir Fréttablaðsins herma einnig að þá hafi ekki í öllum tilfellum verið óskað eftir mati nefndarinnar líkt og lög og reglur gera ráð fyrir.

Rúnar Sigurður Reynisson, læknir á Seyðisfirði, tók við formennsku í Vistunarmatsnefndinni um áramót. Hann staðfestir að uppi hafi verið grunur um að reglunum hafi ekki alltaf verið fylgt, þess vegna hafi verið sent bréf til forstöðumanna hjúkrunarheimila til þess að ítreka að farið sé eftir reglunum.

„Eftir að ég tók við formennsku þá höfum við verið að senda út ítrekun á þeim reglugerðum sem um þetta gilda og minna á að það þurfi að fara eftir þeim og taka inn sjúklinga samkvæmt þessum vistunarmatsnefndum,“ segir hann. Aðspurður um það hvers vegna bréfin hafi verið send segir hann: „Það var einhver kvittur um að það hafi ekki alltaf verið farið fullkomlega eftir þessu. Ég get ekki nefnt ákveðin dæmi en það hafa verið svona spurningar um það. Við erum búin að fara nokkuð vel yfir þetta og ég veit ekki annað en að minnsta kosti sé þetta komið í það horf sem það á að vera í. Núna er það alveg skýrt að það er enginn tekinn inn á hjúkrunarheimili án þess að hafa samband við starfsmann nefndarinnar og fá nöfn þeirra tveggja sem næstir eru í forgangsröðinni inn.“

Landlæknir sendi hjúkrunarheimilum á Austurlandi á síðasta ári bréf þar sem minnt var á þetta fyrirkomulag og að því bæri að fylgja. Sigríður Egilsdóttir hjá Landlækni segir að ekki hafi borist formleg kvörtun vegna þessa til embættisins. „Það voru einhver áhöld um það en ég hugsa það vegna var sent bréf til þeirra þar sem þeim var bent á að fara eftir reglugerðinni. Það hefur ekki borist til okkar nein formleg kvörtun. Við sendum alltaf við og við svona ábendingarbréf þar sem við erum að minna fólk á, því að í amstrinu gleymist eitthvað en við fylgjumst með því þannig en svo erum við í góðu sambandi við nefndirnar á hverjum stað.“

Rúnar segir að ekki sé hægt að segja með vissu að þessu hafi verið svona háttað í einhverjum tilfellum þó að grunur hafi leikið á því. „Hafi orðið misbrestur á, þá er búið að ítreka og tryggja að það verði ekki aftur,“ segir hann.

viktoria@frettabladid.is



**EKKI FYLGT** Grunur hefur verið um það að reglum um vistunarmat hafi ekki verið fylgt á öllum hjúkrunarheimilum á Austurlandi þegar valið er inn á hjúkrunarheimili.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Nýr ŠKODA Octavia Scout 4x4 hefur ótal kosti eins og sönnum skáta sæmir. Skynvætt fjórhjóladrif, háþróaðir öryggiseiginleikar og einstakt veggrip gefur þér framúrskarandi stjórn á bílnum. Það fer vel um farþegana og 610 lítra farangursrýmið tekur léttilega við öllum búnaðinum fyrir ævintýraferðina. Þannig er ŠKODA Octavia Scout.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is



Dömubolur
kynningarverð **3.594,-**
Verð ~~5.990,-~~



Herrastuttbuxur
kynningarverð **5.993,-**
Verð ~~7.990,-~~

UNDER ARMOUR

# 2015 **línan er mætt!**

## Kynningarafsláttur + World Class ICELAND Prufutími í World-Class í kaupbæti.

Öll tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar og uppseldar vörur.



Buxur **kynningarverð 5.844,-**
Verð ~~8.990,-~~



Bolur **kynningarverð 3.843,-**
Verð ~~5.490,-~~



Jakki **kynningarverð 10.493,-**
Verð ~~13.990,-~~



Peysa **kynningarverð 4.495,-**
Verð ~~8.990,-~~



Jakki **kynningarverð 17.493,-**
Verð ~~24.990,-~~



## Færð þú vinning í tölvupósti?

Nýir vinningar daglega.
Risa Lego Technic kassi í fyrramálið
og Playstation 4 á föstudaginn.

Skráðu þig **strax póstlistann** og þú gætir fengið lukkupóstinn!

## Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi!

**Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta**

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Frí heimsending samdægurs**

Pantaðu fyrir kl. 17⁰⁰ og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

**Heimkaup.is**

**Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700**

HEIMKAUP

Rannsaka þyrluslysið í Argentínu sem manndráp:

## Sorg í Frakklandi

**FRAKKLAND** Franska lögreglan hyggst rannsaka þyrluslysið í Argentínu, sem kostaði tíu manns lífið, sem manndráp. Átta hinna látnu voru Frakkar, þar af þrír frægir íþróttamenn.

Slysið varð við upptökur á vinsælum sjónvarpsþætti, Dropped, þar sem fylgst er með frægu fólki sem skilið er eftir úti í óbyggðum og þarf að bjarga sér sjálft. - gb



**Á SLYSSTAÐ** Þrír hinna látnu voru frægir franskir íþróttamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


**Æskulýðs-sjóður**

Umsóknarfrestur **1. apríl**

Lýst er eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

**Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á rannis.is. Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.**

**Nánari upplýsingar veita**
Andrés Pétursson, andres.petursson@rannis.is, sími 515 5833 og Sigríður Ásgeirsdóttir, sigridur.asgeirsdottir@rannis.is, sími 515 5858.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

rannís
www.rannis.is


# Leyniþjónusta Breta fái að starfa í friði

Utanríkisráðherra Breta segir nóg komið af gagnrýni á leyniþjónustuna. Nú eigi hún að fá að sinna störfum sínum í friði. Hann boðar frumvarp um auknar heimildir. Á breska þinginu voru umræður um aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi.

**BRETLAND** Philip Hammond, utanríkisráðherra Breta, segir nóg komið af þeirri gagnrýni á leyniþjónustuna vegna njósnastarfsemi, sem Edward Snowden ljóstraði upp um. Nú sé kominn tími til að leyfa leyniþjónustunni að sinna störfum sínum án þess að láta þessa umræðu trufla sig.

Þetta sagði hann á breska þinginu í gær, þar sem rætt var meðal annars um aðgerðir til að hamla gegn því að breskir ríkisborgarar gangi til liðs við hryðjuverkasamtök erlendis.

Hammond boðaði frumvarp, sem hann ásamt David Cameron forsætisráðherra og Theresa May innanríkisráðherra mun leggja fram á næsta þingi, sem veitir leyniþjónustunni þær heimildir sem hún þarf á að halda. Jafnframt eigi að tryggja skýrt eftirlit með starfsemi hennar. Það með eigi umræðunni um þessi mál að geta lokið.

Undanfarið hefur mikil umræða verið í Bretlandi um ungt fólk, sem farið hefur til Sýrlands til að ganga þar til liðs við vígasveitir Íslamska ríkisins. Fullyrt hefur verið að böðullinn, sem myrt hefur gísla í Sýrlandi, sé breskur og heiti Mohammed Emwazi. Einnig hafa borist fréttir af þremur breskum unglingsstúlkum, sem farið hafi frá Bretlandi til Sýrlands í þeim tilgangi að giftast þar liðsmönnum Íslamska ríkisins.

Innanríkismálanefnd breska þingsins kallaði til yfirheyrslu í gær feður stúlknanna þriggja. Einnig ræddi nefndin við Mark Rowley, sem er yfirmaður í lögreglunni í London. Hann upplýsti þar að 87 manns, sem tilkynnt var um að hefðu horfið á síðasta ári, hafi að mati lögreglunnar líklega farið úr landi. Þar af séu 26 konur.

Rowley segir lögregluna telja að stúlkurnar hafi fengið peninga til að kaupa sér farmiða með því að stela skartgripum frá fjölskyldum sínum. Hann sagði samt engar vísbendingar enn hafa borist um að þær hafi tekið þátt í hryðjuverkastarfsemi. Snúi þær aftur til Bretlands eigi þær enga málshöfðun yfir sér.

Hammond notaði ræðu sína meðal annars til þess að beina spjótum sínum að þeim, sem hann segir hafa ýtt undir það að fólk gangi til liðs við hryðjuverkasamtök.

„Það fer ekkert á milli mála að ábyrgðin á hryðjuverkum er þeirra sem fremja þau. En mikil ábyrgð hvílir einnig á þeim sem verja þau,“ sagði hann

gudsteinn@frettabladid.is




**PHILIP HAMMOND** Utanríkisráðherra Bretlands segir nóg komið af umræðu um uppljóstranir Snowdens. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Mest seldu sendibílar Evrópu

**› Gríðarsterk sendibílalína Ford**

Ford hefur hlotið titilinn Sendibíll ársins – International Van of the Year árin 2013 og 2014. Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford Transit enda mest seldu sendibílar Evrópu síðustu 40 ár.

**Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.**

**Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.**

FORD **TRANSIT CONNECT** FRÁ **2.379.032** KR. ÁN VSK

FORD **TRANSIT CUSTOM** FRÁ **3.491.935** KR. ÁN VSK

FORD **TRANSIT VAN** FRÁ **4.431.452** KR. ÁN VSK

20 ára afmæli Ford
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. CO2 losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 m/vsk.
Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. CO2 losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 m/vsk.
Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö., 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. CO2 losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 m/vsk.
Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. CO2 losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 m/vsk.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

www.renault.is

# HRINGINN OG 250 KM AÐ AUKI **Á EINUM TANKI**




# MEGANE LIMITED ÚTGÁFA **Á BETRA VERÐI**



## NÚ BJÓÐUM VIÐ RENAULT MEGANE ÍSLANDSMETHAFA Í SPARAKSTRI Í **LIMITED ÚTGÁFU HLAÐINN BÚNAÐI**

RENAULT **MEGANE LIMITED**
DÍSIL, BEINSKIPTUR. **3,5 L/100 KM*** / DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. **4,2 L/100 KM***
INNIFALIÐ Í VERÐI: 17" ÁLFELGUR / LYKLALAUST AÐGENGI / SKYGGÐAR RÚÐUR / TÖLVUSTÝRÐ TVEGGJA SVÆÐA LOFTKÆLING / LIMITED INNRÉTTING OG AÐFELLANLEGIR SPEGLAR

VERÐ FRÁ: **3.540.000 KR.**

ENNEMM / SÍA / NM67855 / *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílarnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílablaðs Morgunblaðsins, ók á síðasta ári Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki, eða u.þ.b. 1.520 km leið, á einungis einni 60 l tankfyllingu.

RENAULT

## ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

MANSAL Á ÍSLANDI



# Úr neyð í Nígeríu til Norðurlanda

Til Íslands leitar aukinn fjöldi mansalsfórnarlamba frá helstu upprunalöndum mansals í heimi. Eitt þeirra er Nígería. Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Útlendingastofnun, segir bestu forvörnina gegn mansali felast í því að opna samfélagið betur innflytjendum. Hann segir neyð fólks frá helstu upprunalöndum mansals í heimi mikla og hér skorti úrræði til að taka á móti þeim og veita vernd.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is






**NEYÐ Í NÍGERÍU**
„Boko Haram hefur valdið miklum skaða og hræðslu, þá eru átök víðar í landinu, þar er barnaþrælkun vandi og fátækt mikil. Þetta fólk leitar sér að betra lífi. Nígería og löndin í kring hafa ætíð skorað hátt sem upprunalönd fórnarlamba mansals,“segir Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Útlendingastofnun.

**SAMFÉLAG** „Besta forvörnin gegn mansali felst í að opna umræðuna og fræða samfélagið um málaflokkinn. Þá er einnig mikilvægt að styrkja og styðja við samfélög innflytjenda til að tryggja að einstaklingar séu ekki misnotaðir í skjóli vanþekkingar á réttindum sínum. Það er vissulega erfitt verkefni að koma í veg fyrir mansal, en það er ýmislegt hægt að gera til að vinna gegn mansali og annarri skipulagðri brotastarfsemi,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Útlendingastofnun, sem hefur ásamt fleiri starfsmönnum stofnunarinnar síðustu ár sótt sér þekkingu um mansal og kynnt sér reynslu nágrannalandanna. Það hafa starfsmenn stofnunarinnar gert af vaxandi þörf. „Við erum alltaf með mansalsvinkilinn uppi í hælismálum hjá okkur, þá koma upp mansalsmál ótengd hælismálum hér á landi, við reynum að læra af hverju þeirra,“ segir Þorsteinn og segir fyrst hafa orðið vart við hugsanleg mansalsmál upp úr síðustu aldamótum þótt vafalaust hafi það átt sér stað í íslensku samfélagi fyrr.

Íslendingar verða nú varir við sambærilega þróun og aðrir Norðurlandabúar um síðustu aldamót. Fórnarlömbum, sem leita hingað frá löndum þaðan sem skipulögð glæpasamtök skipuleggja mansal, fer fjölgandi. Löndum eins og Nígeríu.

Árið 2012 sóttu nítján Nígeríumenn um hæli hér á landi og voru flestir hælisleitenda. Á því ári dvöldu þrjár konur úr þessum hópi í Kristínarhúsi, úrræði fyrir vændiskonur og mansalsfórnarlömb, sem nú hefur verið lokað. Á síðasta ári sóttu sjö Nígeríumenn um hæli, en þar áður höfðu sárafáir sótt um hæli frá landinu, alls 20 frá árinu 2008. Mikill meirihluti þeirra kvenna sem kom hingað frá Nígeríu voru hugsanleg mansalsfórnarlömb. Lögreglu, félagsmálayfirvöldum og starfsmönnum Útlendingastofnunar reyndist erfitt að ná trausti þeirra. Það er vegna þeirra eiða (juju) sem þær eru látnar sverja áður en þær leggja af stað.

### Draumar um betra líf

Svala Heiðberg er verkefnastýra næturathvarfs fyrir erlendar vændiskonur í Istedgade í Kaupmannahöfn og hefur reynslu af því að ná trausti kvenna í þessari erfiðu stöðu. Í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins síðastliðna helgi sagði hún að mikill meirihluti þeirra kvenna sem kæmu í athvarfið væru frá Nígeríu og flestar þeirra fórnarlömb mansals.

„Mjög týpísk saga er að þeim sé lofað vinnu í Evrópu. Þær vita í rauninni ekki hvert þær eru að fara en eiga að fara til Evrópu að vinna í hárgreiðslu, sem au pair eða eitthvað annað sem hefur verið sagt við þær. Áður en þær leggja af stað eru þær látna sverja juju-eið,“ segir hún. Eiðinn eru þær látnar sverja í því skyni að ef þær standa ekki við sitt þá muni eitthvað koma fyrir einhvern í fjölskyldu þeirra.

Konurnar fara burt úr heimahögunum með drauma um betra líf en enda flestar í vændi. Yfirleitt eru þær sendar fyrst til Spánar eða Ítalíu en þar eru margar vændiskonur fyrir og lítið að fá. Þær eru svo sendar til Norðurlandanna. Yfirleitt er svokölluð maddama yfir þeim sem sér um að senda þær milli landa. „Konurnar skuldbinda sig til þess að greiða upp skuld til þeirra sem sjá um þetta. Upphæðin er yfirleitt 50 þúsund evrur og er sögð vera fyrir ferðinni, vegabréfi, pappírum og öðru.

### Gangandi gegnum eyðimörkina

„Ég hef hitt konur sem hafa borgað alla skuldina og það getur tekið þær frá tveimur árum og upp í fimm. Ég hef líka hitt konur sem eru að reyna að semja við maddömuna um að sleppa fyrr. Fjölskyldur þeirra eru þá stundum með í því og það er verið að reyna að díla á milli. Þá kannski getur konan ekki meir og vill losna,“ sagði hún í viðtalinu.

„Konurnar eru á valdi maddamanna og þótt þær séu í öðru landi er fylgst með þeim. Þess vegna reynist oft erfitt að hjálpa þeim. Maddömurnar hafa sterk tök á þeim og ef það fréttist að konurnar séu farnar af götunni þá er jafnvel ráðist að fjölskyldu þeirra. Þetta er því snúin staða sem þær eru í og þó að dönsk yfirvöld reyni að bjóða þeim aðstoð við að öðlast nýtt líf þá hræðast þær afleiðingarnar fyrir aðra.“

Jörgen Carling hjá Alþjóðlegu friðarrannsóknarstofnuninni í Ósló (PRIO), hefur rannsakað innflutning, smygl og mansal frá Nígeríu til Evrópu.

Það gerði hann að frumkvæði dómsmálaráðuneytis og lögreglu vegna aðgerðaáætlunar norskra stjórnvalda gegn mansali. Mikil og skyndileg aukning varð í vændi kvenna frá Nígeríu árið 2004. Síðan þessi aukning varð breyttist samsetning í vændi í Noregi og nú eru flestir sem starfa í vændi í Noregi frá Nígeríu. Á sama tíma og þessar breytingar urðu sótti sífellt fleira flóttafólk frá Nígeríu um hæli í Noregi. Í skýrslu sinni, Migration, Human Smuggling and Trafficking from Nigeria to Europe (2004), tekur Jörgen fram að honum þyki leitt að fáar rannsóknir hafi verið gerðar á lífi venjulegs fólks frá Nígeríu sem flyst til Evrópu.

Hundruð þúsunda Nígeríumanna búi um gjörvalla Evrópu. Helmingur þeirra í Bretlandi, næststærstur hluti þeirra á Ítalíu. Mikill meirihluti Nígeríumanna sé friðsamt fólk sem kemur ekki nálægt glæpum af nokkru tagi. Megináherslan í verkefnum hans hafi verið að skoða fólksflutninga með hliðsjón af glæpum og vændi.

Jörgen skýrir ítök skipulagðra glæpasamtaka í mansali. Margir hælisleitendur þurfi í neyð sinni að reiða sig á smyglara til þess að komast til Evrópu. Í Nígeríu bjóði mansalar ungum konum að ferðast til Evrópu. Sumar þeirra vita af því að þær þurfa að starfa við vændi áður en lagt er af stað. Aðrar hafa ekki minnsta grun um það. Áður en lagt er af stað er konan sett í skuld eins og Svala hefur heyrt frá þeim fórnarlömbum sem hún hefur annast. Það tekur konurnar að jafnaði þrjú ár að greiða upp skuldina við mansalann. Skuldin er innsigluð með trúarathöfn sem hefur mikið vægi.

### Leið mansalans

Jörgen lýsir leið mansalans. Í Nígeríu eru höfuðstöðvar mansals í Edo-fylki. Frá höfuðborg héraðsins, Benin City, liggur straumur fólks í leit að betra lífi til Ítalíu. Önnur stór meginstöð mansals er fylkið Delta.

Margir ferðast til Evrópu í gegnum nokkur lönd og velja þá helst lönd þar sem eftirliti er ábótavant eða reglur frjálslegar. Algengt er að fyrst sé farið frá Benin til Gana, Miðbaugs-Gíneu, eða Tógó og þaðan sé ferðast til Ítalíu, Spánar eða til annarrar evrópskrar borgar. Það gera þeir sem eru með til þess bær skjöl.

Aðrir ferðast í gegnum Saharaeyðimörkina og er smyglað til Evrópu með skipi. Mörg þúsund Nígeríumenn komast ekki frá Norður-Afríku til Evrópu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Neyðin í Nígeríu er margþætt. Til að mynda hafa aðstæður kvenna í Nígeríu verið mjög erfiðar síðustu ár. Boko Haram hefur valdið miklum skaða og hræðslu, þá eru átök víðar í landinu, þar er barnaþrælkun vandi og fátækt mikil.

### Vantar móttökustöð

Líkt og komið hefur fram í umfjöllun Fréttablaðsins um mansal á Íslandi þá vantar hér á landi úrræði til að vinna gegn mansali. Þorsteinn segir flesta sammála um að hér vanti móttökustöð fyrir hælisleitendur. „Móttökukerfið hjá okkur byggist á frjálsri búsetu, það getur verið óhentugt úrræði þegar fólk þarf vernd. Í innanríkisráðuneytinu er verið að skoða málefni hælisleitenda sérstaklega í því skyni að finna leiðir til úrbóta og að sögn Ólafar Nordal innanríkisráðherra er vinna langt komin með að bæta kerfið er varðar móttöku hælisleitenda. „Það er mikilvægt að um leið og fólk kemur til landsins fari af stað skoðun og greining á aðstæðum þess bæði til að tryggja öryggi fólksins sjálfs og samfélagsins,“ sagði hún nýverið í viðtali við Fréttablaðið.

## MANSAL FRÁ NÍGERÍU




Í skýrslu Jörgens kortleggur hann mansal frá Nígeríu. Fórnarlambið kemst fyrst í kynni við tengilið sem starfar fyrir mansalshring í gegnum vini eða fjölskyldu. Tengiliðurinn kynnir konuna fyrir maddömu og fær heimsókn frá töfralækni sem lætur hana vinna eið. Þaðan liggur ferðin til Evrópu, oft til Ítalíu eða Spánar og þaðan ferðast konan til Norðurlanda, stundum nokkrum árum seinna.

*Heimild: Migration, Human Smuggling and Trafficking from Nigeria to Europe (2004).*

# WHIRLPOOL DAGAR

## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM WHIRLPOOL VÖRUM




**ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR**



**27%**

**Whirlpool WME1887DFCTS**
179sm stál kæliskápur. Stafræn hitastilling. 6th Sense Fresh Control. MultiFlow kælitækni tryggir jafnari kælingu. AntiBakteria Sía. Easy Open ventill. Orkuflokkur A+.

**TILBOÐ 79.995**
FULLT VERÐ 109.995



**30%**

**Whirlpool WBE3375NFCW**
188sm kæliskápur með frysti, stafrænni hitastillingu og LCD skjá. No Frost sjálfvirk afþýðing. 6th SENSE Fresh Control. Multiflow kælivifta. AntiBacteria Filter. LED lýsing. Orkuflokkur A+.

**TILBOÐ 84.995**
FULLT VERÐ 119.995

Fæst einnig stállitaður á 89.995



**25%**

**Whirlpool AWOD7014**
1400sn 7kg þvottavél með rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli. 16 þvottakerfi og 30 mín hraðkerfi. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Orkuflokkur A++.

**TILBOÐ 59.995**
FULLT VERÐ 79.995



MEÐ VARMADÆLU, EYÐIR MIKLU MINNA RAFMAGNI

**29%**

**Whirlpool AZAHP880**
Tvíátta 8 kg barkalaus þurrkari 121L tromlu. Rakaskynjari með 6TH SENSE Infinite Care. 9 þurrkstillingar og hitastilling. Vatnstankur uppi.Tengist beint við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn. Orkuflokkur A++.

**TILBOÐ 99.995**
FULLT VERÐ 139.995



**40%**

**Whirlpool AKZ431HV**
Bakarofn með Flat Line Multifunction 8 blástursofni. Ofnrými 52 lítrar. Klukka. Grill, undir og yfirhiti. Heldur heitu. Pizza/brauð stilling. Tvöfalt gler í hurð. Niðurfellanlegt grill sem auðveldar þrif.

**TILBOÐ 59.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Útgerðir gáfu þingmönnum og flokkum peninga:

# Frjáls framlög eða fjárfestingar?

Hvað ætli hafi vakað fyrir útgerðunum sem ákváðu að gefa einungis þingmönnum og þingmannsefnum Sjálfstæðisflokksins peninga fyrir síðustu kosningar? Þeir sömu ákváðu að auki að styrkja nær eingöngu núverandi stjórnarflokka, Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk. Réð góðvilji í garð frambjóðendanna för? Óneitanlega vekur athygli að einungis þingmenn eða þingmannsefni Sjálfstæðisflokks fengu peninga frá útgerðarfyrirtækjum. Er það tilviljun, eða ekki?

Og er það tilviljun að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur einn beitt sér gegn breytingum á lögum um stjórn fiskveiða, og hefur haft betur? Breytingar verða ekki gerðar, einmitt að kröfu þingflokksins. Hvorki hér né annars staðar á að fullyrða að útgerðin hafi með peningagjöfunum keypt sér friðhelgi, stuðning og haft þannig áhrif á störf þingmanna.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Það var fréttastofa Ríkisútvarpsins sem tók saman upplýsingar um styrki útgerðarinnar í landinu til stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna. Í úttektinni kom fram að nokkuð yfir 75 prósent af þeim peningum sem gefnir voru til stjórnmálaflokka fóru til núverandi stjórnarflokka. Í fréttinni sagði: „Þrjú fyrirtæki í sjávarútvegi styrktu Samfylkinguna um 900.000 krónur samtals. Eitt fyrirtæki lét Pírata fá hundrað þúsund kall. Fjögur fyrirtæki styrktu Bjarta framtíð um 325.000 krónur og eitt fyrirtæki styrkti Vinstri græna um 250 þúsund krónur.“

Þetta er ekki mikið í samanburði við það sem stjórnarflokkarnir fengu. Framsóknarflokknum fékk gefnar 7,4 milljónir króna, eða 36,6 prósent heildarstuðnings fyrirtækjanna, Sjálfstæðisflokkurinn fékk rúmar sjö milljónir króna, eða tæp þrjátíu prósent af heildargreiðslum sjávarútvegsfyrirtækja til stjórnmálaflokkanna fyrir kosningarnar vorið 2013.

Eðlilega vakna efasemdir þegar fjársterk fyrirtæki, sem eiga mikið undir hvernig þingið og þingmenn starfa, veita peninga til valinna þingmanna og flokka. Í okkar litla hagkerfi, kunningjasamfélagi og fámenni getur mjög sterk staða fyrirtækja haft áhrif á það fólk sem er kjörið til að taka ákvarðanir. Ekki þarf alltaf peninga til.

Útgerðin, drjúgur hluti hennar hið minnsta, hefur keypt mestan hluta Morgunblaðsins. Engin launung er með eignarhaldið, það er öllum ljóst. Hvort eigendur blaðsins hafa keypt það til að auðgast eða til að koma á framfæri eigin hagsmunum er annað mál. Þau sem efast um hlutleysi Morgunblaðsins geta hafnað blaðinu. Blaðið getur vissulega haft áhrif, en það hefur ekki vald. Öðru máli gegnir um þingmenn og stjórnmálaflokka. Þar er valdið.

Erfitt er að benda á að þiggjendur peninganna hafi misbeitt valdi sínu í viðleitni sinni til að gera gefandanum til geðs. Það kemur ekki í veg fyrir að spurningar vakni. Höfðu peningagjafir útgerðarfyrirtækja áhrif á afstöðu, til að mynda þingmanna Sjálfstæðisflokksins, þegar þeir beittu óformlegu neitunarvaldi sínu og komu þannig í veg fyrir að breytingar yrðu gerðar á lögum um stjórn fiskveiða? Breytingar sem gefendur peninganna lögðust gegn.

Best er að trúa á það góða í manninum og að ekkert óeðlilegt eða óheiðarlegt hafi verið gert. Samt verður að spyrja, voru gjafirnar frjáls framlög eða fjárfestingar?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Peningum vel varið

Kjarninn greindi frá því í gær að innanríkisráðuneytið hefði greitt 2,4 milljónir króna fyrir fjölmiðlaráðgjöf vegna lekamálsins. Markaðsstofan Argus gaf ráðin. Þeim peningum er sannarlega vel varið og raunar leitun að fumlausari og öruggari fjölmiðlaviðbrögðum en starfsfólk ráðuneytisins, með ráðherrann sjálfan í broddi fylkingar, sýndu í málinu umdeilda. Hvernig öllu var neitað sem hægt var að neita þar til blákaldar staðreyndir og óhrekjanlegar sannanir neyddu fram breyttar skýringar sem síðan voru oft og tíðum hraktar og aftur komu nýjar og breyttar skýringar. „Ekki sýna neina auðmýkt fyrr en þú ert komin svo langt út í horn að herðablöðin nema við sitthvorn útvegginn,“ er líklega ráðleggingin sem Steingrímur Sævarr Ólafsson hjá Argus gaf Hönnu Birnu og öðrum í innanríkisráðuneytinu.

### Hver á að borga?

Eftir stendur hins vegar sú spurning hvers vegna innanríkisráðuneytið þurfti að leita til einkafyrirtækis vegna fjölmiðlaráðgjafar í lekamálinu. Margir í ráðuneytinu eru þaulvanir fjölmiðlum og nægir að nefna þar aðstoðarmanninn fyrrverandi, Gísla Frey Valdórsson. Enn stærri spurning er hvort rétt sé að þóknun fyrir fjölmiðlaráðgjöf sé greidd af skattfé. Var ráðgjöfin sem Steingrímur Sævarr veitti greidd með hagsmuni skattgreiðenda í huga?



### Af hverju fjölmiðlaráðgjöf?

Langstærsta spurningin er hins vegar sú af hverju í ósköpunum þurfti sérstaka fjölmiðlaráðgjöf í þessu máli yfirhöfuð. Hvers vegna mál tengd einum hælisleitanda urðu svo stór að kaupa þurfti sérstaka ráðgjöf. Hér eru ókeypis ráð sem hvaða ráðherrar sem er mega nýta sér: Segið satt og skilmerkilega frá. Ekki forðast fjölmiðla. Veitið aðgang að gögnum. Talið hreint út. Markaðsstofan Argus má líka eiga þessi ráð. Mögulega er hún komin með nýjan kúnna, en framkoma Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur lögreglustjóra við fjölmiðla minnir á margan hápunktinn hjá innanríkisráðuneytinu á sínum tíma.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hálendið er auðlind

AUÐLINDIR



**Elín Hirst**
alþingismaður

Ferðamannaiðnaðurinn á Íslandi er orðinn stærsti gjaldeyrisskapandi atvinnuvegur landsins. Um 80 prósent erlendra ferðamanna segjast koma til Íslands vegna einstæðrar náttúru landsins. Þar trónir efst ósnortið hálendið. Hálendi Íslands er því eitt og sér orðið ein af mikilvægustu tekjuskapandi auðlindum landsins, ásamt fiskistofnum og náttúrulegum orkugjöfum. Það segir sig sjálft að háspennumöstur og þjóðvegir passa illa inn í þessa hálendismynd og myndu rýra þá auðlind sem hálendið er.

Hvað snertir virkjanir á hálendinu verðum við að vanda valið með tilliti til þeirra gríðarlegu hagsmuni sem eru í húfi. Möguleikarnir eru sem betur fer margir og fjölbreyttir og því ætti að vera hægt að komast að góðri niðurstöðu í þeim efnum án þess að því fylgi stöðugt römm pólitísk átök sem sundra þjóðinni. Slík átök eru sóun á tíma og orku sem annars gæti farið í skynsamlega umræðu.

Stjórnvöldum á hverjum tíma ber skylda til að setja þessi mál í forgang í samræmi við mikilvægi þeirra. Því miður höfum við alls ekki staðið okkur sem skyldi, þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi haft forgöngu um að verja 400 milljónum króna til þessara mála í fyrra.

**➜ Möguleikarnir eru sem betur fer margir og fjölbreyttir og því ætti að vera hægt að komast að góðri niðurstöðu í þeim efnum án þess að því fylgi stöðugt römm pólitísk átök sem sundra þjóðinni.**

Hvernig stendur á því að við horfum upp á vinsælustu ferðamannastaði drabbast smám saman niður vegna þess að uppbyggingu innviða og nauðsynlegu viðhaldi er ekki sinnt nógu vel? Auðvitað munu vinsældir Íslands sem ferðamannalands dvína hratt ef ekki verður tekið fast í taumana hér.

Ég bið menn um að hafa í huga að fjármagnið til þessara verkefna verður að koma einhvers staðar frá. Frá ferðamönnum beint og rukkað inn á hverjum stað, með einum ferðamannapassa sem allir greiða, gistináttagjaldi, komugjöldum ferðamanna eða beint af skattfé sem í sjálfu sér má réttlæta í ljósi þess hversu tekjuskiöpunin er mikil í greininni. Virkjanakostir, vegir, raflínur og uppbygging innviða á ferðamannastöðum; öll eru þessi mál hjá Alþingi einmitt nú og ég hvet okkur sem þar starfa til að rísa undir okkar ábyrgð. Við megum lítinn tíma missa.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Samfélag á leið í uppgjör

KJARAMÁL



**Guðmundur Ragnarsson**
formaður VM

**➜ Gamla fólkið sem byggði upp þetta samfélag höfum við sent út á guð og gaddinn. Okkur öllum og samfélaginu til ævarandi skammar.**

Nú við endurnýjun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru gömlu plöturnar spilaðar um óðaverðbólguna sem kemur ef almennt launafólk fær einhverja hækkun á sín laun. Eins og hlutirnir hafa þróast frá því vopnahlé var gert á almenna vinnumarkaðnum fyrir rúmu ári með aðfarasamningnum, hafa öfgarnar í samfélaginu komið betur fram.

Sú mikla harka sem er að byggjast upp hjá almennum launþegum þessa lands á sér miklu dýpri orsakir en rökræða um krónur og aura. Allir innviðir samfélagsins eru að hrynja og almenningur er að gefast upp, þrælarnir geta ekki meir. Dagvinnulaunataxtar hafa aldrei dugað til framfærslu og nú eru heildarlaunin hætt að duga þrátt fyrir ómælda eftirvinnu. Það er eitt af mörgu sem er að magna upp ástandið sem við erum að sigla inn í.

Við þurfum að horfast í augu við raunveruleikann og spyrja hvers konar samfélag við höfum byggt upp. Félagslegt íbúðakerfi er ekki til, heilbrigðiskerfið komið að þrotum þó við borgum sjálf um tuttugu prósent úr eigin vasa. Menntakerfið stendur ekki undir nafni og við erum með fjársveltar stofnanir sem geta ekki sinnt hlutverki sínu við að reka nútímasamfélag. Gamla fólkið sem byggði upp þetta samfélag höfum við sent út á guð og gaddinn. Okkur öllum og samfélaginu til ævarandi skammar. Þetta er eitt af því sem er að valda hörkunni á vinnumarkaðnum, samfélagið er ekkert annað en umbúðir án innihalds.

### Launafólk hefur engu að tapa

Við verðum líka að átta okkur á þeim kynslóðaskiptum sem eru að eiga sér stað í samfélaginu. Unga fólkið okkar hefur aðra sýn á lífið. Það vill eiga líf eftir vinnu og kallar á ásættanleg dagvinnulaun. Þeir sem hafa komið út á vinnumarkaðinn síðustu ár og þeir sem fóru illa út úr hruninu eygja litla von um að komast í öruggt húsnæði, með kaupum eða leigu. Við höfum ekkert félagslegt húsnæðiskerfi sem lausn fyrir þetta fólk. Lönd Norður-Evrópu og Skandinavíu sem við berum okkur saman við hafa 25 til 55 prósent af sínum íbúðamarkaði með einhvers konar lausnum fyrir þá sem lægstu tekjurnar hafa og sem val fyrir aðra. Við höfum ekkert til að bjóða nema lána- eða leiguokur sem venjulegt launafólk ræður ekki við. Hefur samfélagið áttað sig á því hvaða tekjur einstaklingar og fjölskyldur þurfa að hafa til að komast í gegnum greiðslumat til íbúðarkaupa? Þetta er líka ein af ástæðum þess að launafólk er tilbúið að taka harðan slag um bætt kjör og þrýsta á aðgerðir frá stjórnvöldum um breytingar.

### Róttækar breytingar og ný hugsun

Við erum með breytta pólitík þar sem ekki er hikað við að lofa og blekkja almenning og svíkja gerða samninga. Með þessu hefur pólitíkin útilokað sig frá skynsamlegum þríhliða lausnum við endurnýjun kjarasamninga. Um mörg af þeim atriðum sem ég hef talið upp snýst það uppgjör sem fram undan er í samfélaginu í komandi kjarasamningum á árinu. Hvernig við höfum klúðrað uppbyggingu félagslegra innviða samfélagsins er að koma í andlitið á okkur.

Í raun þurfa laun að vera umtalsvert hærri hér á landi í samanburði við þau lönd sem við berum okkur saman við vegna þess að innviðirnir eru ekki til staðar til að auka jöfnuð.

Var einhver að tala um að reyna að koma á stöðugleika í þessu samfélagi?

Við þurfum róttækar breytingar og nýja hugsun ef ekki á illa að fara.

# Ótrúlegur stuðningur

HJÁLPARSTARF



**Bjarni Gíslason**
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

**➜ Hjálparstarfið veitir þannig aðstoð til sjálfshjálpar og virkjar skjólstæðinga til þátttöku í öllu ferlinu.**

Við hjá Hjálparstarfi kirkjunnar erum mjög þakklát fyrir þann frábæra stuðning sem starf okkar fær úr öllum áttum. Mjög margir leggja sitt af mörkum, einstaklingar greiða valgreiðslur sem við sendum í heimabanka, leggja inn á söfnunarreikninga, hringja í söfnunarsíma og kaupa gjafabréfin okkar á gjofsemgefur.is. Fyrirtæki taka mjög vel í styrkbeiðni okkar, bankar, stéttarfélög, sóknir og samtök leggja fram umtalsverða fjármuni. Heildarsöfnunarfé síðustu þrjá mánuði er samtals 70 milljónir króna, þar af eru 37 milljónir til innanlandsstarfsins og 33 milljónir til verkefna erlendis.

Markmið starfsins, heima og að heiman, er að hjálpa fólki og samfélögum að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim steðjar og fræða um rétt og skyldur einstaklinga, samfélags og stjórnvalda. Nálgun stofnunarinnar felst í að efla fólk til áhrifa (valdefling) með formlegri og óformlegri skólagöngu, ýmiss konar fræðslu, þjálfun og efnislegri aðstoð. Hún er réttindamiðuð og sniðin til þess að byggja upp þekkingu og færni fólks svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf. Hjálparstarfið veitir þannig aðstoð til sjálfshjálpar og virkjar skjólstæðinga til þátttöku í öllu ferlinu. Stuðningur er veittur á grundvelli þarfar án tillits til trúar, þjóðernis, kyns, fötlunar, kynhneigðar, stéttar né nokkurs annars sem er ólíkt með fólki.

Sá mikli stuðningur sem starfið nýtur ber vott um að margir eru sammála þessum markmiðum hvort heldur sem er í þróunarsamvinnuverkefnum erlendis, t.d. í Eþíópíu þar sem fleirum er tryggður aðgangur að hreinu vatni eða í starfinu á Íslandi þar sem t.d. er veittur tímabundinn efnislegur stuðningur með inneignarkortum í matvöruverslunum og efnaminni framhaldsskólanemendur fá styrk til greiðslu skólagjalda.

Orð unglingsstúlku á Indlandi sem hefur fengið stuðning til skólagöngu gætu allt eins verið orð ungmennis á Íslandi sem hefur fengið stuðning til náms: „Fjölskylda mín er af lægstu stétt og mjög fátæk, ég hefði aldrei náð að vera svona lengi í skóla án þess stuðnings sem ég fæ. Með menntuninni hef ég miklu betri möguleika en foreldrar mínir, kannski verð ég læknir.“

Spakmæli frá Keníu segir: „Eitt góðverk leiðir af sér annað.“ Það er nákvæmlega það sem gildir um stuðninginn og starfið.

**Opinn íbúafundur um Háaleitisbraut og Grensásveg**

**vegna framkvæmda við göngu- og hjólastíga.**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og hverfisráð Háaleitis og Bústaða boða opinn fund með íbúum til að kynna væntanlegar framkvæmdir á Grensásvegi og Háaleitisbraut sem felast í því að skapa betri aðstæður fyrir gangandi og hjólandi og auka umferðaröryggi.

Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs opnar fundinn, fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs kynna framkvæmdir og fulltrúar hverfisráða og íbúasamtaka ávarpa fundargesti.



**Fundurinn er haldinn í Breiðagerðisskóla fimmtudaginn 12. mars 2015 klukkan 20.00**
í samstarfi við Íbúasamtök Bústaða- og Fossvogshverfis og Íbúasamtök Háaleitis.

**Allir eru velkomnir – kaffi á könnunni.**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



**Skjót leið til starfsmenntunar**
www.meiraprof.is
**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**



NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( ET-HÚSINU ) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502 www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com



Okkar ástkæri

**GUNNAR VIÐARSSON**
**(GUNNAR REDNEK)**
**Dísaborgum 4, Reykjavík,**

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 8. mars, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 13. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar (AÍH), rallýkrossdeild, reikn. 515-26-22030 kt. 611002-2030.

**Dagbjört Fjóla Hafsteinsdóttir og fjölskylda**
**Viðar Finnsson og fjölskylda**
**Valdís Finnsdóttir og fjölskylda**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HREINN RAGNARSSON**
**Torfholti 4,**
**Laugarvatni,**

verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju kl. 14 föstudaginn 13. mars. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð hjartadeildar Landspítalans.

**Guðrún Einarsdóttir**
**Harpa Hreinsdóttir** **Atli Harðarson**
**Ragna Hreinsdóttir** **Friðrik Þorvaldsson**
**Freyja Hreinsdóttir** **Gísli Másson**
**Einar Hreinsson** **Hrefna Karlsdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR INGÓLFSSON**
**frá Eyri í Ingólfsfirði,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 5. mars sl. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 19. mars nk. kl. 13.00.

**Svanhildur Guðmundsdóttir**
**Guðjón Ólafsson** **Fjóla Berglind Helgadóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Gunnlaugur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartfólgin móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARSIBIL MAGNEA**
**ÓLAFSDÓTTIR MOGENSEN**
**Rauðalæk 59,**

lést þriðjudaginn 3. mars á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Með þökk fyrir veitta samúð og kærleik. Guð blessi ykkur öll.

**Peter Lassen Mogensen**
**Matthías Mogensen**
**Linda Mogensen** **Örn Á. Sigurðsson**
**Erik Júlíus Mogensen**
**Kolbrún Mogensen** **Sveinbjörn Gunnarsson**
**Birgir Mogensen** **Ásta Ragnheiður Júlíusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINN B. HÁLFDANARSON**

lést á Hrafnistu í Reykjavík 8. mars. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. mars kl. 11.00.

**Hjalti Jón Sveinsson** **Soffía Lárusdóttir**
**Óttar Sveinsson** **Alda Gunnlaugsdóttir**
**Álfheiður Hanna Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNÍNA MARGRÉT BJARNADÓTTIR**
**STELLA**
**Lautasmára 1, Kópavogi,**

lést föstudaginn 27. febrúar. Jarðsungið verður frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 13. mars kl. 15.00.

**Björn Gunnlaugsson** **Regína W. Gunnarsdóttir**
**Stefán Bjarni Gunnlaugsson** **Ólöf Jónsdóttir**
**Guðmundur Gunnlaugsson** **Hildur Baldursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



**Í BÓKASAFNI SELTJARNARNESS** Soffía og Theresa Himmer hafa lagt hönd á plóginn við að hanna unglingadeildina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Geta látið fara vel um sig í unglingadeildinni

Unglingar geta á afslappaðan hátt lesið, spjallað lært og vafrað í nýrri unglingadeild sem verður opnuð á morgun í Bókasafni Seltjarnarness. Soffía Karlsdóttir er sviðsstjóri.

„Við erum búin að færa til hverja einustu hillu og hverja einustu bók á bókasafninu til að skapa ákjósanlegt pláss fyrir unglingana. Ætlum að opna það á morgun og erum búin að fá Reykjavíkurdætur til að koma fram við það tækifæri," segir Soffía Karlsdóttir, sviðsstjóri menningarsviðs á Seltjarnarnesi.

Soffía kveðst hafa fengið til liðs við sig hina fjölhæfu Theresu Himmer, arkitekt og myndlistarmann. „Theresa leitaði meðal annars ráða hjá Ungmennaráði Seltjarnarness þegar hún hannaði rýmið og er búin að þróa flotta sófaeiningu, eða „Sofa Complex" eins og hún kallar það. Þar geti margir verið saman í einum hluta og fáir saman í öðrum. „Allt er þetta mjög listrænt, smíðað úr birki og fóðrað með teppi sem skartar ljósmynd eftir Theresu sjálfa. Eftir að teppið var lagt á virka einingarnar eins og borg og fengu á sig nýjan blæ," segir Soffía.

Grunnhugmyndin að deildinni er að sjálfsögðu sú að fá krakka á Nesinu og úr Vesturbænum til að sækja bókasafnið, að sögn Soffíu. „Við höfum undanfarið lagt áherslu á að kaupa unglingabókmenntir, blöð og tímarit sem við trúum að höfði til unga fólksins og ætlum að setja upp sérstakar hillur fyrir það efni."

Soffía sér fyrir sér að heilir bekkir úr skólunum geti komið í heimsóknir í deildina, þar verði fyrirlestrar haldnir og fleiri viðburðir. „Svo geta unglingarnir verið hér að læra líka. Geta legið í sófunum og látið fara vel um sig, jafnvel haft lappirnar upp í loft ef þeim sýnist svo."

gun@frettabladid.is

## Sófaeiningin í bókasafninu

Rýmið miðar að því að mæta ólíkri samskiptaþörf ungmenna í fámenni eða fjölmenni. Innsetningin samanstendur af sex föstum sætiseiningum og lausum stólum. Þar er hægt að dvelja einn með sjálfum sér eða vera umvafinn stórum hópi vina og allt þar á milli. Formin eru hönnuð fyrir líkama í hvíldarstöðu, sitjandi, hallandi eða liggjandi með fæturna lárétt eða lóðrétt. Þar er hvorki miðja né hápunktur sem skapar jafnræði innan hópsins og ýtir undir lýðræðisleg samskipti.

Smíðaverkstæðið Hjól atvinnulífsins sá um smíðina. Teppið er prentað af EGE í Danmörku sem styrkti verkefnið.

---



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs föður okkar og tengdaföður,

**INGÓLFS HELGASONAR**
**Kirkjulundi 8, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Ísafoldar fyrir alúð og umhyggju.

**Jóhanna Ingólfsdóttir**
**Helgi Ingólfsson** **Kristín V. Gísladóttir**
**Þuríður Ingólfsdóttir** **Pálmi Kristmannsson**
**Ingólfur Agnar Ingólfsson**
**Sjöfn Ingólfsdóttir**
**og aðstandendur.**

---



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, systur og ömmu,

**ÖDDU GERÐAR ÁRNADÓTTUR**
**Fálkagötu 27A,**
**Reykjavík.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Landspítalans, Heimahlynningar og líknardeildar fyrir einstaka umönnun.

**Börkur Thoroddsen**
**Birgir Thoroddsen** **Helga Jónsdóttir**
**Valgerður Thoroddsen** **Leif Holm-Andersen**
**Hrefna Thoroddsen** **Geir Ómarsson**
**Harpa Thoroddsen** **Pétur Hafsteinsson**
**Guðmundur Árnason** **Elín Sæbjörnsdóttir**
**Ágústa Birna Árnadóttir** **Þorsteinn Eggertsson**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**VILBORG EIRÍKSDÓTTIR**
**frá Fíflholts-Vesturhjáleigu**
**í Vestur-Landeyjum,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 26. febrúar verður jarðsungin frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 14. mars kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Neistann styrktarsjóð; nr. 0101-26-4995, kt. 490695 2309.

**Eiríkur Sigurjónsson** **Hrefna Kristinsdóttir**
**Erna Sigurjónsdóttir** **Karl Bergsson**
**Kolbrún Sigurjónsdóttir** **Karl Grétar Olgeirsson**
**Sigurhanna Sigurjónsdóttir** **Alberto Borges Moreno**
**Einar Sigurjónsson** **Vigdís Bjarnadóttir**
**Óli Sigurjónsson** **Sigríður Þórarinsdóttir**
**Sigmundur Sigurjónsson** **Ragnheiður Elva Sverrisdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Þökkum auðsýnda samúð, kveðjur og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURJÓNS HELGASONAR**
**Árskógum 8.**

**Íris Svala Jóhannsdóttir**
**Helga Sigurjónsdóttir** **Eggert Sigurðsson**
**Sigrún Sigurjónsdóttir** **Stefán Örn Guðjónsson**
**Björn Sigurjónsson**
**Elín Eygló Sigurjónsdóttir** **Ragnar Berg Gíslason**
**Bryndís Sigurjónsdóttir** **Sigurður L. Viggósson**
**Svala Sigurjónsdóttir** **Einar Örn Steinarsson**
**Anna Lóa Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. mars 2015 | 10. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## MARKMIÐIÐ AÐ EFLA NÝSKÖPUN

➜ Íslenski ferðaklasinn formlega stofnaður á morgun

➜ Töluverður hluti af vexti lánasafna banka vegna ferðaþjónustunnar

➜ Lítil ferðaþjónustufyrirtæki skortir stuðningsnet

SÍÐUR 6-7

## 200 milljónir á fimm árum

Á fimm ára tímabili söfnuðust 205 milljónir í átakinu Mottumars. Forstjóri Krabbameinsfélagsins segir Bleika mánuðinn þó sterkari söfnun. Stærstur hluti söfnunarfjárins rennur til fræðslu- og árveknistarfa. „Það er sterkari hefð fyrir Bleika mánuðinum og svo eins og margir vita þá hafa konur meiri áhuga á að leggja svona verkefnum lið,“ segir Ragnheiður Haraldsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands. Hún segir að þrátt fyrir þetta hafi gengið vel með Mottumars.

➜ SÍÐA 2

## Meiri þörf fyrir atvinnuhúsnæði

Eftirspurnin eftir atvinnuhúsnæði er að aukast, segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri fasteignafélagsins Eikar. Hann segist hafa talið 80-85 þúsund fermetra lausa haustið 2013. „Við teljum það vera komið niður í 65-70 þúsund núna einu og hálfu ári síðar,“ segir Garðar. Þetta sé vegna meiri mannfjölda, lækkandi atvinnuleysis og fleira fólks á atvinnualdri. Fólki sem þarf atvinnuhúsnæði er því að fjölga.

➜ SÍÐA 4

## Allir dagar skemmtilegir



„Starfið er mjög fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt eins og umhverfismálin eru í eðli sínu. Umhverfismálin eru svo samofin okkur öllum og því hafa flestir skoðanir á þeim og þeim fylgja oft miklar tilfinningar,“ segir Sigríður Auður Arnardóttir. Hún var á dögunum skipuð ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindarráðuneytinu. Sigríður segir áhugamál sín meðal annars lúta að starfinu. „En utan vinnu er það að ferðast um landið okkar, útivist af ýmsu tagi, eins og skíði, golf og göngur með hundinn minn sem lætur mig sannarlega vita ef ég slaka á þar.“ ➜

**STJÓRNARMAÐURINN** @stjornarmadur

**Íslendingar verða að gera upp við sig hvernig ríkisútvarp þeir vilja. Það verður ekki bæði sleppt og haldið.**

➜ SÍÐA 12




# Fyrsti eða annar flokkur?

Skjóðan

**SEX OG HÁLFU ÁRI** eftir að bankarnir þrír féllu er samfélagið ekki búið að vinna sig út úr hruninu og því þrotabúsástandi sem fylgdi í kjölfarið. Slitabú gömlu bankanna eru óuppgerð og hillir ekki einu sinni undir uppgjör. Slitastjórn Glitnis hefur t.a.m. sett sér rekstraráætlun fram til ársins 2019, sem bendir til að á þeim bænum búast menn við að sitja við kjötkatlana í mörg ár enn.

**TALAÐ ER UM** að aflétta fjármagnshöftum en ljóst er að þeim verður ekki aflétt nema að hluta á meðan krónan er okkar mynt. Lífeyrissjóðirnir eru lokaðir inni í haftakerfi eins og aðrir. Afleiðingarnar af því geta orðið geigvænlegar. Fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna nemur u.þ.b. 120-150 milljörðum á ári og í höftum fá þeir ekki að fjárfesta annars staðar en á Íslandi.



**SEÐLABANKINN** hefur búið til hjáleiðir fyrir sjóðina. Þannig var Icelandair á síðasta ári heimilað að gefa út skuldabréf í erlendri mynt til að selja fyrir krónur hér innanlands. Þessi bréf verða endurgreidd í gjaldeyri og jafngilda því erlendri fjárfestingu hjá kaupendum, sem eru fyrst og fremst íslensku lífeyrissjóðirnir. Svona einstakar hjáleiðir duga hins vegar ekki lífeyrissjóðunum. Umhverfið í heild sinni verður að vera viðunandi.

**MEGNIÐ AF FJÁRFESTINGUM** lífeyrissjóðanna fer því inn á íslenska markaðinn. Þessa sér merki á miklum hækkunum á hlutabréfamarkaði og fasteignamarkaði. Þó þarf ekki að efa að lífeyrissjóðirnir fara eins varlega í fjárfestingar hér innanlands og kostur er. Stjórnendum þeirra er ljós sú hætta sem sjóðunum stafar af ofhitnun íslensks verðbréfamarkaðar.

**Í HÖFTUM** geta lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar ekki stundað eðlilega áhættudreifingu á eignasafni sínu. Til lengdar hefur slíkt neikvæð áhrif á ávöxtun þeirra og þar með þjóðarhag. Ljóst er að lífeyrissjóðirnir geta ekki hámarkað ávöxtun sína til lengri tíma og lágmarkað áhættu nema allar fjármagnshömlur hverfi, sem mun ekki gerast á meðan íslenska krónan er gjaldmiðill þjóðarinnar. Lífeyrissjóðirnir þurfa á því að halda að Ísland verði hluti af stóru myntsvæði.

**RÍKISSTJÓRNIN** vill halda í krónuna. Þetta er fátæktarstefna sem dregur úr lífskjörum fólks og skerðir afkomu fyrirtækja annarra en útflutningsfyrirtækja, sem hvort eð er hafa sínar tekjur, og skuldir eru í erlendri mynt. Venjuleg atvinnufyrirtæki og almenningur í landinu eiga ekki sama láni að fagna.

**SÉUM VIÐ ÍSLENDINGAR** sáttir við að vera annars flokks dugar krónan okkur vel áfram en ef við viljum komast í fyrsta flokk verðum við að losa okkur undan krónunni og gerast þátttakendur í stærra myntsvæði. Þetta er ekki flókið.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**9** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**5** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**0** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI**
**40,9%** frá áramótum

**BANK NORDIC**
**15,0%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**EIMSKIP**
**-2,5%** frá áramótum

**VÍS**
**-3,8%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 115,00 | 10,6% | 15,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 231,00 | -2,5% | -1,3% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 39,70 | 13,4% | -1,0% |
| Hagar | 44,05 | 8,9% | -1,0% |
| HB Grandi | 37,15 | 9,9% | -0,8% |
| Icelandair Group | 22,10 | 3,3% | 1,8% |
| Marel | 150,50 | 9,1% | 1,0% |
| N1 | 28,75 | 23,9% | 5,1% |
| Nýherji | 7,30 | 40,9% | 0,8% |
| Reginn | 14,85 | 9,6% | 1,7% |
| Sjóvá | 13,55 | 13,4% | 4,2% |
| Tryggingamiðstöðin | 28,25 | 7,4% | 1,1% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,04 | -0,1% | -3,8% |
| Össur | 443,00 | 22,7% | 4,2% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.394,27 | 6,4% | 0,5% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 25,90 | 14,6% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0 |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 11. MARS**
**Icelandair Group – Aðalfundur**

**FIMMTUDAGUR 12. MARS**
**Össur Hf – Aðalfundur**
**Tryggingamiðstöðin – Aðalfundur**
**Vátryggingafélag Íslands - Aðalfundur**
**VÍB - Fundur um breytt skattaumhverfi**

**FÖSTUDAGUR 13. MARS**
**Byggðastofnun – Ársuppgjör fyrir árið 2014**

**MÁNUDAGUR 16. MARS**
**Hagstofan – Fiskafli í febrúar 2015**

**ÞRIÐJUDAGUR 17. MARS**
**Hagstofan – Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**
**VÍB - Fundur um öryggi fjárfesta**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Yfir 200 milljónir söfnuðust á 5 árum

***Á fimm ára tímabili söfnuðust 205 milljónir í átakinu Mottumars. Forstjóri Krabbameinsfélagsins segir Bleika mánuðinn þó sterkari söfnun. Stærstur hluti fjárins rennur til fræðslu- og árveknistarfa.***

Samtals söfnuðust um 205 milljónir króna í Mottumars á árunum 2010 til 2014, eða í fimm söfnunum. Mest fékkst árið 2010 eða 50 milljónir króna. Árið 2011 fengust 39 milljónir og 2012 og 2013 fengust 36 milljónir. Í fyrra söfnuðust svo 43,5 milljónir króna. Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, segir að Mottumars sé svolítið sérstök söfnun.

„Bleiki mánuðurinn er alþjóðleg söfnun. Mottumars er okkar,“ segir Ragnheiður. Hún segir að Mottumarsátakið hafi farið fram í átta ár og það hafi tekið svolítinn tíma að koma söfnuninni í gang. „Það er svolítið erfiðara að virkja fólk í Mottumars en í Bleika mánuðinum. Það er sterkari hefð fyrir Bleika mánuðinum og svo eins og margir vita þá hafa konur meiri áhuga á að leggja svona verkefnum lið,“ segir Ragnheiður. Þrátt fyrir þetta hafi gengið vel með Mottumars. „Á upphafsárunum þurfti að leggja svolítið mikinn kraft í að koma þessu af stað en núna siglir þetta áfram í góðum gír má segja,“ segir hún.

Ragnheiður segir að í stórum dráttum megi segja að um það bil 50 prósent af söfnunarfénu í Mottumars renni til fræðslu- og árveknistarfa. „Til vísindarannsókna eru því miður bara 10 prósent,“ segir Ragnheiður og bætir því við að 30 prósent renni til ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins sem rekur íbúðir hér í bænum og þjónustuíbúðir úti um landið og mikla ráðgjöf í húsnæði Krabbameinsfélagsins.

„Við stefnum oftast að því að halda beinum kostnaði við Mottumars undir 10 prósentum,“ segir hún. Ragnheiður segir að af þeim 43 milljónum sem söfnuðust í fyrra hafi 27 milljónir safnast á áheitasíðunni. „Við stefnum að því að halda þessu svipuðu allavega og erum svo sem ekkert svartsýn á það. En erum alltaf bara þakklát fyrir það sem við fáum og miðum starfsemina við það sem við höfum í höndunum,“ segir Ragnheiður.



**HUGSAÐU UM EIGIN RASS** Auglýsing Mottumars þetta árið hefur vakið mikla athygli.

jonhakon@frettabladid.is






ENNEMM / NM66692

NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

Við höfum góða reynslu af framtíðinni!

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS

NÝHERJI

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-2113




Taktu á móti
**Debetkortum**
á netinu

Valitor býður upp á lausnir við **móttöku greiðslukorta á netinu,** hvort sem er fyrir stærri vefverslanir eða minni. Nú hefur opnast sá möguleiki að söluaðilar geta boðið viðskiptavinum sínum að nota **Visa Electron** og **Maestro** debetkort í vefviðskiptum.

Geta söluaðilar því boðið upp á greiðslur með bæði **debet- og kreditkortum** í gegnum Greiðslusíðu og Greiðslugátt Valitor.

**Kynntu þér þessa nýjung** í síma 525 2080

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is



**MEÐ MIKLA REYNSLU** Garðar Hannes Friðjónsson hefur starfað fyrir Eik allt frá árinu 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þrefaldaðist að stærð á fáeinum mánuðum

***Fasteignafélagið Eik verður skráð á markað í apríl. Gríðarleg breyting varð með kaupum félagsins á Landfestum og EF1. Frekari stækkun er ekki markmið heldur arðgreiðslur til hluthafa.***

Eftirspurnin eftir atvinnuhúsnæði er að aukast, segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri fasteignafélagsins Eikar. Hann segist hafa talið 80-85 þúsund fermetra lausa haustið 2013. „Við teljum það vera komið niður í 65-70 þúsund núna einu og hálfu ári síðar,“ segir Garðar. Þetta sé vegna meiri mannfjölda, lækkandi atvinnuleysis og fleira fólks á atvinnualdri. Fólki sem þarf atvinnuhúsnæði er því að fjölga.

Þegar ársreikningur Eikar fyrir árið 2014 var kynntur kom um leið fram að félagið yrði skráð á markað. Eik fasteignafélag stefnir á að skrá hlutabréf félagsins í Kauphöll í apríl, að undangengnu útboði.

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar, hefur fylgt Eik frá upphafi en félagið var stofnað árið 2002. „Á árunum 2003-2006 óx félagið hratt með kaupum á eignum,“ segir Garðar og bætir við að eftir það hafi félagið hægt á vextinum þar sem það var komin ákveðin stígandi í markaðinn og verktakar farnir að sýna þessum geira áhuga,“ segir Garðar.

Árið 2011 komu nýir eigendur að félaginu sem tóku ákvörðun um að styrkja efnahag félagsins og stækka með það að markmiði að skrá félagið á hlutabréfamarkað. Félagið endurfjármagnaði allar skuldir sínar, meðal annars með því að gefa út skuldabréfaflokk skráðan í Kauphöll. Félagið hélt áfram að byggjast upp jafnt og þétt með kaupum á einstaka eignum en á árinu 2013 var ákveðið að stækka félagið allverulega með kaupum á fasteignafélaginu EF1 sem á Turninn í Kópavogi og fasteignafélaginu Landfestum sem á mikið af skrifstofuhúsnæði í Borgartúninu og Ármúlanum. „Það var mikið ferli sem tók langan tíma og lauk í raun ekki fyrr en um mitt ár 2014. Í dag á félagið gott, arðbært og vel staðsett safn fasteigna og því telur stjórn félagsins þetta vera rétta tímann til að óska eftir skráningu í Kauphöllina,“ segir Garðar Hannes í samtali við Markaðinn.

> **Stjórn hefur sett sér arðgreiðslustefnu um að greiða árlega út arð sem nemur 35% af handbæru fé frá rekstri.**

Við kaupin á EF1 og Landfestum stækkaði efnahagsreikningur Eikar úr 22-23 milljörðum í um það bil 66 milljarða. Garðar segir að félagið leggi nú áherslu á arðsemi og þjónustu við hluthafa, fremur en frekari stækkun. „Stjórn hefur sett sér arðgreiðslustefnu um að greiða árlega út arð sem nemur 35% af handbæru fé frá rekstri . Það skiptir máli að fjárfestar viti hver markmið félagsins eru,“ segir Garðar. jonhakon@frettabladid.is

Traust nauðsynlegt til að almenningur kaupi hlutabréf á ný en hluthafar eru mun færri en fyrir hrun:

# Fjöldi hluthafa úr 7.000 í 1.400

Hluthöfum í félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands hefur fækkað úr 7.000 að meðaltali í árslok 2007 í 1.400 í árslok 2014. Þá voru sex fyrirtæki með á milli 20 og 30 þúsund hluthafa í árslok 2007 en hluthafar í því félagi í Kauphöllinni, sem nú er með flesta hluthafa, eru þrjú þúsund.

Þetta kom fram í máli Magnus Billing, forstjóra Kauphallarinnar í Svíþjóð, á fundi um góða stjórnarhætti í Háskóla Íslands í gær.

Magnus segir að til þess að almenningur fjárfesti á ný í hlutabréfum á Íslandi þurfi stofnanaumhverfi að vera sterkt og traust til staðar.

Ein leið til að efla traust sé að fyrirtæki fylgi þeim reglum sem settar hafa verið um góða stjórnarhætti af Viðskiptaráði, SA og Kauphöllinni.

Einungis þrjú fyrirtæki sem eru skráð í Kauphöllina hafa hlotið vottun á því sviði. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar á Íslandi, segir að hann vilji gjarnan að fleiri fyrirtæki taki upp vottunina. - ih



**MAGNUS BILLING** Forstjóri sænsku kauphallarinnar segir traust brýnt til þess að Íslendingar kaupi hlutabréf á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


BRUNA
LIÐIÐ
Á LEIÐINNI Í ELDBORG
OFURGRÚPPA ÍSLANDS SNÝR AFTUR 18. APRÍL
19:30 – UPPSELT
22:30 – AUKATÓNLEIKAR KOMNIR Í SÖLU
MIÐASALA Á HARPA.IS OG MIDI.IS
Það er sannarlega stórviðburður þegar sjálft Brunaliðið kemur saman aftur eftir 35 ára hlé. Það er við hæfi að Maggi Kjartans, Diddú, Pálmi, Maggi Eiríks, Laddi og öll hin rísi úr öskunni í Eldborg og kveiki ærlega í mannskapnum. Ég er á leiðinni, Einskonar ást, Sandalar og allir hinir smellirnir fá að óma. Tryggðu þér miða strax. Það er ÚTKALL!
HARPA
DÆGURFLUGAN
Brandenburg



**BREIÐUR VETTVANGUR** Rósbjörg Jónsdóttir, Sævar Skaptason, Kristín Hrönn Guðmundsdóttir og fleiri hafa átt með sér óformlegt samstarf frá haustinu 2012. Á morgun verður það starf gert formlegra á stofnfundi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Auka samvinnu á sviði ferðamála

***Á morgun verður Íslenski ferðaklasinn formlega stofnaður. Hugmyndin er að styrkja uppbyggingu greinarinnar enn frekar og efla samkeppnishæfni. Mikilvægt að efla nýsköpun í greininni og auka þannig verðmætasköpun.***

**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Klasasamstarfið byggir á þverfaglegri nálgun fyrirtækja og stofnana sem hafa hag af uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu. Hugmyndin varð að veruleika þegar aðilar úr atvinnulífinu komu saman í október 2012 og hefur hann starfað óformlega síðan þá. Markaðurinn ræddi við Rósbjörgu Jónsdóttur, verkefnisstjóra hjá Gekon, Kristínu Hrönn Guðmundsdóttur, forstöðumann Verslunar og þjónustu hjá fyrirtækjasviði Íslandsbanka og Sævar Skaptason, framkvæmdastjóra Ferðaþjónustu bænda, af þessu tilefni.

Kristín og Sævar sátu í fagráði klasasamstarfsins. Fagráðið starfaði frá október 2012 þegar starfsemin var verkefnabundin. Frá áramótum hefur fagráðið unnið að stofnun þessa félags. Með stofnun félagsins er verið að styrkja starfsemina í sessi og þá mun ný stjórn félagsins taka við.

Rósbjörg segir að tilgangurinn með stofnun Íslenska ferðaklasans sé að styrkja enn frekar uppbyggingu innviða í greininni og efla samkeppnishæfni hennar. Sævar segir að þetta sé gert með því að tengja saman ólíka aðila. „Ekki bara þessa sem hafa algjörlega beinan hag af ferðaþjónustu, heldur taka inn aðila sem hafa óbeinan hag en eru samt mikilvægar stoðir í ferðaþjónustunni í dag. Það eru til dæmis bankar, verslun og þjónusta og aðrir aðilar sem koma að greininni með einum eða öðrum hætti.“

*Hverjir eru það sem koma að samstarfinu?*

„Þetta eru allir helstu ferðaþjónustuaðilar, sem koma að flutningsþjónustu, flugfélög, bílaleigur og rútufyrirtæki. Þetta eru öll helstu hótelin í landinu, allar helstu ferðaskrifstofur og líka helstu afþreyingaraðilar. Það eru þrjár stoðir sem skipta máli í ferðaþjónustu. Það eru flutningsaðilar, afþreyingaraðilar og gisting,“ segir Rósbjörg. Hún bendir á að það sé afþreyingin sem selji hvern og einn áfangastað.

Sævar segir að í ljósi sögunnar hafi fyrirtæki greinarinnar verið einangruð. Með fjölgun fyrirtækja og aukinni breidd hafi þörfin fyrir samvinnu aukist. „Og þegar þessi vinna fer af stað 2012, þá eru menn kannski komnir á þann stað að þeir séu móttækilegri fyrir samvinnu og samstarfi en var áður,“ segir Sævar. Hann bendir á að Íslenski ferðaklasinn sé hrein viðbót við þá starfsemi sem unnin er og komi ekki í stað þeirrar starfsemi sem unnin er hjá Samtökum ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofu og Íslandsstofu. Klasinn mun stuðla að auknu samstarfi við þessa aðila og aðra.

Kristín segir að til viðbótar við þá kjarnaaðila sem komi að stofnun klasans þá hafi opinberir aðilar verið þátttakendur. „Og svo stuðningsaðilar við greinina, eins og bankarnir, kortafyrirtæki, verkfræðistofur, endurskoðunarskrifstofur, lögfræðiskrifstofur og fleiri.“ Hún segir að bankarnir, í það minnsta Íslandsbanki, hafi séð heilmikinn ávinning af því að vera aðilar að þessu klasasamstarfi sem stuðningsaðilar við greinina. „Þetta er samræðuvettvangur og þarna er búið að vinna að mörgum verkefnum þar sem við höfum fengið bæði aukin tengsl við aðila í greininni og líka aukna þekkingu á bæði atvinnugreininni og því umhverfi sem þessir aðilar starfa í,“ segir Kristín. Þetta hafi til að mynda hjálpað bankanum að skilja sína viðskiptavini betur og átta sig á þörfum þeirra. Þannig verði til nýir þjónustuþættir til að mæta þörfum þessara viðskiptavina.

Hvernig hefur bankinn fundið helst fyrir þessari aukningu sem hefur verið í ferðaþjónustu á síðustu árum?

„Til að mynda hefur töluverður hluti af vexti lánasafns bankans komið til vegna ferðaþjónustunnar og við sjáum áframhald þar á. Ekki bara í formi útlána heldur einnig í annarri þjónustu. Það eru til dæmis þættir sem snúa að viðskiptabankaþjónustu, verkefna- og tækjafjármögnun, ráðgjöf og gjaldeyrisviðskiptum og áhættuvörnum þar sem til að mynda þessir aðilar eru flestir með tekjur í erlendri mynt en kostnað í íslenskum krónum,“ segir Kristín. Hún segir að þessi aukna þekking skili sér inn í bankann og auðveldi allar ákvarðanir varðandi lánveitingar til dæmis. Hún segir að þetta hafi aukið þekkingu bankanna á atvinnugreininni. „Ef maður horfir á síðustu tvö árin sem klasinn hefur verið starfandi, þá hafa verið ákveðnir vinnuhópar starfandi undir klasanum sem hafa verið að einblína á ákveðin verkefni. Þar hefur til dæmis bankinn sett starfsmenn í þessa vinnuhópa. Þannig að þekkingin skilar sér þaðan inn í bankann,“ segir hún. Þessi niðurstaða endurspegli þörfina á samræðu og samvinnu þessara ólíku hagsmunaaðila.

**Markmið að efla nýsköpun**

„Það markmið sem verður lögð megináhersla á er að efla nýsköpun í atvinnugreininni. Önnur verkefni eru að halda áfram að efla samvinnu og samstarf. Stuðla að aukinni fagmennsku og gæðum í greininni og efla innviði ferðaþjónustunnar. Þetta eru þau meginmarkmið sem verður lögð áhersla á,“ segir Kristín.

Sævar bætir því við að það sé mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna, með fjölgun ferðamanna, að það sé stunduð virk vinna við nýsköpun og stuðlað sé að nýjum hugmyndum sem skapa aukið virði. „Að hverfa frá grunnþáttum, að selja einfalda þjónustu,“ segir Sævar.

*Hvað meinarðu með nýsköpun og hvar stöndum við í samanburði við önnur lönd?*

„Við sjáum að með tilkomu aukinna samskipta skapandi greina við ferðaþjónustu hefur margt breyst til hins betra,“ segir Sævar. Hann segir til dæmis að þeir markaðir, sem hafi verið settir upp í Hörpu og víðs vegar um land allt, séu vísar að þeirri nýsköpun sem er komin af stað og ákveðinn grunnur sem þyrfti að taka lengra. „Það þarf að innleiða nýsköpun inn í fyrirtækin, með nýjum vörum, nýjum aðferðum og leiðum til að ná til framtíðarviðskiptavina,“ segir Sævar.

**Til að mynda hefur töluverður hluti af vexti lánasafns bankans komið til vegna ferðaþjónustunnar og við sjáum áframhald þar á.**

## ÞESSIR SKIPUÐU FAGRÁÐ FERÐAKLASANS

| | |
|---|---|
| **Björgólfur Jóhannsson** *Icelandair Group* | **Kristín Hrönn Guðmundsdóttir** *Íslandsbanki* |
| **Davíð Björnsson** *Landsbankinn* | **Sigurhans Vignir** *Valitor* |
| **Eggert Benedikt Guðmundsson** *N1* | **Rannveig Grétarsdóttir** *Elding Hvalaskoðun* |
| **Friðrik Pálsson** *Hótel Rangá* | **Steingrímur Birgisson** *Höldur – Bílaleiga Akureyrar* |
| **Grímur Sæmundsen** *Bláa lónið* | **Sævar Skaptason** *Ferðaþjónusta bænda* |

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## KATTAEYJAN

**Japanska eyjan Tashirojima er þekkt sem kattaeyjan. Ástæðan er sú að kettir eru þar sex sinnum fleiri en íbúar eyjarinnar. Þeir voru upphaflega fluttir inn til að eyða músum. Nú eru engar mýs en ótrúlegur fjöldi katta sem reyndar dregur að fjölda ferðamanna.**




Hreinsandi
fyrir alla muni

Húsgagnahreinsun fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari>



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara



Nýtur lífsins -
Tryggir heilbrigða og sterka meltingarflóru með Prógastró






„Öflugir og virkir magagerlar sem ég mæli hiklaust með og hafa virkað mjög vel fyrir mig og mína fjölskyldu"

Sigurbjörg Vignisdóttir

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana.


# HEILBRIGÐ FLÓRA

**RARITET KYNNIR** *„For women" frá OptiBac hefur öfluga virkni gegn bakteríusýkingum, þvagfærasýkingum og sveppasýkingum á kynfærasvæði kvenna.*

Í starfi mínu sem hjúkrunarfræðingur hef ég orðið vitni að því hvað síendurteknar sýkingar geta orðið þrálátt vandamál hjá konum" segir Valbjörg Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur. Hún segir sýkla- og sveppalyf í sjálfu sér góð og gild en þau geti þó beinlínis viðhaldið sýkingum þar sem þau ráðist einnig á vinveittar bakteríur sem verja svæðið gegn sveppa- og bakteríusýkingu.

Klínískar rannsóknir sýna að „For Women" frá OptiBac virkar beint á kynfærasvæði og framleiðir góða bakteríuflóru sem veitir vörn.

### ÞRIÐJUNGUR KVENNA ER MEÐ KRÓNÍSKAR SÝKINGAR

Sjö af hverjum tíu konum fá einkenni sveppasýkingar á kynfærasvæði einhvern tímann á ævinni og ein af hverjum tíu finnur fyrir einkennum allt að fjórum sinnum á ári. Um helmingur kvenna fær þvagfærasýkingu að minnsta kosti einu sinni á ævi sinni og 30 prósent kvenna eru með króníska sýkingu vegna sama vandamáls. Þá fær þriðjungur kvenna þrálátar bakteríusýkingar sökum þess að sýklalyf virka einungis til skamms tíma.

### KONUM Á BLÆÐINGUM HÆTTARA VIÐ SÝKINGUM

„Bakteríusýkingar á kynfærasvæði kvenna eiga upptök sín í leggöngum, meðal annars vegna ójafnvægis í bakteríuflóru. Leiðrétta má bakteríuflóruna með inntöku Probioticgerla. Þá eru konur á blæðingum líklegri til að þjást af þvagfærasýkingu vegna lágs hlutfalls estrogens en estrogen bætir bakteríuflóruna," segir Valbjörg.

### VIRK, ÖRUGG OG NÁTTÚRULEG LAUSN BÆÐI SEM FORVÖRN OG MEÐFERÐ

- Tekið inn sem hefðbundið fæðubótarefni
- 20 ára vísindalegar sannanir að baki
- Klínískt prófað á meira en 2.500 konum
- Örugg, náttúruleg og áhrifarík lausn
- „For Women" inniheldur meðal annars lactobacillus rhamnosus GR-1© og lactobacillus reuteri RC-14. Það eru einu gerlarnir sem sannað hefur verið að komist lifandi í gegnum meltinguna að kynfærasvæði.
- Allar vörur sem innihalda flórubætandi bakteríur setjast að í þörmum og er ætlað að vinna þaðan gegn sýkingum á kynfærasvæði. OptiBac „For Women" kemst að kynfærasvæði á þremur til fjórum dögum, sest þar að, fjölgar sér og virkar gegn óæskilegum bakteríum.
- Til að koma í veg fyrir endurteknar sýkingar eða slá á einkenni getur verið gott að taka „For Women" samhliða sveppa- eða sýklalyfjameðferð.
- „For Women" frá OptiBac Probiotics er til inntöku. Mælt er með að taka tvö hylki á dag, tveimur tímum eftir að sýklalyf er tekið inn sem meðferð. Konur með endurteknar sýkingar eða krónísk einkenni geta tekið eitt hylki á dag sem forvörn.
- „For Women" er örugg, náttúruleg og virk lausn. Engar aukaverkanir eru þekktar við lyf né önnur bætiefni. Má taka inn samhliða hefðbundnum bætibakteríum (probiotics) fyrir þarma- og meltingarveg.

***Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/ optibacicelemand. OptiBac fæst í öllum apótekum og heilsuverslunum um land allt.***






**FYRIR KONUR** Valbjörg Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur mælir með því að konur velji náttúrulegu leiðina til að losna við bakteríu- og sveppasýkingu og viðhalda betri heilsu á kynfærasvæði.

### ALGENGT

Sjö af hverjum tíu konum fá einkenni sveppasýkingar á kynfærasvæði einhvern tímann á ævinni og ein af hverjum tíu finnur fyrir einkennum allt að fjórum sinnum á ári.

**GÓÐIR GERLAR**
„For Women" frá OptiBac er örugg, náttúruleg og virk lausn gegn þrálátum sýkingum á kynfærasvæði kvenna.


NORÐURKRILLIÐ er komið aftur!

Omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd - ekkert eftirbragð!

Sótt í Suðurskautshafið, hreinasta hafsvæði veraldar.

Í Norðurkrilli vel er virk
vænsta efnablanda,
geðheilsunni gefur styrk
og gjarnan leysir vanda.



Höfurndur
Kristján Hreinsson




Rannsóknir hafa sýnt fram á verulegan heilsufarslegan ávinning á inntöku Omega 3 fitusýrum s.s. fyrir:

- hjarta- og æðakerfið
- einbeitingu og minni
- heila og taugakerfi
- hátt kólesteról
- lifrarstarfsemi
- teygjanleika húðarinnar
- geðheilsu
- bólgur og liðverki



Ásta Kjartansdóttir
Vörustjóri

NORÐURKRILL fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana

# UMBYLTING Á HEILSU

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Þórunn G. Þórarinsdóttir mælir með Bio-Kult Original enda hefur heilsa hennar batnað mikið eftir að hún hóf notkun á því.*

Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi hefur náð betri heilsu með notkun Bio-Kult Original. „Forsagan er þannig að ég var mjög veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur og breytti mataræðinu alveg en náði samt ekki alveg fullri heilsu. Ég hóf þá að kynna mér hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég fann eftir mikla leit á netinu og víðar að sennilega vantaði mig einn ákveðinn geril í meltingarflóruna en það er svokallaður jarðargerill (e. bacillus subtillis). Ég fór að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio-Kult Original-vörunni. Ég ákvað að prófa, og viti menn, það varð algjör umbylting á heilsunni hjá mér!“



**MIKIL HEILSUBÓT** Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi byggir meðmæli sín með Bio-Kult Original á eigin reynslu.
MYND/GVA




**BIO-KULT FYRIR ALLA**
Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

OPIÐ HÚS Í MK
Í dag 11. mars
Kl. 17.00-19.00

Hjartað slær í MK

Alþjóðasamskipti
Ferðagreinar
Félagsgreinar
Listgreinar
Raungreinar
Viðskiptagreinar
Framhaldsskólabraut
Grunndeild matvæla- og ferðagreina
Starfsbraut fyrir einhverfa

3ja ára stúdentsnám

Bakstur - bakari
Framreiðsla -þjónn
Kjötiðn - kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla - kokkur

Ferðamála– og leiðsögunám
Matsveina– og matartæknanám
Meistaranám í matvælagreinum
Skrifstofunám

Menntaskólinn í Kópavogi
Þekking- þroski- þróun- þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel– og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is



**Á STRÖNDINNI** Þau Jónas og Arna stunda allar tegundir brettaíðkunar. Í Kaliforníu reyndu þau að komast sem mest í sjóinn á brimbretti.
AÐSENDAR MYNDIR

# REYNA AÐ HAFA GAMAN AF LÍFINU

**GIST Í BÍLNUM** *Jónas Stefánsson og Arna Benný Harðardóttir keyrðu meðfram vesturströnd Bandaríkjanna frá Seattle til San Diego og svo aftur til baka með viðkomu í Las Vegas og Utah. Ferðin var eins lítið skipulögð og hægt var.*

Jónas Stefánsson, margmiðlunarfræðingur og leiðsögumaður, og unnusta hans Arna Benný Harðardóttir íþróttafræðingur elska að ferðast og gera mikið af því. Nýlega fóru þau í „road-trip“ suður alla vesturströnd Bandaríkjanna og gistu flestar nætur í bílnum sem þau voru með á leigu. „Við gistum tvær nætur á hótelum, annars vorum við bara í bílnum þannig að við vorum ekki bundin af neinum gististöðum á ferð okkar sem var eins lítið skipulögð og hægt var,“ segir Jónas. „Við vorum búin að ákveða leiðina sem við ætluðum okkur að fara en annað ekki. Við lentum í Seattle, keyrðum svo eftir ströndinni til San Diego, fórum svo aðeins inn í landið í gegnum Las Vegas og Utah og svo upp eftir aftur til Seattle. Ef við höfðum mikið að skoða þá keyrðum við styttra þann daginn en ef það var minna að skoða þá keyrðum við lengra. Þetta var sextán daga löng ferð sem var í alla staði frábær.“

Parið stundar jaðarsport af miklum krafti og Jónas segir þau eiga allt of mikið af áhugamálum en auk þess að vera á brettum af öllu tagi, vélsleðum og mótorhjólum er Arna á kafi í fótbolta og Jónas á skíðum. Þau hafa líka verið dugleg að ferðast saman en þau fóru í lengri útgáfu af Bandaríkjaferðinni þegar þau ferðuðust um Evrópu í bíl í þrjá mánuði. „Síðustu vetur höfum við farið í skíðaferðir en núna langaði okkur að gera eitthvað nýtt. Okkur langaði að komast í sól og hita og geta sörfað þannig að við ákváðum að skella okkur í þessa ferð. Við sáum marga fallega staði og þegar við vorum komin syðst í Kaliforníu þá reyndum við að komast eins mikið í sjóinn og við gátum til að komast í góðar öldur.“

Jónas segir ekki hægt að nefna neitt eitt sem hafi staðið upp úr í ferð þeirra en segir það hafa verið magnað að keyra alla strandlengjuna. „Frá Oregon niður að Kaliforníu var landslagið ótrúlega fjölbreytt og það breyttist á klukkutíma fresti fyrir framan okkur. Það var líka gaman að skoða borgirnar og þar stóð San Francisco upp úr sem falleg og skemmtileg borg en Las Vegas er bara frumskógur út af fyrir sig. Að sjálfsögðu skoðuðum við líka Miklagljúfur og svo höfðum við getað eytt miklu meiri tíma í Utah en við gerðum því þar er mikið af þjóðgörðum sem vert er að skoða. Við fórum í einn slíkan, Arches National Park, sem er alveg fáránlega flottur,“ segir Jónas greinilega hrifinn.

■ liljabjork@365.is



**FRELSI** Brunað í gegnum eyðimörkina. Jónas og Arna grípa í brettin við hvert tækifæri.



**SÓLARLAG Í MIKLAGLJÚFRI** Arna dáist að fegurð sólarlagsins í gljúfrinu mikla í Arizona.



**Á BRETTINU** Jónas tekur mikið af flottum myndum og notar þá bæði GoPro- og Canon-vélar frá Pedromyndum á Akureyri.



**LOMBARD STREET** Arna geysist niður götuna þekktu í San Francisco á hjólabretti.

Sævar sér fyrir sér að klasinn geti hjálpað til við að vinna hugmyndir áfram þannig að það verði rekstrarforsenda fyrir þeim og þær endi ekki bara sem hugmyndir á blaði sem ekkert er gert við. „Þarna er virkilega tækifæri til staðar en það vantar herslumuninn og klasinn getur gert mikið gagn í þessu samhengi,“ segir hann.

Kristín bendir á að stærstur hluti af fyrirtækjum í ferðaþjónustu séu lítil fyrirtæki, jafnvel örfyrirtæki með innan við tíu starfsmenn. „Þessi fyrirtæki sem eru á fullu allt árið við að þjónusta ferðamenn og undirbúa næsta tímabil, þau hafa ekki eins mikil tækifæri og þau fyrirtæki sem eru stærri eða stærst á höfuðborgarsvæðinu til að ná stuðningi við það að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Þau vantar stuðningsnetið sem er í ferðaþjónustuklasanum til að koma hugmyndum sínum á næsta stig og það er það sem klasinn ætlar að beita sér fyrir,“ segir Kristín.

*Myndi klasinn þá kannski stuðla að samvinnu í markaðssetningu og fleiri slíkum verkefnum?*

Rósbjörg bendir á að á þróunartímanum hafi klasinn unnið með markaðsstofu Suðurlands að ákveðinni greiningu markhópa sem það svæði gæti einblínt betur á. „Þau hafa tekið þá vinnu lengra og nýtt hana til frekari stefnumörkunar og til að draga fram þær áherslur sem þeir vilja fókusa á. Slík vinna byggir á samstarfi við þá þjónustuaðila sem eru á svæðinu,“ segir Rósbjörg. Þetta sé ekki síst það sem skipti máli, að reyna að draga saman ólíka aðila til þess að vinna saman. „Það á sérstaklega við úti á landi. Það er það sem þarf sérstaklega að höfða til, að styðja við landshlutana og vinna með landshlutunum að frekari uppbyggingu í nýsköpun, þjónustu og afþreyingu á svæðunum,“ segir Rósbjörg.

Sævar segir að þegar hugmyndir verði orðnar framkvæmanlegar þá geti hagsmunaaðilar tekið þær yfir og unnið þær áfram. Klasinn ætli ekki að fara að reka markaðssetningu eða verða starfandi ferðaþjónustufyrirtæki heldur koma hugmyndum á það stig að það sé hægt að fara að vinna með þær.

Kristín segir að klasinn sé líka mikilvægur vettvangur fyrir umræðu um aðrar afleiðingar af ferðaþjónustunni sem eru ekki í umræðunni dagsdaglega. Hún bendir á að reglulega séu gerðar spár varðandi þróun ferðaþjónustunnar, til dæmis um fjölda ferðamanna og gjaldeyristekjur. Tölurnar séu sennilegast vanmetnar vegna þess að það er svo mikið af afleiddum störfum og þjónustu í þjóðfélaginu sem ekki teljist til ferðaþjónustu. Þarna njóti verslun og þjónusta góðs af. „En það þarf líka að skoða aðra vinkla, eins og aukið álag á vegakerfið og aukið álag á heilbrigðiskerfið. Sá fjöldi ferðamanna sem kemur hingað hefur mikil áhrif á innviði samfélagsins,“ segir Kristín.

Sævar tekur undir þetta og segir að aukinn fjöldi ferðamanna hafi mikil áhrif á náttúruna og fleira. „Þetta er ný staða sem við stöndum frammi fyrir,“ segir hann. Hann telur að klasinn eigi eftir að taka þátt í hversdagslegri eða pólitískri umræðu um málefni á borð við náttúrupassa. „En aftur á móti gæti klasinn miðlað staðreyndum um hin ýmsu málefni er varða uppbyggingu greinarinnar. Klasinn á að vera sjálfstæður og hafinn yfir dægurþras,“ segir Sævar.

## BEINIR HAGSMUNAAÐILAR

## OPINBERIR AÐILAR OG STOÐÞJÓNUSTA

## ÓBEINIR HAGSMUNAAÐILAR

Stakfell
FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1984
GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI
STAKFELL.IS 535 1000




*Frábær staðsetning og næg bílastæði.
Hægt er að leigja einungis hluta af rýminu.
Fallegt húsnæði með svölum allan hringinn, mötuneytisaðstaða til fyrirmyndar, góðar skrifstofur og opið rými.
Stærð getur verið frá 500 fermetrum og uppí rúma 1500 fermetra.
Pláss er fyrir allt að 100 starfsmenn á hæðinni.
Húsnæðið býður uppá mikla möguleika í uppstillingu á vinnustöðvum, bæði í opnum rýmum og skrifstofum.
Hægt er að fá húsnæðið leigt með húsgögnum.
Húsnæðið er laust fljótlega.*



Nánari upplýsingar gefur
Einar S. Valdimarsson
í síma 840 0314/ eða
í e-mail einar@stakfell.is







STAKFELL–STÓREIGN EHF. FASTEIGNASALA SKÚLATÚNI 2 105 RVK Stakfell.is stakfell@stakfell.is Félag Fasteignasala

# Best að byrja daginn í ræktinni með vinum

***Sigríður Auður Auðunsdóttir var á dögunum skipuð ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Í frítíma sínum kýs hún að ferðast um landið og stunda útivist af ýmsu tagi.***

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, skipaði Sigríði Auði Arnardóttur í embætti ráðuneytisstjóra í byrjun mánaðarins. Sigríður Auður, sem er með embættispróf í lögfræði og hdl., hefur starfað í ráðuneytinu frá árinu 1998 og gegnt þar embætti skrifstofustjóra frá árinu 2003, á skrifstofu laga og upplýsingamála, skrifstofu laga og stjórnsýslu og á skrifstofu umhverfis og skipulags. Sigríður Auður var staðgengill ráðuneytisstjóra frá 2007 til 1. mars 2014 þegar hún var settur ráðuneytisstjóri til eins árs.

„Starfið er mjög fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt eins og umhverfismálin eru í eðli sínu. Umhverfismálin eru svo samofin okkur öllum og því hafa flestir skoðanir á þeim og þeim fylgja oft miklar tilfinningar. Ekki eru nú allir alltaf sammála hvaða leiðir eigi að fara til að ná settum markmiðum, en mikilvægast er að leita farsælla lausna sem hægt er að framfylgja. Samráð og samvinna eru lykilþættir í starfinu og grundvallaratriði að hlusta vel á öll sjónarmið. Til að ná raunverulegum árangri þurfum við að leggja okkur fram við að eiga samtal við almenning, hagsmunaðila og atvinnulífið. Við hér í ráðuneytinu gætum mikilvægra auðlinda, sem eru náttúran og umhverfi okkar," segir Sigríður Auður um starf sitt.

Sigríður segir að sér hafi alltaf fundist gaman að starfa við umhverfismálin og í stjórnsýslunni. „Ég man bara ekki eftir einum degi í starfi sem mér hefur leiðst, enda alltaf nóg að gera, það má segja að það sé aldrei dauð mínúta. Það gerir fjölbreytnin í starfinu og alltaf einhver mál sem þarf að bregðast fljótt við. Það er vandfundinn líflegri vinnustaður, en það að vinna í ráðuneyti felur í sér að takast á við ögrandi verkefni. Ég er afskaplega heppin með samstarfsfólk í ráðuneytinu, hér er mikill mannauður, fólk með mikla reynslu, menntun og þekkingu og góð samvinna þar sem allir hjálpast að," segir hún.

Sigríður hefur mikinn áhuga á fólki og hefur gaman af að stúdera fólk, hvað býr að baki orðum og gjörðum. „Þetta er því kjörið

> Ég man bara ekki eftir einum degi í starfi sem mér hefur leiðst, enda alltaf nóg að gera.

starf fyrir mig enda felur það í sér að hitta fólk úr ýmsum áttum með ólíkan bakgrunn og mismunandi sjónarmið, sem hefur miklu að miðla," segir hún.

Sigríður segir áhugamálin m.a. lúta að starfinu sínu. „En utan vinnu er það að ferðast um landið okkar, útivist af ýmsu tagi, eins og skíði, golf og göngur með hundinn minn sem lætur mig sannarlega vita ef ég slaka á þar. Samvera og spjall með góðu fólki er það sem gefur mér mest, svo má ekki gleyma líkamsræktinni, ekki síst fyrir sálina, það er ekkert betra en að byrja daginn í ræktinni með góðum vinum," segir hún.

jonhakon@frettabladid.is



**MIKILL ÁHUGI Á VINNUNNI** Sigríður Auður segir að á vettvangi vinnunnar hitti hún fyrir margt fólk og hún hafi gaman af að stúdera fólk, hvað býr að baki orðum og gjörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## STUÐBOLTI Í PARTÍUM



Í fyrsta lagi er hún frábær félagi, hvort sem er í leik eða starfi. Ég starfaði með henni í fimmtán ár. Hún var staðgengill minn í sjö ár í ráðuneytinu. Hún er mjög góð í mannlegum samskiptum. Hún stjórnaði skrifstofu hjá mér og gerði það mjög vel og hélt góðum liðsanda á skrifstofunni hjá sér. Hún er lögfræðingur og hefur mjög faglegan metnað en samt alltaf mjög stutt í léttleikann hjá henni. Hún er mikill stuðbolti í partíum. Ég myndi segja að helsti galli, þótt sumir myndu telja það kost, að hún á til að vera helst til samviskusöm.

**Magnús Jóhannesson,** framkvæmdastjóri Norðurskautsráðsins.



Sigríður eða Sigga, eins og ég er vön að kalla hana, er yndisleg, klár og skemmtileg vinkona sem ég hef þekkt síðan við vorum fimm ára gamlar. Hún er mikill gleðipinni, góður gestgjafi og er dugleg að bjóða fólki heim til sín. Hún hefur gott innsæi, er mikill pælari og fyrir vikið getur hún oft verið utan við sig sem á köflum er mjög fyndið. Sigga er skapgóð en getur líka verið mjög beinskeytt og ákveðin ef svo ber undir. Hún er ráðagóð, traust og góð manneskja sem alltaf er gott að eiga að.

**Sigríður Guðrún Guðmundsdóttir** æskuvinkona.

# Í samræmi við evrópskt regluverk

***Hugmyndir um kaupaukakerfi sem finna má í frumvarpi um breytingar að lögum um fjármálafyrirtæki byggjast á evrópskri fyrirmynd. Fyrrverandi fjármálaráðherra spyr hvort bankastarfsmenn þurfi yfirhöfuð kaupauka.***

„Þarf þessa kaupauka yfirhöfuð? Hvað er svona sérstakt við störf í þessari grein að það þurfi kaupauka. Af hverju þurfa starfsmenn í bönkum frekar bónusa en kennarar, hjúkrunarfræðingar eða læknar?" spyr Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, vegna frumvarps um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í 25. og 26. grein frumvarpsins er kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að setja reglur um breytileg starfskjör, eða kaupauka. Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir að fyrirmyndir slíkra reglna séu mun mótaðri en ætla mætti í fyrstu því að Fjármálaeftirlit Evrópusambandsins (EBA) sem Fjármálaeftirlitið hefur áheyrnaraðild að hafi gefið út tæknistaðla og birt drög að leiðbeiningum um framkvæmd viðkomandi ákvæða í svokallaðri CRDIV-tilskipun. Fyrrnefnd ákvæði í frumvarpinu taka að miklu leyti mið af þeirri vinnu.

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru frá Alþingi árið 2010 var fyrirtækjum gert heimilt að greiða kaupauka að hámarki 25 prósent af föstum launum. Í tilskipun Evrópusambandsins er aftur á móti gert ráð fyrir að kaupauki geti verið 100 prósent af föstum launum og hluthafafundur geti samþykkt að hækka það upp í 200 prósent. Steingrímur segist feginn því að frumvarpið sem liggur nú fyrir Alþingi geri ekki ráð fyrir því að hækka þetta þak. Stjórnvöld hafa svigrúm til þess að fylgja ekki tilskipun EBA varðandi þetta atriði og setja strangari reglur. Geri þau það ekki munu þau hins vegar þurfa að skýra fyrir þeim hvers vegna.

Steingrímur segir það þó misráðið að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að einungis tilteknir lykilstjórnendur og þeir sem geti komið að ákvarðanatöku eigi rétt á kaupauka. „Þannig að þetta er ekki bara þak yfir alla starfsmenn fjármálafyrirtækja eins og hefur verið og er. Eins finnst mér það líka ámælisvert að þeir sem sinna innra eftirliti og regluvörslu inni í bönkunum geta farið yfir á kaupauka samkvæmt þessu, en í gildandi lögum er það bannað," segir Steingrímur. Um þessa síðustu athugasemd Steingríms segir Jón Þór: „Menn geta haft sínar skoðanir á því hvort það sé heppilegt eða ekki en þetta er aðlögun að evrópsku regluverki."

Þá segir Jón Þór að Fjármálaeftirlitið líti það jákvæðum augum að í regluverki EBA hefur verið betur lýst hvernig skuli horfa á mismunandi form af kaupauka. „Þarna er farið vel yfir sviðið og reynt að samræma framkvæmdina út frá því hvaða form af umbun er verið að veita. Hvort það sé í formi kaupréttar, eða einhvers konar hlutabréfaeignar, eða annarra bónusa sem fylgja einhvers konar reikniformúlu og svo framvegis. Það á ekki að vera grundvallarmunur á meðferðinni," segir Jón Þór. Þá séu í regluverki EBA ákvæði um frestun á greiðslum bónusa. Útgreiðslu á ákveðnum hluta kaupauka verður að fresta í þeim tilgangi að skapa ekki of sterka skammtímahvata. „Það verður að vera komin reynsla á það að viðkomandi grundvöllur bónussins sé viðvarandi," segir Jón Þór.

jonhakon@frettabladid.is




**BANKARNIR** Fyrstu umræðu um frumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki er lokið. Frumvarpið er núna í nefnd. Ákvæði í frumvarpinu sem lúta að breytilegum starfskjörum taka mið af evrópsku regluverki.



> Menn geta haft sínar skoðanir á því hvort það sé heppilegt eða ekki en þetta er aðlögun að evrópsku regluverki.

Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri FME



> Hvað er svona sérstakt við þessi störf að það þurfi kaupauka.

Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra

L A Z B O Y®

# TAXFREE

SÍÐUSTU DAGAR

## ALLIR LA-Z-BOY STÓLAR OG LA-Z-BOY SÓFAR Á TAXFREE TILBOÐI*

*TAXFREE TILBOÐIÐ GILDIR BARA Á LA-Z-BOY STÓLUM OG LA-Z-BOY SÓFUM OG JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



TAX FREE
AÐEINS KRÓNUR **72.573**
FULLT VERÐ: 89.990

**NORA** La-z-boy stóll.
Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: B:78 D:85 H:101 cm.



TAX FREE
AÐEINS KRÓNUR **72.573**
FULLT VERÐ: 89.990

**ANDERSON** La-z-boy stóll.
Slitsterkt dökkgrátt, brúnt og natur áklæði.
Stærð: B:82 D:80 H:100 cm.



TAX FREE
AÐEINS KRÓNUR **96.766**
FULLT VERÐ: 119.990

**CORONA** La-z-boy stóll.
Sand og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: B:80 D:80 H:100 cm.



TAX FREE
AÐEINS KRÓNUR **137.089**
FULLT VERÐ: 169.990

**NORMAN** La-z-boy stóll.
Svart og brúnt leður og viðararmar.
Stærð: B:96 D:100 H:107 cm.



TAX FREE
AÐEINS KRÓNUR **153.218**
FULLT VERÐ: 189.990

**PINNACLE** La-z-boy stóll.
Svart og brúnt leður.
Stærð: B:80 D:85 H:104 cm.



TAX FREE
AÐEINS KRÓNUR **153.218**
FULLT VERÐ: 189.990

**DREAMTIME** La-z-boy stóll.
Brúnt, svart og vínrautt leður.
Stærð: B:94 D:95 H:100 cm.



TAX FREE
2JA SÆTA
AÐEINS KRÓNUR **169.347**
FULLT VERÐ: 209.990

TAX FREE
3JA SÆTA
AÐEINS KRÓNUR **241.927**
FULLT VERÐ: 299.990

**RIALTO** sjónvarpssófi.
Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 3ja sæta
B:205 D:90 H:105 cm. 2ja sæta B:152 D:90 H:105 cm

L A Z B O Y
GLÆSILEGUR
300 FM
SÝNINGARSALUR Í HÚSGAGNAHÖLLINNI REYKJAVÍK

HÚSGAGNAHÖLLIN
REYKJAVÍK | AKUREYRI



TAX FREE
2JA SÆTA
AÐEINS KRÓNUR **362.895**
FULLT VERÐ: 449.990

TAX FREE
3JA SÆTA
AÐEINS KRÓNUR **443.540**
FULLT VERÐ: 549.990

RAF-KNÚINN

**STELLA** Rafdrifinn La-z-boy sófi. Svart og brúnt ekta leður
Stærð: 3ja sæta B:215 D:98 H:104 cm. 2ja sæta B:158 D:98 H:104 cm.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
**OG** Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

Stundum er í lagi að brjóta upp hefðir og prófa nýjar leiðir:

# Breytingar þurfa að vera til gagns

Viðskiptaráð Íslands birti í byrjun vikunnar „skoðun“ þar sem varað er við því að skattbyrði fyrirtækja og heimila komi á næstu áratugum til með að þyngjast verulega verði umfang hins opinbera ekki tekið til endurskoðunar.

Bent er á að opinberar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu séu hér tvisvar til þrisvar sinnum hærri en annars staðar á Norðurlöndum og aldursbreytingar á komandi áratugum eigi eftir að reynast Íslendingum þungur baggi.



**Markaðshornið**

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

**Hvaða skynsemi er til dæmis í því að reka tvo framhaldsskóla á svo til sömu torfunni í miðbæ Reykjavíkur? Af hverju er Kvennó og MR ekki slegið saman í einn skóla með tilheyrandi sparnaði á yfirstjórn og bættri aðstöðu fyrir bæði nemendur og kennara?**

„Aðhaldsaðgerðir stjórnvalda í kjölfar hrunsins hafa fyrst og fremst falist í takmörkun nýrra fjárfestinga í stað hagræðingar í rekstri,“ segir þar. Gleymd virðast áköll fyrri ára um „báknið burt“.

Viðskiptaráð bendir á að útgjöld hins opinbera vegna starfsemi sem ekki teljist til grunnhlutverka þess nema yfir 100 milljörðum króna á ári, eða um 15 prósentum af heildarútgjöldum ríkisins. Þá er mat ráðsins að stjórnvöld raski eðlilegri samkeppni á margvíslegum mörkuðum með ójafnri samkeppni og viðskiptahindrunum og að forgangsröðun verkefna sé nauðsynleg til þess að takast megi á við áskoranir í opinberum fjármálum.

Ljóst má vera að seint verður sátt um hvaða leiðir skuli fara í þessum efnum, en skoðun Viðskiptaráðs er mikilvægt innlegg í þarfa umræðu um þessi mál. Pólitískan kjark þarf til að ganga gegn og brjóta upp áratuga hefðir í útgjöldum ríkisins.

Könnun sem Viðskiptaráð lét gera bendir til þess að hið opinbera starfi á fleiri sviðum en almennur vilji standi til.

„Stjórnvöld fjármagna þannig að hluta starfsemi Íbúðalánasjóðs, þjóðkirkjunnar og Íslandspósts þrátt fyrir að stuðningur við slíka fjármögnun sé takmarkaður,“ segir í skoðun ráðsins. Meiri almennur stuðningur er við að ríkið hafi ríku hlutverki að gegna við rekstur Landspítalans, lögregluembætta, Háskólans og Ríkisútvarpsins (þar sem bara sjö prósent telja að ríkið eigi engu hlutverki að gegna). Samkvæmt könnun Viðskiptaráðs telja 56 prósent að ríkið ætti ekki að koma að fjármögnun þjóðkirkjunnar, 61 prósent að ríkið ætti ekki að reka Íslandspóst og 71 prósent að ríkisfé eigi ekki að renna til Bændasamtakanna.

Niðurstaða þessi er svo afgerandi að hún ætti í það minnsta að vera forsenda frekari skoðunar á vafstri ríkisins í samkeppnisrekstri. Þyngri rök þarf fyrir útgjöldunum en að hlutirnir hafi „alltaf“ verið svona.

Líklega er víða hægt að ná fram hagræðingu með nýrri nálgun, að því gefnu að menn sjái fyrir sér að breytingarnar séu til hagsbóta fyrir allan fjöldann, eða í það minnsta þá sem þjónustuna nota. Hvaða skynsemi er til dæmis í því að reka tvo framhaldsskóla á svo til sömu torfunni í miðbæ Reykjavíkur? Af hverju er Kvennó og MR ekki slegið saman í einn skóla með tilheyrandi sparnaði á yfirstjórn og bættri aðstöðu fyrir bæði nemendur og kennara?

Veigameiri rök þarf svo til að hið opinbera hætti afskiptum af áfengissölu, þar sem sátt hefur verið um stefnu í áfengisvörnum og ekki hefur verið sýnt fram á að þjónusta, eða verðlag verði hagstæðara eftir breytingu.

Umræðan um hlutverk ríkisins er mikilvæg, en hún þarf að byggjast á rökum og skynsemi, ekki frjálshyggjutrúarsetningum eða íhaldssemi.

## Forstjóri Apple kynnti nýtt snjallúr fyrirtækisins




**NÝTT ÚR** Tim Cook, forstjóri Apple, kynnti nýtt Apple-úr í San Francisco á mánudaginn. Þar með er Apple komið á snjallúramarkaðinn. Með snjallúrinu getur fólk hringt og tekið á móti símtölum og jafnframt smáskilaboðum. Byrjað verður að taka við forpöntunum á úrinu þann 10. apríl og verða þær pantanir afgreiddar þann 24. apríl í níu löndum. NORDICPHOTOS/AFP

# Óopinber gögn

**Skoðun**



Baldur Thorlacius,
forstöðumaður
eftirlits Nasdaq

Þessi grein er ekki opinber. Í það minnsta ekki í skilningi laga um verðbréfaviðskipti og reglugerðar um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu sem sett er á grundvelli sömu laga. Er þar um að ræða lög og reglur sem gilda um upplýsingagjöf fyrirtækja og stofnana sem eru með verðbréf skráð í kauphöll eða á markaðstorgi fjármálagerninga (hér eftir „útgefendur“).

Á útgefendum hvílir ströng skylda til þess að upplýsa almenning um allt það sem er líklegt til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfa þeirra. Ákvörðun um hvaða upplýsingar teljast hafa marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfa byggir á mati á því hvernig upplýstir fjárfestar kæmu til með að bregðast við opinberri birtingu slíkra upplýsinga. Með öðrum orðum eiga útgefendur að sjá til þess að almenningur hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að leggja mat á virði verðbréfa þeirra. Geta það verið fjárhagsupplýsingar, upplýsingar um umfangsmiklar fjárfestingar eða upplýsingar um ákvarðanir stjórnvalda, svo dæmi séu tekin.

Að auki skulu slíkar upplýsingar birtar almenningi eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

Lykilatriðið hér er jafnræði. Til útskýringar á titli greinarinnar þá getur birting upplýsinga í Fréttablaðinu, eða öðrum prentmiðli, aldrei uppfyllt jafnræðisskilyrðið eitt og sér, þar sem ekki er hægt að tryggja að allir fái blaðið afhent á sama tíma. Einhverjir kæmu alltaf til með að fá aðgang að upplýsingunum á undan öðrum. Birting upplýsinga á vefnum getur vissulega uppfyllt þetta skilyrði en þá þarf sjálfur birtingarmátinn að vera vel skilgreindur og það þarf að vera fyrirsjáanlegt hvar upplýsingarnar munu birtast. Birting á vefsíðu Vísis, eða öðrum almennum vefmiðli, gæti ekki heldur uppfyllt þetta skilyrði þar sem Vísir hefur, eðli málsins samkvæmt, ekki verið fyrirfram skilgreindur sem meginvettvangur opinberrar birtingar á verðmótandi upplýsingum. Jafnræðið væri því ekki tryggt þar sem fjárfestar ættu ekki von á því að slíkar upplýsingar væru fyrst birtar á vefsíðu Vísis og það gæti því verið tilviljun háð hverjir fengju aðgang að upplýsingunum fyrst.

Regluverkinu er ætlað að tryggja þetta jafnræði en í því er m.a. gert ráð fyrir að upplýsingum sé dreift samtímis til fjölmiðla innan Evrópska efnahagssvæðisins með aðferð sem tryggir örugg samskipti, lágmarkar hættu á óheimilum aðgangi og veitir fullvissu um uppruna upplýsinganna. Sérhæfð fréttadreifingarkerfi eru notuð til þess að birta opinberlega upplýsingar í samræmi við regluverkið. Hver og einn fjölmiðill sem móttekur upplýsingarnar getur síðan ákveðið að miðla þeim áfram til sinna viðskiptavina í rauntíma, en því til viðbótar eru þær birtar samstundis á fréttasíðu Kauphallarinnar. Lykilatriðið er að allir sem hafa áhuga eiga að fá aðgang að upplýsingunum á sama tíma.

Mikilvægt er að fólk sem hefur aðkomu að verðbréfamarkaðnum átti sig á því hvenær upplýsingar hafa verið birtar opinberlega samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og hvenær ekki. Sérstaklega þegar haft er í huga að upplýsingar geta verið opinberar í hefðbundnum skilningi orðsins án þess að teljast opinberlega birtar samkvæmt regluverkinu. Algengur misskilningur er t.d. að upplýsingar sem hafa einungis komið fram á vefsíðu útgefanda, í ræðum forsvarsmanna útgefanda á opinberum vettvangi, í fjölmiðlum eða á vefsíðu stjórnvalda teljist opinberar í skilningi regluverksins. Svo er vissulega ekki. Séu slíkar upplýsingar þess eðlis að þær geta haft marktæk áhrif á markaðsverð viðkomandi verðbréfa, ef birtar opinberlega, gætu þær jafnvel talist innherjaupplýsingar.

# Ávinningur hönnunar

**Hin hliðin**

Þórey Vilhjálmsdóttir
Viðskiptafræði



Ímyndaðu þér heim þar sem þú skildir alltaf bréfin frá skattinum, þyrftir ekki fara á fjölda staða til að safna upplýsingum fyrir greiðslumatið, þyrftir ekki að vera með samviskubit þegar þú notar heilbrigðiskerfið og ekki að hafa áhyggjur af ferðaþjónustu fatlaðra. Allt eru þetta vandamál sem leysa mætti með aðferðafræði hönnunar því hönnun afmarkast ekki við eina vöru, einn stól eða eina flík. Framsækin fyrirtæki og stjórnvöld eru í auknum mæli farin að nýta sér hugmyndafræði hönnunar – þar sem leidd eru saman þverfagleg teymi til stefnumótunar, vöruþróunar og lausna vandamála.

Skotland er eitt margra landa sem þekkja mátt þessarar hugmyndafræði en þar stendur nú yfir verkefni þar sem hið breska „Design council“ vinnur með stjórnvöldum að því að gera stjórnsýsluna skilvirkari og notendamiðaðri. Hönnuðir vinna með opinberum starfsmönnum að því að skilgreina þjónustuna út frá fólkinu sjálfu, notendunum, með því að setja sig í spor þeirra og læra þannig að hugsa þjónustuna út frá þeim – en ekki stofnuninni. Fyrir utan að lækka kostnað og auka starfsánægju, þá ýtir þessi aðferð undir valddreifingu og gegnumgangandi lausnamiðaða hugsun.

En fjárhagslega hliðin skiptir ekki síður máli. Samkvæmt rannsókn „Design council“ á markvissu samstarfi hönnuða, fyrirtækja og stjórnsýslu skilaði hvert pund, sem fyrirtæki vörðu í hönnun, 20 pundum í auknar tekjur, fjórum pundum í aukinn hagnað og fimm punda aukningu útflutningstekna. Í opinbera geiranum skilaði hvert pund skilvirkari rekstri um sex pund, sem er gríðarlegt hagræði fyrir stjórnsýsluna. Þessar tölur sanna það að aðferðir hönnunar mætti nýta enn frekar til þess að skila betri rekstri, þjónustu og hagræðingu. Hönnun tengir saman ólíkar hugmyndir, aðferðir og stefnur og nær að láta þær skila betri árangri sameiginlega en hver í sínu lagi.

Fyrirtæki og stofnanir á Íslandi ættu að vera opin fyrir því að nýta sér þessa aðferðafræði en einhver hafa nú þegar innleitt slík verkefni. Hönnun er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og er gróflega áætlað að greinin velti um 20 milljörðum á ári. Samt sem áður er íslenski hönnunargeirinn aðeins að slíta barnskónum og mun umfang greinarinnar án efa aukast töluvert á næstu árum. HönnunarMars er nú haldinn í sjöunda sinn og er hægt að sækja nær 100 viðburði sem tengjast hönnun á næstu dögum. Ég hvet alla til þess að kynnast þessum fjölbreyttu verkefnum og hugmyndum – sem auðga og bæta samfélag okkar til muna.

# TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR !

**ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR**




| | | |
|---|---|---|
| **69.990** | **29.990** | **49.990** |
| ~~VERÐ 89.990~~ | ~~VERÐ 49.990~~ | ~~VERÐ 69.990~~ |

EPSON
WorkForce Pro

SKOÐA BÆKLING

**LOSAÐU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA**

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

**Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is**

tl.is
TÖLVULISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 138,31 | DKK 19,91 | NOK 17,09 | CHF 138,60 |
| GBP 208,68 | EUR 148,40 | SEK 16,19 | JPY 1,14 |

**FTSE 100**
6.724,51 -153,10 (2,25 %)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 1,9% VÖXTUR

### Mesta landsframleiðsla í 7 ár

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 1,9% á árinu 2014 og hefur ekki verið hærri að raungildi frá árinu 2008. Hagstofan segir að innanlandsneyslan dragi hagvöxtinn áfram en þjóðarútgjöld jukust um 5,3%. Einkaneysla jókst um 3,7%, samneysla um 1,8% og fjárfesting jókst um 13,7%. Útflutningur jókst um 3,1% á sama tíma og innflutningur jókst um 9,9% þannig að þrátt fyrir verulegan afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum á liðnu ári, eða 128 milljarða króna, dró utanríkisverslun hagvöxtinn niður.

**06.02.2015** Það má segja að fyrsta skrefið hafi verið stigið með því að Seðlabankinn hætti útboðum. Nú erum við að fækka fjárfestingakostum sem aflandskrónueigendur geta sótt í. Og næsta skref verður þá það að bjóða upp á aðra valkosti sem eru sniðnir að áætlun stjórnvalda um það hvernig höftin verða afnumin.

***Bjarni Benediktsson,***
*fjármála- og efnahagsráðherra.*



## 2 VEITINGASTAÐIR

### Fyrsta áfanga í Leifsstöð lokið

Fyrsta áfanga við endurnýjun á verslunar- og veitingasvæði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er lokið með opnun tveggja nýrra veitingastaða og einnar verslunar. Framkvæmdir á svæðinu halda áfram og verður lokið í áföngum fram í miðjan maí. Veitingastaðirnir Mathús og Loksins Bar, hafa tekið til starfa. Þá hefur Optical Studio opnað verslun sína á nýjum stað en verslunin hefur verið í flugstöðinni í 16 ár. Isavia telur að endurhönnun flugstöðvarinnar og útboð verslunar- og veitingasvæðis hafi verið nauðsynlegt til þess að mæta auknum farþegafjölda á flugvellinum en um fjórar milljónir farþega fóru um völlinn á síðasta ári.

## STJÓRNAR-MAÐURINN

### Grundvallar-spurningar um RÚV

Morgunblaðið fjallaði í vikubyrjun um málefni Ríkisútvarpsins og kvað leiðarahöfundur nokkuð fast að orði.

**VELTI HANN M.A. UPP** þeirri spurningu hvort ekki kæmi til greina að ríkið semdi við Bylgjuna um að gegna því öryggishlutverki sem hingað til hefur hvílt á herðum RÚV. Benti hann á þá staðreynd að Bylgjan hefur meiri hlustun en útvarpsrásir RÚV.

**RITSTJÓRI MORGUNBLAÐSINS** veltir þarna upp grundvallarspurningu um RÚV. Það er ágætis tilbreyting, en umræðan hefur oftar en ekki litast af pólitík, sem verður til þess að tími vinnst ekki til að ræða grundvallaratriði um stöðu ríkisútvarps í nútímasamfélagi.

**HVAÐ ÖRYGGISHLUTVERKIÐ** varðar þá telur stjórnarmaðurinn, líkt og ritstjóri Morgunblaðsins, að aðrar lausnir séu raunhæfar. Þannig mætti hugsa sér eins og hann gerir að ríkið semdi við einkareknu miðlana um að gegna þessu hlutverki, en einnig mætti skoða hvort ekki er hægt að leggja skyldur í þessum efnum á fjölmiðla við veitingu t.d. útvarpsleyfa.

**SÍÐAST EN EKKI SÍST** má spyrja hvort lögboða sé nokkuð þörf í þessum efnum, enda er ekki hægt að segja að einkareknu miðlarnir láti sitt eftir liggja þegar kemur að umfjöllun um náttúruhamfarir eða álíka viðburði.

**UNDANFARIN ÁR** hefur umræða um RÚV oftar en ekki snúist um bága fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Á sama tíma hefur verið ákall eftir auknu vægi innlendrar dagskrárgerðar hjá stofnuninni, á kostnað erlends skemmtiefnis.

**FÓLK** leyfir sér að horfa fram hjá þeirri staðreynd að framleiðsla á innlendu efni frá grunni er margfalt dýrari en innkaup á erlendu efni. Því er ljóst að RÚV getur ekki bæði haldið núverandi formi, þ.e.a.s. haldið úti öllum sínum miðlum, og um leið aukið stórkostlega vægi innlendrar framleiðslu.

**KALL EFTIR** aukinni áherslu á innlenda dagskrárgerð er því um leið kall eftir breyttu hlutverki stofnunarinnar. Ríkisútvarpið er líka á auglýsingamarkaði, og étur þar mikilvægar tekjur fyrir einkarekin fjölmiðlafyrirtæki á markaðnum. Það er ekki hlutverk hins opinbera að leggja stein í götu einkaaðila.

**STJÓRNARMAÐURINN** er ekki andstæðingur ríkisrekinna fjölmiðla. Þvert á móti telur hann þá í aðstöðu til að sinna umfjöllunarefnum sem annars er hætt við að falli milli skips og bryggju, má þar nefna heimildarmyndir um ýmis málefni og fréttatengda umfjöllun, sbr. BBC í Bretlandi.

**ÍSLENDINGAR** verða hins vegar að gera upp við sig hvernig ríkisútvarp þeir vilja. Það verður ekki bæði sleppt og haldið.

@stjornarmadur


NestléHealthScience
Nestlé Nutrition

# Drykkir sem vinna gegn vökvatapi




## Resorb™ Sport

### Íþróttadrykkur sem bætir upp vökvatap

Íþróttadrykkur með kolvetna- og saltablöndu sem bætir upp vökvatap við líkamlegt álag. Magnesíum söltin hjálpa til við að viðhalda eðlilegri vöðvastarfsemi og minnka líkur á magnleysi.

- Stundar þú úthaldsíþróttir?
- Ertu þróttlaus í ræktinni?
- Ertu að fara í skíðaferð eða fjallgöngu?
- Færðu vöðvakrampa við æfingar?
- Svitnar þú mikið við áreynslu?
- Viltu íþróttadrykk sem er laus við t.d. litarefni og örvandi efni?
- 10 bréf í pakka.
- Innihald úr einu bréfi leyst upp í 250ml af vatni.

## Resorb™

### Freyðitöflur sem koma jafnvægi á salt- og vökvabirgðir líkamans

Bragðgóður drykkur sem einkum er notaður vegna niðurgangs, uppkasta og annars vökvataps.

- Lausn við vökvatapi, eftir t.d. niðurgang og uppköst.
- Gott í flensu með háum hita og svitakófi.
- Reynist vel þegar dvalið er í heitum löndum.
- Reynist vel daginn eftir áfengisnotkun.
- 20 töflur í pakka.
- 2 töflur leystar upp í 250ml af vatni.
- Má nota frá 3ja ára aldri.
- Þrjár bragðtegundir:
  Appelsína • Hindber • Sólber

**Fæst í flestum apótekum.**

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

FASTUS
Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_200315

**Fastus ehf.** • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

## fasteignir



# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA

vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!




## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Laufengi 162

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fallegt 119,4 fm. raðhús á tveimur hæðum í Grafarvogi. Stofa og borðstofa með útgengi í afgirtan garð í suður. Fjögur herbergi auk fataherbergis á gangi. Suðursvalir út af hjónaherbergi. Garður er hellulagður með antik hellum og með fallegum gróðri. Tvö bílastæði fyrir framan hús. Bílskúrsréttur. **Verð 38,5 millj.**
**Góð staðsetning í nágrenni við skóla, íþróttaaðstöðu og verslanir.**

## www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



## **Grímsbær,** skrifstofur á 2. hæð

Um 695 m² skrifstofuhæð til leigu við Efstaland 26, með inngang við Bústaðaveg, í lengri eða skemmri tíma. Hæðin er björt með nokkrum skrifstofum, fundarherbergjum og opnu vinnurými. Ágætis eldhús og stórar suðursvalir.

Í Grímsbæ er fjölbreytt þjónusta við höndina, næg bílastæði eru við húsið og góð aðkoma er að skrifstofuhæðinni bakatil.

# TIL LEIGU

Nánari upplýsingar á **www.reitir.is**
og hjá Halldóri Jenssyni, forstöðumanni
sölusviðs, í **840 2100** eða **halldor@reitir.is**

Reitir fasteignafélag   Kringlan 4–12   103 Reykjavík   www.reitir.is   575 9000

REITIR
*Velkomin til starfa*



2 | 20:00
**MARGRA BARNA MÆÐUR**
Vandaður íslenskur þáttur þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en gengur og gerist í dag, fylgist með heimilislífinu og forvitnast um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stórum heimilum.

FJÖLBREYTT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**

Fáðu þér áskrift á 365.is
365



2 | 20:30
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



2 | 21:15
**TOGETHERNESS**
Vandaðir gamanþættir sem fjalla um tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.



2 | 21:40
**FOREVER**
Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttarmeinafræðing sem á sér afar litríka og langa fortíð. Hann getur nefnilega ekki dáið.



b | 22:00
**WRATH OF THE TITANS**
Spennandi ævintýramynd með Liam Neeson, Ralph Fiennes, Bill Nighy og Sam Worthington í aðalhlutverkum.



G | 21:20
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



Krakkastöðin | 19:00
**PUSS IN BOOTS**
Skemmtileg teiknimynd sem túlkar frjálslega gamla góða ævintýrið um Stígvélaða köttinn.

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 1 | | 5 | | |
| | | | | 6 | | 9 | | 7 |
| | | 1 | 5 | | 9 | 2 | | 3 |
| 3 | | | | 8 | | | | |
| | 1 | | | 3 | | | 2 | 4 |
| 4 | | 6 | | | | | | 5 |
| | 4 | 8 | 7 | | | 3 | 9 | |
| 6 | | 9 | 1 | | | | | |
| 1 | 7 | | 8 | | | | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 4 | 6 | | | | | |
| 5 | | 3 | 7 | | | | | |
| 6 | 9 | | 2 | | | 5 | | 8 |
| 8 | | | | 6 | | 4 | | |
| 3 | | 7 | | 4 | | | | |
| | 1 | 9 | | | 5 | 8 | | |
| | | | | | | | 9 | 5 |
| | 7 | | 1 | 8 | 2 | | | 6 |
| | | | | | | | | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2 | 6 | | |
| | | | | | | | 2 | |
| | | 9 | 3 | | 1 | | 5 | 8 |
| 6 | 1 | | | | 3 | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 8 | | | |
| | | | 9 | 5 | | | | 1 |
| | 8 | | | | 5 | 1 | | |
| | 2 | 7 | 8 | | | | 6 | |
| 5 | | | 4 | 6 | | | 8 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 | 1 |
| 6 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 4 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 3 | 2 | 6 | 1 | 5 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 6 |
| 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 | 9 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 5 | 6 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 8 | 9 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 | 4 | 5 |
| 1 | 3 | 5 | 4 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 4 | 2 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 7 | 5 | 4 | 1 |
| 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 6 | 8 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 7 | 1 | 5 | 8 | 6 | 9 | 3 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Sóaðu ekki nýjum tárum á gamlar sorgir.“**
*Evripídes.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** ógrynni, **8.** tangi, **9.** skordýr, **11.** Í röð, **12.** móðins, **14.** opinber gjöld, **16.** hvað, **17.** af, **18.** kærleikur, **20.** pfn., **21.** vísupartur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gas, **3.** utan, **4.** ávaxtatré, **5.** suss, **7.** kvarnast, **10.** þrá, **13.** kóf, **15.** rótartauga, **16.** rámur, **19.** drykkur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** of, **8.** nes, **9.** fló, **11.** rs, **12.** tísku, **14.** skatt, **16.** ha, **17.** frá, **18.** ást, **20.** ég, **21.** stef.
**LÓÐRÉTT: 1.** loft, **3.** án, **4.** perutré, **5.** uss, **7.** flísast, **10.** ósk, **13.** kaf, **15.** tága, **16.** hás, **19.** te.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jacek Stopa (2544) vann góðan sigur á Per Kr. Vigdal (1985) í fyrstu umferð Reykjavíkurskákmótsins í gær.**

**Hvítur á leik**



**39. Hxf5+! Bxf5 40. Hxf5+ Kg6 41. Bxe5** og svartur gafst upp. 273 skákmenn tefla í Reykjavíkurskákmótinu–Afmælismóti Friðriks Ólafssonar sem hófst í gær.

**www.skak.is** Tvær umferðir í dag kl. 10 og 17.


QUICK·STEP
Quick Step, tryggðu þér alvöru harðparket
Vatnshelt harðparket með Hydra Seal.
Meiri pressun í millikjarna og 100% lokuð fösun á milli borða.
25 ára ábyrgð.
Allt að 10 sinnum meira rispuþol en áður.
EIK IMPRESSIVE
Verð áður 6.490
Vsk breyting -78 kr
Vörugjalda lækkun -280 kr
Útsöluafsláttur 35% -2.146 kr
Samtals:
3.986
HARÐVIÐARVAL
Harðviðarval ehf I Krókhálsi 4 I 110 Reykjavík I Sími 567 1010 I www.parket.is

## Sungið á Björtuloftum

Söngvarakvöld Múlans verður á Björtuloftum í kvöld.

„Ég ætla að vera með dagskrá til heiðurs bandarísku djasssöngkonunni, tónskáldinu og baráttukonunni Abbey Lincoln,“ segir Guðlaug Ólafsdóttir söngkona um framlag sitt á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í kvöld. Hún mun koma þar fram með hljómsveit sinni, ásamt Kristbirni Helgasyni og kvartett hans sem reyndar ríður á vaðið með brasilíska tónlist og lög úr amerísku söngbókinni. Tónleikarnir eru í Björtuloftum í Hörpunni og hefjast klukkan 21.



**DJASSSÖNGKONAN** Guðlaug Dröfn kemur fram með hljómsveit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚRVAL ÚTSÝN

HJÁ OKKUR FERÐAST TASKAN ALLTAF FRÍTT MEÐ

BÓKAÐU Á UU.IS

MOTTU MARS

Örráðstefna um karla og krabbamein

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins boðar til örráðstefnu **fimmtudaginn 12. mars** 2015 kl. 16:30-18:00 í húsi félagsins að Skógarhlíð 8

16:30 Jakob Jóhannsson formaður Krabbameinsfélags Íslands setur ráðstefnuna

16:35 **Eru karlar sterkara kynið?** Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir

16:55 **Karlar „með öllu“ – og stoltir af því** Gunnar Rúnar Matthíasson sjúkrahúsprestur

17:15 **„Róbót-skurðlækningar“** Rafn Hilmarsson þvagfæraskurðlæknir

17:35 **Réttindabarátta karla – mín upplifun** Hannes Ívarsson

17:45 Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri: Adolf Guðmundsson

Allir velkomnir – ókeypis aðgangur

Krabbameinsfélagið

# Ég er mella og miðill

Hönnunarsafn Íslands efnir til sýningar á hönnun Ámunda Sigurðssonar.

Ámundi Sigurðsson hönnuður hefur starfað sem grafískur hönnuður síðustu þrjátíu árin og upplifað róttækar tæknibyltingar með tilheyrandi auknum hraða og útbreiðslu grafískrar hönnunar í öllu okkar umhverfi. Í dag verður opnuð yfirlitssýning á verkum Ámunda í Hönnunarsafni Íslands þar sem hann sýnir gríðarlega fjölbreytta og áhugaverða flóru verka sem hann hefur unnið á ferlinum.

„Mér finnst þetta fyrst og fremst mikill heiður og er afskaplega þakklátur fyrir þetta tækifæri. Ég gerði mér kannski ekki alveg grein fyrir því hvað ég var að fara út í með svona yfirlitssýningu því undirbúningurinn er búinn að vera alveg gríðarleg vinna. En nú er ég loksins búinn að skera niður og byrjaður að hengja upp.“

Ámundi lítur ekki svo á sem það sé einhver einn ákveðinn stíll sem einkenni hann sem hönnuð. „Þegar ég fór að taka saman allt þetta efni og gefa mér tíma til þess að skoða þetta þá sá ég í raun marga Ámunda. Ég fór því að velta því fyrir mér hver ég væri í þessu tilliti. Niðurstaðan var að ég er í raun mella og miðill. Það er þetta tvennt sem ég geri og tekst á við í mínu starfi frá degi til dags. Með mella þá á ég nú við þann hluta vinnunnar sem er unninn beint eftir pöntun fyrir ákveðna viðskiptavini; auglýsingar, merki o.s.frv. Eftir öll þessi ár vil ég meina að ég sé nú orðinn nokkuð góð mella – góður við mína viðskiptavini og svo kem ég með ný trikk handa þeim af og til. Svo er það stundum þannig þegar maður er í leitinni að hugmyndum þá fer hugurinn svolítið til hliðar og þá kemur einhver í gegn. Ég held að þetta sé svona einhvers konar flæði sem er þarna fyrir ofan okkur og þeir sem eru að gera góða hluti virka þá oft eins og miðlar.

Það hefur nú tekið mig drjúgan tíma að þroskast og læra að treysta. Þora að gefa sér tíma til þess að horfa á það sem maður telur kannski til mistaka því þá reynast þar oft björtustu gimsteinarnir. Til þess að það gerist þarf maður að slaka á og leyfa þessu að koma. Ef þetta á að ganga upp verður maður að láta af allri meðvirkni við viðskiptavininn og fylgja því sem maður trúir á. Þannig veiti ég miklu betri þjónustu með því að skila margfalt betra verki.“

magnus@frettabladid.is



**ÞAKKLÁTUR** Ámundi Sigurðsson hefur á orði hversu þakklátur hann sé fyrir það tækifæri að fá að skoða feril sinn með þessum hætti og leyfa öðrum að njóta þess með honum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Til þess að það gerist þarf maður að slaka á og leyfa þessu að koma.



**Í CRYMOGEU** „Okkur finnst þetta afar skemmtilegt efni og höfum ekki náð að slíta okkur frá því ennþá,“ segir Anna Dröfn sem hér er með Guðna manni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HALLGRÍMSKIRKJA** Ein af nokkrum skissum Guðjóns Samúelssonar arkitekts af Hallgrímskirkju, á sýningunni í Crymogeu.

# Úrval mynda sem ekki er í bókinni

Reykjavík sem alls ekki varð er efni HönnunarMars-sýningar Crymogeu á Barónsstíg 27 sem er í höndum Önnu Drafnar Ágústsdóttur og Guðna Valberg.

„Þetta er bókin sem ekki varð. Úrval mynda sem ekki fengu að vera með í bókinni Reykjavík sem ekki varð en fá nú sitt tækifæri á HönnunarMars,“ útskýrir Anna Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðingur þegar forvitnast er um sýninguna í Crymogeu sem opnuð er í dag. Hún tekur fram að Guðni Valberg, eiginmaður hennar, sé arkitekt að sýningunni en þau hafi skrifað bókina saman.

Þriðja prentun af bókinni var að koma út en hún seldist upp fyrir jól. Anna Dröfn er ánægð með viðtökurnar. „Okkur finnst þetta afar skemmtilegt efni og höfum ekki náð að slíta okkur frá því enn þá.“

Þeir sem halda að byggingar fæðist fullskapaðar í höfði arkitekta komast að öðru á sýningunni. Meðal mynda þar eru skissur af Hallgrímskirkju og þar sést hugsanaferlið sem Guðjón Samúelsson, arkitekt hennar, fór í gegnum. Svo eru þar líka myndir af borginni eins og hún er, sem módelin hafa verið sett inn í. Þá getur fólk séð muninn á því hvernig borgin hefði mögulega getað orðið og því hvernig útkoman varð.

Eða eins og Anna Dröfn segir: „Við setjum skissurnar í samhengi við borgina eins og við þekkjum hana.“

gun@frettabladid.is

# ÍMARK-dagurinn
## 13. mars 2015

**DAGUR ÍSLENSKS MARKAÐSFÓLKS VERÐUR HALDINN FÖSTUDAGINN 13. MARS, KL. 9–16 Í HÁSKÓLABÍÓI**

Á ÍMARK-deginum gefst einstakt tækifæri til að heyra allt um Content Marketing frá helstu sérfræðingum heims.

# Content Marketing
# Efnis-markaðssetning



Fundarstjóri
**Birna Einarsdóttir**
*Bankastjóri Íslandsbanka og Markaðsmaður ársins*



**Guðni Rafn Gunnarsson**
*Sviðsstjóri fjölmiðlarannsókna Gallup*
Kynning á niðurstöðum markaðskönnunar



**Jack Sichterman**
*Stofnandi Einstök Ölgerð*
Do the Math: Reducing a Million to One with Content Marketing



**James Larman**
*Yfirmaður dætlanagerðar hjá DRUM*
How to Make Awesome Content



**Maryssa Miller**
*Yfirmaður stafrænna viðskipta hjá JetBlue*
Re-architecting the Customer Experience for the Digitally Connected Generation



**Mads Holmen**
*Stofnandi Bibblio*
The Attention Economy



**Miguel Gonzalez**
*Group Strategy Director hjá Havas Worldwide Chicago*
How Big Data Drives Consumer Insights For Brands

Skráning á Lúðurinn og ÍMARK-daginn fer fram á **imark.is**.

**Fyrirlestrardagur**
kl. 9–16.
Kaffiveitingar og hádegisverður.

Almennt verð: 45.900 kr.
Verð fyrir ÍMARK-félaga: 34.900 kr.
Nemaverð: 15.900 kr.

**Lúðurinn**
Fordrykkur hefst kl. 17.
Verðlaunaafhendingin hefst kl. 18.

Almennt verð: 7.900 kr.
Verð fyrir ÍMARK-félaga: 5.900 kr.
Nemaverð: 3.500 kr.

ÍMARK

# Munu bjóða fólki að eiga í samtali við letur

Fyrsta og eina leturútgáfan á landinu stendur fyrir óvenjulegum og öðruvísi gjörningi í versluninni Geysi.

„Okkur langar að fá fólk til að taka þátt í samtali, sem allajafna á sér aðeins stað á netinu,“ segir Guðmundur Úlfarsson sem stendur fyrir öðruvísi gjörningi í verslun Geysis við Skólavörðustíg á morgun.

„Hugmyndin er í grunninn sú að tengja saman það sem gerist á bak við skjáinn við það sem er að gerast í kjötheimum, og skapa þar vettvang fyrir ákveðið samtal sem annars getur verið erfitt að koma á,“ útskýrir Guðmundur.

Guðmundur á Or Type, fyrstu og einu leturútgáfu á Íslandi, ásamt hinum danska Mads Freund Brunse. Þeir hanna leturgerðir og selja en leggja áherslu á að skapa lifandi letur sem ögrar fyrirfram gefnum hugmyndum um hvernig letur skuli vera.

Hingað til hafa grafískir hönnuðir verið langstærsti kúnnahópur þeirra. „Þetta er kannski eina fyrirtæki sinnar tegundar hér á landi, en samkeppnin er engu að síður mikil þar sem engin landamæri eru til staðar í þessum geira,“ bætir Guðmundur við.

Gestum og gangandi verður boðið að taka þátt í gjörningnum upp úr klukkan hálf átta annað kvöld í verslun Geysis við Skólavörðustíg. **- ga**

> **Hugmyndin er í grunninn sú að tengja saman það sem gerist á bak við skjáinn við það sem er að gerast í kjötheimum.**



**LETURHÖNNUÐUR** Guðmundur Úlfarsson á einu leturútgáfu landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# Hvað er vísindafólk að rannsaka?

**Fimmtudaginn 12. mars kl. 14-17 verður opin kynning á Rannsóknasjóði og fjölbreyttum verkefnum sem sjóðurinn styrkir. Kynningin verður haldin á Hótel Sögu, 2. hæð.**

Markmið kynningarfundarins er að kynna starfsemi sjóðsins og það fjölbreytta vísindastarf sem hann fjármagnar. Á dagskránni verða áhugaverð erindi og veggspjaldakynningar þar sem vísindafólk kynnir rannsóknir sínar á öllum sviðum vísinda.

Fundarstjóri verður Brynja Þorgeirsdóttir, fjölmiðlakona. **Allir velkomnir!**

## Dagskrá:

**14:00-15:30 Opnun og kynningar verkefna**
Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, opnar fundinn.
Guðrún Nordal, formaður stjórnar Rannsóknasjóðs, flytur ávarp.

**Verkefnakynningar (í stafrófsröð):**

**Forspárþættir heilsu og hegðunar meðal ungs fólks.**
Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

**Meðfædd bakteríudrepandi peptíð gegn sýkingum og ónæmum bakteríustofnum.**
Guðmundur H. Guðmundsson, prófessor við Háskóla Íslands.

**Rannsókn á einhleypum konum í hópi vesturfara, 1870-1914.**
Sigríður Matthíasdóttir, fræðimaður við Reykjavíkurakademíuna.

**Vöktun virkra jarðskjálftasprungna og kortlagning jarðskjálftaáhættu í þéttbýli.**
Benedikt Halldórsson, vísindamaður við Háskóla Íslands.

**Þróun rafefnahvata fyrir vistvæna og sjálfbæra eldsneytis- og áburðarframleiðslu.**
Egill Skúlason, dósent við Háskóla Íslands.

**15:30-17:00 Veggspjaldasýning**
Kynnt verða 40 verkefni sem hlutu nýja styrki á árunum 2013 og 2014.

**Í lok kynningar verður boðið upp á léttar veitingar.**

Rannsóknasjóður rannís
www.rannis.is

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




**ÞETTA SOKKAR** Hluti hópsins sem tekur þátt í sýningunni Þetta sokkar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sokkar bekkjarfélaga eru innblásturinn

Nemendur í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands vinna verk úr bæði hreinum og óhreinum sokkum.



„Ég fékk hreina sokka, kannski fengu einhverjir aðrir skítuga. Það var alveg gert grín að því, að gefa einhverja skítuga táfýlusokka,“ segir Iona Sjöfn Huntingdon-Williams, nemi á öðru ári í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands.

Iona og bekkjarfélagar hennar taka þátt í Hönnunar-Mars og verða með sýningu sem nefnist Þetta sokkar. Verkin á sýningunni eru unnin úr sokkum bekkjarfélaganna. „Allir fá frjálsar hendur með það sem þeir vilja gera,“ segir Iona og sjálf er hún að gera bol og plakat en sokkarnir voru ætlaðir til innblásturs en ekki til þess að taka of bókstaflega.

„Fer bara eftir sokkatýpunum, hvaða lit maður fær. Hvort maður fær litríka sokka eða bara gráa eða svarta sokka.“

Bekkinn langaði til þess að taka eitthvað hversdagslegt og gera það skemmtilegt. „Það er bara eitthvað við það að setja sig í spor annarra, kannski eru hönnuðir líka þekktir fyrir að vera í svolítið litríkum og skemmtilegum sokkum,“ segir Iona og bætir hlæjandi við: „Svo fannst okkur Þetta sokkar svo skemmtilegt nafn.“

Gestum sýningarinnar gefst kostur á að sjá bæði verkin og sokkapörin á sýningunni. „Parið sem er innblásturinn verður við hliðina á verkinu svo fólk geti séð tengingarnar.“

Sýningin verður opnuð í Hornsílinu, Sjóminjasafni Íslands, þann 13. mars klukkan 17.00. **- gló**

> **Fer bara eftir sokkatýpunum, hvaða lit maður fær. Hvort maður fær litríka sokka eða bara gráa eða svarta sokka.**


FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


SKÍÐA- OG
BRETTADAGAR
30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÍÐA-
OG BRETTAVÖRUM
SKÍÐADEILDIN ER Í GLÆSIBÆ
(Skíði og bretti fást einnig í Smáralind)
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

SAMBÍÓIN
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA




THE THEORY OF EVERYTHING

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| FOCUS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| FOCUS VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 - 10:20 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:40 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 5:20 - 10:10 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | |
| FOCUS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 - 10:40 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 8 |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 5:30 - 8 - 10:10 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 5:30 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| THE IMITATION GAME | KL. 10:10 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI** | |
| FOCUS | KL. 8 - 10:40 |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 - 8 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:40 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| FOCUS | KL. 8 - 10:20 |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 10 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| FOCUS | KL. 8 - 10:20 |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 10:20 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ









SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE DUFF | KL 3.30 - 5.45 - 8 | 12 |
| CHAPPIE | KL 8 - 10.40 | 12 |
| CHAPPIE LÚXUS | KL 5 - 8 - 10.40 | 12 |
| ANNIE | KL 5 | L |
| HRÚTURINN HREINN | KL 3.30 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL 10.20 | 16 |
| KINGSMAN | KL 8 - 10.45 | 16 |
| PADDINGTON | KL 5.45 - ÍSL TAL | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GRUMP | KL 5.30 - 8 - 10.40 | L |
| CHAPPIE | KL 10.20 | 12 |
| ANNIE | KL 5.30 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | KL 5.30 - 8 | 16 |
| BIRDMAN | KL 8 - 10.30 | 12 |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL 5.30 - 8 - 10.20 - ÍSL TEXTI | L |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI





| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE DUFF | 5:50 | 12 |
| CHAPPIE | 8, 10:10 | 12 |
| STILL ALICE | 5:50, 8 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | 10:30 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | 5:50 | L |
| KINGSMAN | 10:10 | 16 |


# Neitaði að fara aftur í Granna


KYLIE MINOGUE

Áströlsku söngkonunni Kylie Minogue var boðið að koma fram í sérstökum stjörnuþætti af Nágrönnum, en hafnaði því. Minogue fór með hlutverk Charlene Mitchell í Nágrönnum á níunda áratugnum og sló í gegn í kjölfarið. „Ég hugsaði um að fara aftur í þáttinn, en ég held að það myndi ekki gera karakternum Charlene neinn greiða. Það hefur liðið svo langur tími að það hefði verið óeðlilegt og sennilega ekki gengið upp,“ segir hún. Minogue hætti í Nágrönnum árið 1988 eftir að hafa leikið í þáttunum í tvö ár. Þær stjörnur sem verða í þættinum eru Guy Pearce, Delta Goodrem og Margot Robbie.


**OF GRÓFT** Myndin hefur farið fyrir brjóstið á mörgum.

## 20 mínútum styttri skuggar

Kynlífsatriði í kvikmyndinni 50 Shades of Grey, sem byggð er á samnefndri bók E.L. James, þóttu of gróf fyrir bíógesti í Víetnam og var gripið til þess ráðs að klippa atriðin úr myndinni. Alls var hún stytt um tuttugu mínútur. Myndin hefur nú þegar verið bönnuð í kvikmyndahúsum víða um heim, meðal annars á Indlandi, í Malasíu og Indónesíu. Ekki er vitað hvort um öll kynlífsatriði myndarinnar er að ræða, en líklegt þykir að lokaatriði myndarinnar, sem hefur farið fyrir brjóstið á mörgum, hafi verið klippt út.


**SWIFT Í SVEIFLU** Söngkonan tekur enga áhættu á tekjutapi, enda ástæðulaust með öllu. NORDICPHOTOS

## Rándýrir leggir

Á dögunum kvisaðist út að söngkonan Taylor Swift hafi búið svo um hnútana fyrir tónleikaferð sína, 1989 World Tour, að leggir hennar væru tryggðir ef eitthvað kæmi upp á.

Leggir poppprinsessunnar eru því tryggðir fyrir litlar fjörutíu milljónir Bandaríkjadala. Það samsvarar rúmlega fimm og hálfum milljarði íslenskra króna.

Heimildarmenn segja Swift hafa orðið furðulostna yfir tölunum þegar þær komu í ljós. Swift þykir þó vissulega hafa tilefni til fjárfestingarinnar, en þessir lögulegu leggir leika stórt hlutverk í tónleikahaldi skvísunnar.

# Vonskuveður í beinni

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Búa sig undir vonskuveður – Flugi aflýst vegna veðurs – Líklega versti vetur í áraraðir – Hviður allt að 55 metrar á sekúndu – „einum gír ofar en venjulegur stormur“!

**ÞETTA** voru fyrirsagnirnar á „mest lesið“-listum vefmiðlanna þegar ég kíkti þangað inn eftir hádegið. Óveðrið átti reyndar að skella á á hádegi en lét aðeins bíða eftir sér. „Maður hefur nú alveg séð það verra,“ sögðu einhverjir og grínuðust með að það væri ekkert við að fara út í „þetta“ veður. En svo brast það á. Útsýnið út um gluggann minn snarbreyttist á hálftíma. Ég sá ekkert, horfði bara inn í eitthvað hvítt og óráðið. Stundum var eins og ég væri að horfa inn í biluðan sjónvarpsskjá, eins og þeir voru í gamla daga. Stundum rétt grillti ég í grenitrén handan götunnar, svo alveg hvítt. Ég heyrði í vindinum, eins og í litlum drunum og það slóst eitthvað til úti. Mér fannst hljóðið koma ofan af þakinu.

**ÉG** las viðtal við flutningabílstjóra sem hafði aldrei vitað annan eins vetur, stanslaust þurft að setja á keðjurnar og fresta ferðum. Hann virtist vera orðinn þreyttur á þessu. „Samgöngur lamast“, var næsta fyrirsögn sem ég las og um leið fékk ég póst frá frístundaheimilinu, „ekkert barn má ganga heim“. Á Facebook birti fólk myndir af veðrinu, bílum á hliðinni, strætó þversum, ófært var orðið upp í Hafnarfjörð og í uppsveitum Kópavogs og björgunarsveit fór að sækja 35 leikskólabörn sem voru strandaglópar.

**ÞAÐ** bætti í drunurnar, óyndi setti að fólki í kringum mig, það stóð upp, gekk um gólf, horfði út. Símar hringdu og fólk reyndi að skipuleggja heimför. Fréttir af margra bíla árekstrum um alla borg settu strik í reikninginn, sumir drifu sig af stað, aðrir ákváðu að bíða. Skyggnið skánaði en þó bætti í vindinn. Grenitrén svignuðu og glamrið uppi á þaki byrjaði aftur. Svo fór að rigna.

**ÉG** dró á mig gúmmístígvélin, herti mig upp til heimferðar og reyndi að rifja upp hvort ég hefði lokað stofuglugganum.



**STOLT** Laufey með portrettmyndirnar sínar, sem eru jafn ólíkar og þær eru margar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vann portrettmyndir af ókunnugu fólki

Laufey Jónsdóttir fór óvenjulega leið til þess að vinna að sýningu sinni Persona en hún tók viðtöl við ókunnugt fólk og vann portrettmyndir út frá viðtölunum.

Laufey Jónsdóttir opnar sýninguna Persona í Norræna húsinu í dag. Á sýningunni má finna þríviðar portrettmyndir af fólki sem Laufey tók viðtal við, en leitaðist við að finna fólk sem hún þekkti lítið, helst ekkert.

„Það var svolítið erfitt að finna fólk sem ég þekkti ekki neitt, svo ég treysti mikið á vini og vandamenn að hjálpa mér,“ segir Laufey.

Það kom henni á óvart hversu vel fólk tók í verkefnið. „Það sögðu bara allir já strax og tóku vel í þetta. Það var líka ómetanlegt hvað þau voru tilbúin að deila miklu með mér, bæði gleði og sorgum.“

Samtals fékk Laufey níu manns í verkefnið. Hún tók klukkutíma langt viðtal við hvern og einn. Út frá viðtalinu vann hún svo myndirnar. „Fólkið málaði þannig sína eigin mynd með sínum sögum. Ég túlkaði sögurnar svo á minn hátt og túlkaði þannig hvern einstakling fyrir sig. Svo munu áhorfendur túlka það sem þeir sjá á sinn hátt,“ segir Laufey.

Laufey valdi þessa aðferð til að gefa sjálfri sér ramma til að vinna innan. „Fólkið gaf mér rammann með minningum sínum og þannig fékk ég efni til þess að vinna úr.“

> **Fólkið málaði þannig sína eigin mynd með sínum sögum.**

Einn viðmælenda Laufeyjar var nágranni hennar, sem hvorki talar ensku né íslensku. „Við höfum verið vinir lengi, en aldrei getað talað saman. Konan hans bauðst til þess að túlka fyrir mig svo ég gæti tekið viðtal við hann og kynnst honum betur,“ segir Laufey.

Sýningin verður opnuð kl. 16 í dag í Norræna húsinu og verður opin til 29. mars. adda@frettabladid.is




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Wild tales .......... 18.00
Óli prik .......... 18.00
Whiplash .......... 18.00
What we do in the shadows .......... 20.00, 22.20
Blowfly park .......... 20.20
Trip to Italy .......... 20.00
Íslenska krónan .......... 22.00




Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
bannað er að mismuna börnum eftir því hvað foreldrar þeirra gera.



Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA
í BESTA ÞREP!
365
365 GSM sérsníður þjónustuna að notkun hvers og eins. Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og 0 SMS-um. Það fer síðan eftir notkun í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn. Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa, ávallt vissir um að vera í réttri leið.
0–60 mín. og SMS
0 kr.
60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
60–365 mín. og SMS
2.990 kr.
365 mínútur og 365 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
Endalaust
4.990 kr.
Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa vissir um að vera í réttri leið.
365.is
Sími 1817
Þú færð 20 GB ljóshraðanet, 100 mín. í heimasíma og 60 mín. og 60 SMS í GSM á 0 kr. ef þú kaupir valdar sjónvarpsáskriftir hjá 365.
GAGNAMAGNSPAKKAR FYRIR NETIÐ Í SÍMANUM
500 MB 790 kr.
1 GB 1.190 kr.
5 GB 1.990 kr.
15 GB 3.990 kr.
-2.490 kr.
Inngöngutilboð með tilboðspökkum 1.500 kr.
PIPAR\TBWA . SÍA

**MIKILVÆGI DAMONS JOHNSON FYRIR KEFLAVÍKURLIÐIÐ:**

| | |
|---|---|
| **DAMON Í SIGURLEIKJUM (8)*** | |
| Stig í leik | 20,1 |
| Skotnýting | 50 prósent |
| Fráköst í leik | 6,9 |
| Stoðsendingar í leik | 2,4 |
| Framlag í leik | 21,9 |
| **DAMON Í TAPLEIKJUM (7)*** | |
| Stig í leik | 9,4 |
| Skotnýting | 29 prósent |
| Fráköst í leik | 6,0 |
| Stoðsendingar í leik | 1,7 |
| Framlag í leik | 9,7 |

**Tölfræði úr Dominos-deildinni*



**ÖFLUGUR** Damon Johnson í leik með Keflavíkurliðinu á móti KR á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 41 árs en samt gríðarlega mikilvægur fyrir Keflavíkurliðið

**KÖRFUBOLTI** Damon Johnson hélt upp á 41 árs afmælið sitt 1. mars síðastliðinn en það er ekki hægt að segja að afmælisdagurinn hafi hægt eitthvað á elsta leikmanni Dominos-deildarinnar.

Damon hefur farið fyrir tveimur sigrum Keflavíkurliðsins síðan og séð til þess að liðið er ekki aðeins gulltryggt inn í úrslitakeppnina heldur á enn þá möguleika á því að vera með heimavallarrétt í átta liða úrslitunum vinni Keflvíkingar Hauka í lokaumferðinni á fimmtudaginn.

Mikilvægi Damons fyrir Keflavíkurliðið er gríðarlegt og það kemur einstaklega vel fram í tölfræðinni í vetur. Damon hefur spilað 15 af 21 leik Keflvíkinga í deildinni á tímabilinu og er með 15,1 stig, 6,5 fráköst og 2,1 stoðsendingar að meðaltali á 27,4 mínútum.

Þetta er mjög flott tölfræði hjá manni á fimmtugsaldri en það er fylgnin milli góðra leikja hans og sigurleikja Keflvíkinga sem er það athyglisverðasta við framgöngu þessa þrefalda Íslandsmeistara.

Keflavík hefur unnið átta leiki sem hann hefur spilað og í þeim hefur Damon skorað 20,1 stig að meðaltali eða 10,7 stigum meira að meðaltali en í þeim sjö leikjum sem hafa tapast með hann innanborðs.

Damon Johnson hefur skorað sextán stig eða meira í níu leikjum í deildinni í vetur og Keflavíkurliðið hefur unnið átta þeirra. Liðið er hins vegar aðeins með 25 prósent sigurhlutfall í þeim tólf leikjum sem Damon hefur annaðhvort ekki verið með eða skorað fimmtán stig eða minna.

Damon glímdi við meiðsli um mitt tímabil en virðist nú kominn á ný í úrslitakeppnisform. - óój

# Ekki einfalt að fá ökuréttindi í Kína

Sölvi Geir Ottesen spilaði sinn fyrsta leik með Jiangsu Guoxin-Sainty í kínversku úrvalsdeildinni í fótbolta um síðustu helgi. Hann segist sjaldan hafa verið betri og ætlar að klára tveggja ára samning hjá liðinu. Líður vel í bakinu og hefur verið meiðslafrír í nokkurn tíma.

**FÓTBOLTI** Sölvi Geir Ottesen, landsliðsmiðvörður í fótbolta, spilaði sinn fyrsta leik fyrir Jiangsu Guoxin-Sainty í kínversku úrvalsdeildinni í fótbolta á laugardaginn þegar liðið tapaði, 2-1, á útivelli gegn Shanghai SIPG.

Sölvi gekk óvænt í raðir kínverska liðsins frá FC Ural í Rússlandi þar sem hann átti hálft ár eftir af samningi. Víkingurinn var í æfingaferð með Ural-liðinu þegar þetta kom upp.

„Ég var á Kýpur þegar ég heyrði af áhuga Kínverjanna. Þetta gerðist mjög hratt. Ég fékk góðan samning og vegna þess, auk fjármálaástandsins í Rússlandi, var ég tilbúinn til að fara eitthvað annað,“ segir Sölvi Geir í viðtali við Fréttablaðið.

„Mér þótti virkilega spennandi að fara til Kína. Það er fínt að fara úr rússnesku í kínversku,“ segir hann og hlær. „Ég á ekki mikið eftir af atvinnumannaferlinum sem er allt í lagi. En það er um að gera að upplifa hitt og þetta núna og eiga sem flestar og bestar minningar eftir ferilinn.“

### Aldrei með í umræðunni

Sölvi upplifði ýmislegt nýtt við Úralfjöllin í Rússlandi. Aðspurður hvort það sé ekki kúltúrsjokk að færa sig enn austar á landakortinu svarar hann: „Ég á erfitt með að átta mig á hvað þetta þýðir.“

Hann segir líf fótboltamannsins einfaldlega svipað hvar sem hann drepur niður fæti. „Þetta er auðvitað öðruvísi, en fótboltinn og allt í kringum hann er svipað og annars staðar. Ég fer á æfingar, fer svo heim og geri eitthvað til að drepa tímann. Fólkið lítur öðruvísi út og maturinn er öðruvísi en annars er þetta alltaf sami pakkinn hvort sem þú ert í Danmörku, Rússlandi eða Kína.“

Miðvörðurinn viðurkennir að erfiðast sé að skilja ekki neitt í neinu. „Félagslega hliðin var önnur í Danmörku. Þar gat maður allavega talað tungumálið og reytt af sér brandara og tekið þátt í umræðunni. Í Rússlandi og Kína veit maður ekkert hvað er að gerast fyrr en túlkurinn mætir. Þetta er reyndar aðeins öðruvísi hérna því ég er með Viðar með mér og get haft gaman af honum,“ segir Sölvi Geir.

### Fær ekki ökuréttindi

Jiangsu Guoxin-Sainty keypti ekki einn Íslending heldur tvo. Liðið fékk til sín framherjann Viðar Örn Kjartansson frá Vålerenga og Sölvi segir þá félagana vera mikið saman.

„Hann heimtar að spila helvítis Creed-lagið sem hann söng inn á plötu hjá Vålerenga trekk í trekk. Ég er orðinn frekar þreyttur á því,“ segir Sölvi léttur.

„Við erum mikið saman. Við hittumst auðvitað á æfingum og svo vorum við herbergisfélagar í þriggja daga ferð til Sjanghæ um daginn. Hann er samt með konuna sína hérna úti.“

Þeir félagarnir búa í um 20 mínútna göngufæri hvor frá öðrum. Aðeins tekur um fimm mínútur að keyra en það er ekkert rosalega líklegt að þeir setjist undir stýri á meðan á dvöl þeirra stendur.

„Maður þarf að læra hluta af kínversku til að fá ökuréttindi hérna. Það þýðir ekkert að sýna bara íslenska ökuskírteinið hérna. Við erum alltaf sóttir á æfingar og keyrðir heim,“ segir Sölvi.

### Kínverjarnir góðir

Gæði fótboltans í Kína og kínversku leikmannanna hefur komið Sölva skemmtilega á óvart. „Þeir eru mjög sprækir en vantar kannski smá meiri fótboltaskilning, sérstaklega í varnarleiknum. Hér eru samt rosalega hæfileikaríkir strákar sem kunna ýmislegt fyrir sér,“ segir hann,

Aðspurður um fyrsta leikinn á Sölvi erfitt með að trúa að hann hafi tapast. Við byrjuðum ekki vel og vorum að missa boltann mikið til að byrja með. Það var smá stress í mönnum. En seinni hluta fyrri hálfleiks og allan seinni hálfleikinn vorum við með tökin á vellinum. Það var grátlegt að skora ekki fleiri en eitt mark. Við áttum það skilið.“

### Klárar samninginn

Sölvi Geir varð 31 árs gamall í byrjun árs. Vegna fjölskylduaðstæðna þarf hann kannski að binda enda á atvinnumannsferilinn fyrr en seinna. Það verður þó ekki strax.

„Ég á nóg eftir. Ég er búinn að vera rosalega góður í skrokknum lengi núna og bakið verið í góðu lagi síðan ég fór til Rússlands. Ég hef sjaldan verið að spila jafn vel en það er af öðrum ástæðum sem ég kem heim fyrr ef svo verður. Ég tel mig samt eiga nóg eftir,“ segir Sölvi.

Hann gerði tveggja ára samning við Sainty og ætlar að klára þann samning. „Það er markmiðið. Ég veit svo ekkert um framhaldið eftir það. Þegar þessi samningur klárast kíkir maður bara á hvernig landið liggur,“ segir Sölvi Geir Ottesen. tomas@365.is



**LÍÐUR VEL** Sölvi Geir hefur það gott í Kína og er að spila vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



## Svekktur ef ég verð ekki valinn

Íslenska landsliðið í fótbolta mætir Kasakstan í lok mánaðarins í mikilvægum leik í undankeppni EM 2016. Sölvi Geir hefur verið fastamaður í landsliðshópnum í mörg ár og Viðar Örn Kjartansson komið inn á síðustu mánuðum eftir að hann fór að blómstra í Noregi.

Sparkspekingar velta sér nú sumir hverjir upp úr því hvort þeir verði valdir eftir að þeir fóru að spila í Kína eða hvort aðrir leikmenn verði teknir inn í hópinn.

„Ég sé ekki af hverju við ættum að vera að gefa eftir landsliðssæti með því að koma hingað. Kínverska deildin er hörkugóð. Hér eru alveg frábærir framherjar þannig að það verður allavega nóg að gera hjá mér,“ segir Sölvi Geir sem viðurkennir að hann verði ekki sáttur verði hann ekki í hópnum sem ferðast til Astana.

„Ég sé ekki neina ástæðu fyrir því að við verðum ekki valdir. Ég held áfram að gera mitt allra besta og verð mög svekktur verði ég ekki valinn í hópinn,“ segir Sölvi Geir.




# Óli er eins og barn að leika sér

Ólafur Stefánsson mun spila með Kolding í Meistaradeildinni gegn Zagreb.

**HANDBOLTI** „Hann hefur litið vel út á æfingum og hefur ekki glatað neinu af leikskilningi sínum,“ segir Aron Kristjánsson, þjálfari Danmerkurmeistara Kolding, en félagið tilkynnti í gær að Ólafur Stefánsson muni spila með því gegn Zagreb í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Fyrri leikur liðanna fer fram í Zagreb um næstu helgi og síðari leikurinn er í Kaupmannahöfn viku síðar.

Ólafur byrjaði að æfa með félaginu í síðustu viku og gengi það vel myndi hann spila. Það er nú ljóst að hann mun gera það enda hefur hann litið vel út á æfingum.

„Hreyfingarnar eru að koma og hann var fljótur að komast inn í spilið hjá okkur. Nú erum við að koma öxlinni á honum í gang. Það er ekkert rosalega mikið dýnamít í öxlinni á honum núna en við erum að ná því upp. Svo þegar hann kemur í leik þá lætur hann frekar vaða. Annars er Óli í flottu formi og þetta lítur vel út. Hann hefur haft mjög gaman af þessu og er eins og barn að leika sér.“

Aron segir að ekki komi til greina að Ólafur beri leik liðsins uppi heldur mun hann leysa Svíann Kim Andersson af hólmi en hann er að spila þó svo hann sé ekki alveg heill heilsu.

„Það væri frábært ef hann gæti tekið tíu mínútur við og við. Hann er reynslumikill og getur komið inn með mörk og sendingar. Auðvitað ró og reynslu líka á erfiðum útivelli,“ segir Aron en hann gæti líka spilað með Ólaf og Andersson saman.

„Kim hefur spilað á miðjunni stundum í vetur og hann gæti vel farið svo að ég prófi það og þá með Óla í skyttunni. Við þurfum að vera á lífi eftir leikinn í Zagreb og ég er bjartsýnn á að það takist enda erum við með reynslumikið lið.“ - hbg



**ÖLLU TJALDAÐ** Aron segir Ólaf vera kláran í slaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Mjög mikið úrval

## - á góðu verði



**UPPLIFÐU ALLA LITI HEIMSINS**

Komdu í vöruhúsið og fáðu innblástur fyrir málningarverkin úr bæklingunum okkar og litaspjöldunum. Líttu á glæsilegan sýningarvegg okkar, þar sem einnig er hægt að fá litasýnishorn til að taka með heim. Við blöndum málninguna í þeim lit sem þú kýst og fagmenntað starfsfólk okkar veitir fúslega góð ráð og leiðbeiningar um málningarvinnuna.



**ATH. 11 LÍTRAR**

Sadolin

**Kampagne extra, 11 l**
Slitsterk málning á stofur og herbergi sem þekur vel. Auðvelt að þrífa og hægt að blanda, gljástig 5.

**8.995,-**



**AÐ EIGIN VALI – 10 L**

**9.995,-**

Sadolin

**A Innimálning mött 5, 10 l**
Heilmött, Svansmerkt innanhússmálning fyrir veggi. Einstök gæðamálning sem er auðveld í notkun og þekur vel.
2,5 lítrar......... 3.995,-

**B Innimálning mött 10, 10 l**
Mött, Svansmerkt gæðainnimálning. Auðveld í notkun, slitsterk og þolir vel hnjask og mikil þrif.
1 lítri ......................... 2.495,-
2,5 lítrar..................... 3.995,-
5 lítrar........................ 5.995,-

**C Innimálning hálfmött 20, 10 l**
Gljástig 20. Hentar á fleti sem þurfa traust, slitþolið yfirborð sem auðvelt er að þrífa. Hvít og má blanda í mörgum litum.
1 lítri ....................... 2.495,-
2,5 lítrar.................... 3.995,-
5 lítrar...................... 5.995,-

**D Innimálning Xtramat, 10 l**
Gljástig 5. Heilmött, rispast ekki auðveldlega og hægt að þrífa af henni erfiða bletti. Hægt að blanda í þúsundum lita.
1 lítri .......................2.495,-
2,5 lítrar....................3.995,-
5 lítrar......................5.995,-



**3.995,-**

Sadolin

**Akrýllakk V super 40, 1 l**
Yfirborðslag eins og málning í úðabrúsa. Gefur slétt og slitsterkt yfirborð og þekur einstaklega vel. Hálfglansandi.

**Akrýlvatnsmálning, 350 ml**
Umhverfisvæn vatnsmálning í úðabrúsa með vanilluilmi, án leysiefna. Margir litir í boði.

**1.395,-**





**Metallic úðamálning, 400 ml**
Margir litir í boði.

**1.395,-**



**Filmur**
Mikið úrval.
45 x 200 cm á rúllu.

**995,-**

67,5 x 200 cm.......1.295,-



**Marmarafilmur**
Filmur með marmaraáferð, í nokkrum litum. 45 x 200 cm.

**995,-**

67,5 x 200 cm.......1.295,-
90 x 200 cm.........1.795,-

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 12. mars til og með laugardeginum 14. mars 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

# BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 kl. 20.05**
**Margra barna mæður**
Vandaður íslenskur þáttur þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en gengur og gerist í dag, fylgist með heimilislífinu og forvitnast um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stórum heimilum.





**GREY'S ANATOMY**
**STÖÐ 2 KL. 20.30** Ellefta röð þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



**THE MIDDLE**
**STÖÐ 2 KL. 19.40** Fjórða syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttafólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.



**HEIMSÓKN**
**GULLSTÖÐIN KL. 19.55** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.

**Bylgjan kl. 16.00**
**Reykjavík síðdegis**
Þorgeir, Kristófer og Bragi með umræðu um þjóðfélagsmálin.








### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Waybuloo
**07.20** Grallararnir
**07.45** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.30** Don't Trust the B*** in Apt 23
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Touch
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.45** The Great Escape
**14.30** The Kennedys
**15.15** The Lying Game
**15.55** Big Time Rush
**16.20** The Goldbergs
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.06** Víkingalottó
**19.11** Veður
**19.20** Anger Management
**19.40** The Middle
**20.05** Margra barna mæður
**20.30** Grey's Anatomy
**21.15** Togetherness
**21.40** Forever
**22.25** Bones
**23.10** Girls
**23.40** The Mentalist
**00.25** The Blacklist
**01.10** The Following
**01.55** Major Crimes
**02.40** I Melt With You
**04.40** The Middle
**05.05** Margra barna mæður
**05.30** Fréttir og Ísland í dag

### SPORT *besta sætið*

**07.00** Meistaradeildin - Meistaramörk
**07.30** Meistaradeildin - Meistaramörk
**08.00** Meistaradeildin - Meistaramörk
**11.15** Liverpool - Blackpool
**13.00** Athletic Bilbao - Real Madrid
**14.40** Þýsku mörkin
**15.10** Ensku bikarmörkin 2015
**15.40** Porto - Basel
**17.20** Real Madrid - Schalke
**19.00** Meistaradeildin - Meistaramörk
**19.30** Chelsea - Paris St. Germain *(B)*
**21.45** Meistaradeildin - Meistaramörk
**22.15** Bayern Munchen - Shakhtar D.
**00.05** Chelsea - Paris St. Germain
**01.55** Meistaradeildin - Meistaramörk

### SPORT 2 *enski boltinn*

**12.00** Hull - Sunderland
**13.45** Liverpool - Man. City
**15.25** Newcastle - Man. Utd.
**17.10** Arsenal - Everton
**18.55** WBA - Southampton
**20.40** Football League Show 2014/2015
**21.10** QPR - Tottenham
**22.55** Man. City - Leicester

### ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

### STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Hot in Cleveland
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**20.30** Baby Daddy
**20.55** The Gates
**21.40** Arrow
**22.20** Sleepy Hollow
**23.05** Supernatural
**23.45** Hart of Dixie
**00.30** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**01.15** Baby Daddy
**01.35** The Gates
**02.20** Arrow
**03.00** Sleepy Hollow
**03.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Latibær **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumparnir **09.25** Skógardýrið Húgó **09.47** Tommi og Jenni **09.53** Sumardalsmyllan **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Latibær **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Skógardýrið Húgó **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Sumardalsmyllan **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Latibær **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Skógardýrið Húgó **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Sumardalsmyllan **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Puss N'Boots **20.20** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**18.25** Friends
**18.50** New Girl
**19.10** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men
**19.55** Heimsókn
**20.15** Sælkeraferðin
**20.35** Chuck
**21.20** Cold Case
**22.00** Game of Thrones
**22.55** 1600 Penn
**23.20** Ally McBeal
**00.05** Vice
**00.35** Heimsókn
**00.55** Sælkeraferðin
**01.15** Chuck
**02.00** Cold Case
**02.40** Game of Thrones
**03.30** 1600 Penn
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**11.40** Thunderstruck
**13.15** The Magic of Bell Isle
**15.05** Big
**16.50** Thunderstruck
**18.25** The Magic of Bell Isle
**20.15** Big
**22.00** Wrath of the Titans
**23.40** The Lucky One
**01.20** Giv'em Hell Malone
**03.00** Wrath of the Titans

### RÚV

**16.35** Mánudagsmorgnar
**17.20** Disneystundin
**17.21** Gló magnaða
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Fínni kostur
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Heilabrot
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Gettu betur
**21.25** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Á spretti
**22.40** Gyðingar og múslimar
**23.35** Ást í meinum
**00.20** Kastljós
**00.45** Fréttir
**01.00** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.50** Cheers
**15.15** Parenthood
**15.55** Minute to Win It
**16.40** The Biggest Loser – Ísland
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** The Millers
**20.10** Svali & Svavar
**20.45** Benched
**21.05** Remedy
**21.50** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show
**23.15** How to Get Away with Murder
**00.00** How to Get Away with Murder
**00.45** Remedy
**01.30** Blue Bloods
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2015
**08.50** PGA Tour 2015 - Highlights
**09.45** World Golf Championship 201
**15.45** Golfing World 2015
**16.35** PGA Tour 2015 - Highlights
**17.30** Inside the PGA Tour 2015
**17.55** Golfing World 2015
**18.45** World Golf Championship 201
**23.35** PGA Tour Latinoamerica

### HRINGBRAUT

**11.00** Atvinnulífið **11.30** Neytendavaktin
**12.00** Atvinnulífið **12.30** Neytendavaktin
**13.00** Atvinnulífið **13.30** Neytendavaktin
**14.00** Atvinnulífið **14.30** Neytendavaktin
**17.00** Atvinnulífið **17.30** Neytendavaktin
**18.00** Atvinnulífið **18.30** Neytendavaktin
**19.00** Atvinnulífið **19.30** Neytendavaktin
**20.00** Atvinnulífið **20.30** Neytendavaktin
**21.00** Mannamál **21.30** Heimsljós **22.00** Mannamál **22.30** Heimsljós **23.00** Mannamál **23.30** Heimsljós

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Meðal viðskipta-
vina Yuasa eru:

MAZDA
BMW
TATA
Mercedes-Benz
SUBARU
ISUZU
MITSUBISHI MOTORS
GM
SUZUKI
TOYOTA
HONDA
KIA
NISSAN
SSANGYONG
DAIHATSU
HYUNDAI
Hino
PSA PEUGEOT CITROËN

# Yuasa original rafgeymar

**Það er engin tilviljun að flestir bílaframleiðendur í heiminum kaupa Yuasa rafgeyma.**




YUASA
GÆÐI, ÖRYGGI OG ENDING

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

## MORGUNMATURINN



**„Vatn, lýsi, nokkrar möndlur og kaffi. Í þessari röð. Stundum egg. Annars er morgunmatur ofmetið dæmi sem Kellogg's og Nestlé hafa náð að ljúga að okkur að sé mikilvægasta máltíð dagsins.“**

Steinþór Helgi Arnsteinsson, annar dómara og spurningahöfunda í Gettu betur.

# Kría og Aftur hanna saman skart

Af tilefni HönnunarMars hanna vinkonur endurvinnanlegt hálsmen saman.

Skartgripamerkið Kría og fatamerkið Aftur senda frá sér einstakan skartgrip fyrir HönnunarMars. Um er að ræða hálsmen og á því hanga litlir gripir úr eldri línum frá Kríu á handperlaðri silfurkeðju.

„Það er mikil hugsun á bak við þetta hjá okkur. Pælingin er að nota formin aftur og setja þau saman á nýjan hátt,“ segir Jóhanna Metúsalemsdóttir, hönnuður hjá Kríu. Línan er öll steypt úr endurunnum málmi. „Aftur er þekkt fyrir það að endurvinna fatnað og ég er farin að vinna eingöngu með endurunninn málm. Við Bára Hólmgeirsdóttir hjá Aftur erum góðar vinkonur og okkur hefur lengi langað að hanna eitthvað saman,“ segir hún.

**„Það er mikil hugsun á bak við þetta hjá okkur. Pælingin er að nota formin aftur og setja þau saman á nýjan hátt.**

Jóhanna segist eingöngu vinna með endurunninn málm núna. „Það er sífellt vinsælla í tískubransanum að nota hann og mjög margir skartgripasteyparar í New York, þar sem ég bý, eru farnir að nota slíkan málm.“

Hálsmenið verður framleitt í takmörkuðu upplagi og kemur í verslun Aftur á morgun klukkan 17, ásamt nýrri línu frá Kríu, Incarnation. Menið verður svo til sölu í Aftur yfir HönnunarMars.

- asi



**KRÍA** Nýja línan Incarnation verður einnig til sýnis. MYND/ELÍSABET DAVÍÐS.

Heilsudýnan sem lætur þér og þínum líða vel!



FERMINGAR-TILBOÐ

Frábært verð!



PLATINIUM 100X200 AÐEINS KRÓNUR 67.425 FERMINGAR-TILBOÐ

GOLD 120X200 AÐEINS KRÓNUR 89.925 FERMINGAR-TILBOÐ

GAFL SELDUR SÉR

Charlotte Julien Dream your world

25%

FERMINGARAFSLÁTTUR AF C&J HEILSURÚMUM

| Tegund | Stærð | Dýna og Classic-botn | Fermingar-tilboð |
|---|---|---|---|
| C&J Platinum | 100x200 | 89.900 kr. | 67.425 kr. |
| C&J Platinum | 120x200 | 99.900 kr. | 74.925 kr. |
| C&J Platinum | 140x200 | 114.900 kr. | 86.175 kr. |
| C&J Gold | 90x200 | 96.900 kr. | 72.675 kr. |
| C&J Gold | 100x200 | 104.900 kr. | 78.675 kr. |
| C&J Gold | 120x200 | 119.900 kr. | 89.925 kr. |
| C&J Gold | 140x200 | 139.900 kr. | 104.925 kr. |

Betra BAK Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is





# Magabeltið sem á að minnka mittismálið

Waist trainer eða mittisþjálfi hefur upp á síðkastið notið mikilla vinsælda hjá stjörnum og líkamsræktarfólki erlendis. Nú virðist bólan vera komin til landsins.

Fyrirbærið mittisþjálfi eða Waist trainer er nýjasta æðið í líkamsræktarheiminum úti í heimi. Um er að ræða mittisbelti sem minnir á korselett og er krækt saman að framan.

Samkvæmt leiðbeiningum á að nota beltið í tvo tíma á dag til að byrja með og lengja svo tímann eftir því hvað líkaminn þolir. Dæmi eru þó um að stúlkur hafi verið með beltið samfleytt í 23 tíma og þá sofið með það. Einnig á að vera gott að nota beltið á æfingu til að veita stuðning við bak. Ekki er mælt með því að nota beltið ef viðkomandi stundar ekki líkamsrækt.

Skiptar skoðanir eru um tilgang beltisins, hvort hann sé að veita stuðning við bak eða hjálpa til við að ná réttri líkamsstöðu. En eins og nafnið gefur til kynna þá á beltið með tímanum að minnka mittismál og gefa svokallaðan stundaglasvöxt með því að slaka á oblique-vöðvum eða hliðarkviðvöðvunum. Svo er hægt að þrengja beltið eftir því sem mittið minnkar.

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian setti mynd af sér í haust inn á samfélagsmiðilinn Instagram þar sem hún lofaði Waist trainer í hástert og sagði það notkun hans að þakka að hún væri með grennra mitti núna.

adda@frettabladid.is



**Alexandra S. Nikulásdóttir**

### Matarræðið mikilvægara

„Það er mikið verið að spyrja okkur um þetta, hvort þetta virki,“ segir Alexandra Sif Nikulásdóttir, fjarþjálfari hjá Betri árangri og fitnesskeppandi.

„Við erum öll ólík og ég tel að mjótt mitti komi fyrst og fremst frá náttúrunnar hendi. Auðvitað er alltaf gott að hafa stuðning við bakið á æfingum, en til þess eru til öðruvísi belti, sem þú ert ekki með alla æfinguna. Að mínu mati er þetta kannski fullmikið til að nota á heilli æfingu. Þú lítur út fyrir að vera með grennra mitti þegar þú ert með þetta á þér, en ég mæli heldur með að hreinsa til í mataræðinu og æfa samhliða því heldur en að treysta á þetta.“



**Margrét Gnarr**

### Vont fyrir jafnvægið

„Ég prófaði þetta sjálf í þrjár vikur og notaði á æfingum. Ég var ekki að þrengja þetta þannig,“ segir Margrét Gnarr, fitness-keppandi og fjarþjálfari. „Það sem þetta á að gera er að slaka á hliðarkviðvöðvunum, þannig að þú sért ekki að nota þá, og þess vegna prófaði ég þetta. Þetta hentaði mér ekki því mér fannst þetta hafa vond áhrif á jafnvægið hjá mér, sem hliðarvöðvarnir hjálpa til með,“ segir Margrét sem hætti notkun eftir þessar þrjár vikur. Hún segist hafa heyrt sögur af því að stelpur hér heima hafi verið að þrengja beltið mikið í þeim tilgangi að minnka mittið enn meira. „Ég held að það sé ekki sniðugt að þrengja þetta mikið, það getur haft áhrif á líffæri og rifbein.“

eivor




# ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

## Gamla bíói, 25. apríl

**MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10!**

RÁS 2

MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/EIVOR2015

sena

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kemst í þáttinn vegna meiðsla

**Jón Ragnar Jónsson,** tónlistar- og fótboltamaður, meiddist á dögunum í leik FH á móti Víkingi Ólafsvík í Lengjubikarnum. Meiðslin urðu þess valdandi að Jón kemst ekki með liðsfélögum sínum í keppnisferð til Spánar. Það er þó lán í óláni að vegna meiðslanna nær Jón því að vera í fyrsta þætti undanúrslitanna í Ísland got talent en til stóð að hann yrði á Spáni. Hann er einn dómara í þættinum og eflaust gleðjast einhverjir aðdáendur þáttanna yfir því að dómarasveitin verði fullskipuð fyrsta undanúrslitakvöldið.



- vh

### Mættur í Mjölni

Vonarstrætisleikarinn **Þorvaldur Davíð Kristjánsson** hefur sést að undanförnu við æfingar í bardagaklúbbnum Mjölni, sem er á góðri leið með að verða einn vinsælasti staðurinn til að stunda líkamsrækt á höfuðborgarsvæðinu. Hvort bardagaþjálfunin er fyrir nýtt kvikmyndahlutverk eða eingöngu til gamans og heilsubótar gerð er þó ekki vitað. Um þessar mundir er Þorvaldur Davíð að leikstýra söngleiknum Saturday Night Fever í uppsetningu Verslunarskóla Íslands.



- asi

## Mest lesið VÍSIR

1 Má ekki heita Alex Emma: „Þurfum að borga þar til við finnum nafn sem ríkinu þóknast“
2 Silfurdrengir selja Zinzino
3 Hviður allt að 55 metrum á sekúndu: „Einum gír ofar en venjulegur stormur“
4 Líkfundur við Sæbraut
5 Kári Stefánsson dæmdur til að greiða túnþökuvinnslu
6 Askja Bárðarbungu byrjuð að rísa á ný?




